

SYSTKINI Í TÓNLIST ▶40



Brynja Davíðsdóttir
STOPPAR UPP FUGLA ▶34



Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka



Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

1. nóvember 2014
257. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

ÍHUGAR FORSETA- FRAMBOÐ

Samkvæmt könnun
Fréttablaðsins nýtur
Jón Gnarr yfirburðastuðnings
sem næsti forseti Íslands.
Hann er snortinn og þykir vænt
um hve margir hugsa til hans.
Næsta skref er að halda
fjölskyldufund.

▶28



ALDREI VERIÐ KRÖFTUGRI
Jón Óskar leggur undir sig
Listasafn Íslands. ▶32



Gísli Egill
og Inga Elsa
**UPPLIFUN Í
SVEITASÆLU** ▶42

SLASH

Man óljóst
eftir Íslandi.
▶72



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Næsta bylgja
sjónvarpa
er komin

innovation #you

PHILIPS

með Android

Heimilistæki ht.is

**ALLA
HELGINA**

**VETRAR
FJÖR**

SKOÐAÐU
TILBOÐIN
Á BLS. 14-17

SMÁRALIND

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

VERTU VELKOMIN

OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG

GLEÐIFRÉTTIN

Stórsigur gegn Ísrael í Höllinni

Íslenska karlalandsliðið í handbolta vann sautján marka sigur í fyrsta leik liðsins gegn Ísrael í Laugardalshöllinni á þriðjudag. Var þetta fyrsti leikur Íslands í undankeppni Evrópumóts landsliða í handknattleik.

„Við sættum okkur við svona frammi-stöðu og sautján marka sigur. Ég hafði mestar áhyggjur af varnarleiknum fyrir leikinn, en strákarnir svöruðu vel fyrir sig,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Íslands, ánægður með úrslit leiksins.



FIMM Í FRÉTTUM OPNUÐ SENDIBRÉF OG ENGAR GJAFIR



Birgitta Jónsdóttir alþingismaður vill að fjármálaráðherra upplýsi hversu mörg sendibréf til fólks stjórnvöld láta opna og hvaða heimild þau hafi til þess.



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir afar krefjandi verkefni eftir átuga hallarekstur að koma skikki á rekstur bæjarsjóðs. Skuldir bæjarins nema 40 milljörðum króna.



Ástu Gunnlaugsdóttir var gert með dómi Hæstaréttar að afhenda börn sín föður þeirra í Bandaríkjunum. Ásta segir börnin hafa búið við slæman kost ytra og kveðst óttast um velferð þeirra.



Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins, komst ekki á kvikmyndina Samsuðu, sem fjallar um samstarf fatlaðra og ófatlaðra listamanna, því ekki er aðgengi fyrir fatlað fólk í Bíói Paradís.

Eva Ó. Hjaltadóttir, sem er 72 ára, segist ekki hafa efni á nauðsynjavörum. Það eigi við um fjölda eldri borgara. Sárást sé að geta ekki gefið barnabörn-unum af-mælis- og jólagjafir.



ELDHAF Fjöldi Palestínnumanna særðust í átökunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Palestínnumenn særðust í átökum í Qalanda: Barist með logandi dekkjum

PALESTÍNA Andófsmaður úr röðum Palestínnumanna hendir logandi dekki í baráttu við ísraelskar öryggisveitir í Qalanda, sem er á milli Ramalla og Jerúsalem. Mikil átök geisnuðu í Qalanda í gær og að minnsta kosti átta Palestínnumenn særðust. Þá þurftu margir Palestínnumenn að leita sér hjálpar eftir að ísraelsku öryggisveitirnar beittu táragasi gegn þeim.

-jhh

Svar við fyrirspurn Össurar: 33 í fleiri en einu máli

DÓMSMÁL 213 einstaklingar hafa fengið réttarstöðu sakbornings hjá embætti sérstaks saksóknara án þess að rannsókn viðkomandi máls hafi leitt til ákæru á hendur þeim. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinsonar um stöðu manna sem grundaðir eru um refsiverða háttsemi í skilningi 1. greinar laga um embætti sérstaks saksóknara. Í svarinu kemur fram að 72 hafi nú réttarstöðu sakbornings hjá sérstökum saksóknara. Þar af eru 33 í fleiri en einu máli.

-skh

Nefnd forsætisráðherra: Spurningalisti til sveitarfélaga

SVEITARSTJÓRNIR Formaður nefndar sem forsætisráðherra skipaði til að sporna gegn því að sjálfvirkar verðhækkningar leiði til verðbólgu hefur sent sveitarfélögum spurningalista.

Safna á upplýsingum um hvernig staðið sé að verðhækkunum á opinberum gjaldskrá og þjónustusamningum. Skoða á með hvaða hætti tenging skammtímasamninga við vísu og sjálfvirkar verðhækkningar „kynda undir verðbólgu og hvaða leiðir eru færar til að minnka áhrif verðtrygðra samninga“.

-gar

Glitnir langt kominn í stefnugerð gegn ríkinu

Ríkisskattstjóri hefur lagt bankaskatt á þrotabú gömlu bankanna í fyrsta sinn. Alls greiða þau tæplega 35 milljarða í opinber gjöld. Glitnir hyggst stefna ríkinu og láta reyna á lögmæti skattlagningarinnar. Hin þrotabúin tvö hyggjast bíða og sjá til.

EFNAHAGSMÁL Slitastjórn Glitnis hf. hyggst stefna ríkinu vegna álagningar bankaskattsins svokallaða sem hefur verið lagður á fyrirtæki í slitameðferð í fyrsta sinn. Þetta staðfestir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, í samtali við Fréttablaðið.

„Skatturinn kemur til greiðslu núna í nóvember, við munum greiða hann með fyrirvara um að það verði látið reyna á lögmæti hans,“ segir Steinunn. Hún segir undirbúning að stefnugerð slitastjórnarinnar langt kominn og gerir ráð fyrir að hún verði birt ríkinu öðrum hvorum megin við áramótin.

Slitastjórnir Landsbankans hf. og Kaupþings hf. munu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki hafa tekið ákvörðun um hvort farið verði að fordæmi Glitnis eða beðið eftir niðurstöðu í því máli sem líklegast væri fordæmisgefandi.

Þrotabúin greiða samtals tæplega 35 milljarða í opinber gjöld á þessu ári og eru meðal fimm gjaldhæstu lögaðila landsins, ásamt Ríkissjóði og Landsbankanum hf. Heildarálagning á lögaðila nemur rúmlega 181 milljarði króna sem er hækkun frá því í fyrra um 49,3 prósent. Hækkun á fjárhæð sérstaks skatts á fjármálafrumvarp er 3.292 prósent frá því í fyrra en samtals innheimtir ríkisskattstjóri rúmlega 35 milljarða í þennan skatt.

Þegar ákveðið var að breyta skattinum á þá leið að hann næði einnig til þrotabúa gömlu bank-



DEILT UM LÖGMÆTI SKATTHEIMTU Bankaskatturinn á að hluta til að standa undir skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

anna kom fram í greinargerð með breytingarlögum að engin rök væru talin til standa þess að þau skyldu undanþegin þessari skattlagningu, meðal annars í ljósi þess gríðarlega kostnaðar sem íslenska þjóðarbúið hefði orðið fyrir vegna gjaldþrota gömlu bankanna.

Í umsögn slitastjórnar Glitnis við frumvarp til breytinganna segir að hún telji lagasetninguna brjóta í bága við ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar, þar á meðal eignarréttarákvæðið og sé bæði ómálefnaleg og órókrétt.

Hluta af bankaskattinum á að nota til að greiða fyrir skuldalækkunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru í nóvember í fyrra.

fanney@frettabladid.is



Við munum greiða hann með þeim fyrirvara að við látum reyna á lögmæti hans.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis.

→ Álagning á þrotabú gömlu bankanna

Kaupþing hf.	14.644.588.444 kr.
Glitnir hf.	11.892.915.408 kr.
LBI hf.	7.964.176.081 kr.
Samtals	34.501.679.933 kr.

BSRB segir að skattahækkningar muni frekar skila sér í verðlag en lækkunar:

Segja reikninga í fjárlögum ranga

EFNAHAGSMÁL BSRB hefur sent Alþingi umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt og fleira þar sem fram kemur að útreikningar í fjárlagafrumvarpinu standast ekki. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að skattabreytingarnar skili sér að fullu út í verðlag, bæði hvað varðar lækkunar og hækkunar.

Vitnað er til rannsóknar um áhrif gengis-sveiflna á verðlag, þar sem fram kemur að styrking krónunnar hafi minni áhrif en veiking.

„Yfirfært á þær breytingar sem nú stendur til að gera þá bendir þetta til þess að skattahækkningar muni skila sér betur út í verðlag en skattalækkningar,“ segir í umsögninni. Áhrif gengisbreytinga á vöruflokka sé mismunandi. Áhrif af styrkingu séu hverfandi þegar kemur að heimilis-tækjum, viðhaldi heimilis og raftækjum.

Í umsögninni segir að þar sem fyrrgreindar skattabreytingar virki að mjög miklu leyti á sama hátt og gengisbreytingar gefi samanburðurinn vísbendingar um raunveruleg áhrif skattabreytinganna á verðlag. BSRB segir að dæmi fjárlagafrumvarpsins um áhrif breytinganna á mismun-



ÓFULLKOMNIR ÚTREIKNINGAR BSRB vill að hætt verði við breytingar á virðisaukaskattkerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

andi fjölskyldur séu ófullkomin og byggist ekki á heildarútgjöldum heimilanna í hvoru skattþrepi.

Lagt er til af hálfu BSRB að hætt verði við þessar breytingar þar til áhrif þeirra hafi verið skoðuð mun betur.

-fbj

TILBOÐSDAGAR Í AUGASTAÐ

Tilboðið gildir 30. okt.-4. nóv.



15-80%
afsláttur af
umgjörðum

MJÓÐDIN
Álfabakka 14
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Fjarðargötu 13-15
Sími 555 4789


SELFÖSS
Austurvegi 4
Sími 482 3949

augastaður
Glæraugnaverslunin þín

KAMP KNOX

„Konungur íslenskra sakamálasagna.“

FINANCIAL TIMES



Fólk vill ekki kannast við suma staði.
Vill ekki muna þá.




VAKA-HELGAFELL



25.10.2014 → 31.10.2014

65 KM²

er stærð hraunsins sem hefur runnið í eldgosinu í Holuhrauni síðustu tvo mánuði. Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur telur eldgosin einstakt á heimsvísu, hvernig sem á það sé litið.



830 MILLJÓNIR

króna er sagður hagnaður formanns FME, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur, á sölu bréfa í Skeljungi. Hún þvertur fyrir að hafa átt hlut í Skeljungi.



900 LÆKNAR

lögðu niður vinnu í vikunni í verkfallsaðgerðum Læknafélags Íslands. Hundruðum aðgerða hefur nú þegar verið frestað vegna verkfallsins.



53% landsmanna vilja frjálsum innflutning landbúnaðarafurða til landsins. Fleiri konur en karlar eru á móti frjálsum innflutningi.


100

MILLJÓNIR

eru áætlaðar í kostnað við fyrirbyggjandi aðgerðir Landspítalans vegna hugsanlegs ebólusmits á Íslandi.

13 af 130

stærstu bönkum Evrópu eru vanbúnir til að standast áföll á fjármálamörkuðum og standast ekki álagsþróf. Tólf aðrir bankar höfðu einnig fallið á prófinu en hafa barið í brestina.



20 nýir strætisvagnar munu bætast í flota Strætó bs. á næstu misserum. Um er að ræða umhverfisvænni strætisvagna sem munu auka þjónustu Strætó til muna.



SÓLHEIMAR Mögulegt kynferðisbrot gegn fatlaðri konu á Sólheimum er til rannsóknar.

Rannsókn á frumstigi:

Kynferðisbrot til rannsókna

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi er með til rannsóknar ábendingu sem henni barst um mögulegt kynferðisbrot gegn fatlaðri konu á Sólheimum. Þetta staðfestir Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn hjá lögreglunni á Selfossi, í samtali við fréttastofu, en DV greindi fyrst frá málinu í gær. Rannsókn málsins er á frumstigi og hefur staðið yfir í um þrjár vikur. Maðurinn mun ekki vera starfsmaður á Sólheimum.

Skoða meint brot á lögum í gerð fjárhagsætlunar 2013

Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga ætlar að skoða meint brot Reykjanesbæjar á sveitarstjórnarlögum. „Munum ekki líta framhjá lögbrotum, hafi þau verið framin,“ segir Þórir Ólafsson, formaður eftirlitsnefndar.

STJÓRNSÝSLA Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur óskað eftir fundi við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga vegna ummæla formanns nefndarinnar þess efnis að nefndin hafi fengið rangar upplýsingar frá bæjaryfirvöldum á sínum tíma. Verið er að skoða meint brot bæjarstjórnar Reykjanesbæjar á sveitarstjórnarlögum.



ÞÓRIR H. ÓLAFSSON formaður eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga

Síðla árs 2012 samþykkti meirihluti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Sú áætlun hljóðaði upp á um 6,9 milljarða útgjöld bæjarfélagsins í nokkrum málaflokkum. Þetta er eina samþykkt áætlunin fyrir árið 2013. Þessi áætlun stemmir ekki við þá áætlun sem birtist í ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið. Áætlunin hafði í milliðinni bólgnað út um heilar 847 milljónir króna.



FRÍÐJÓN EINARSSON formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar

„Við munum ekki líta fram hjá brotum á sveitarstjórnarlögum hafi þau verið framin. Við munum taka málið til skoðunar innan nefndarinnar,“ segir Þórir Ólafsson, formaður eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga. Ad öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið en sagði að fjöldi bréfa hefði verið sendur milli eftirlitsnefndar og Reykjanesbæjar síðustu misseri.

ÚTGJÖLD REYKJANESBÆJAR

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, samþykkt í desember 2012:

6.961 MILLJÓNIR

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 samkvæmt ársreikningi fyrir 2013:

7.686 MILLJÓNIR*

Raunútgjöld bæjarfélagsins árið 2013:

8.534 MILLJÓNIR

* Enga viðauka er að finna í samþykktum bæjarstjórnar um þessa 725 milljóna króna hækkun frá áætluninni sem samþykkt var í desember 2012.

Í sveitarstjórnarlögum er ítarlega gerð grein fyrir hvernig fara eigi með fjárheimildir sveitarfélaga. í 62. grein segir að fjárhagsáætlunir næsta árs skuli fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til.

Í 63. grein sömu laga segir að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum og eða útgjöldum.

Í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar um rekstur Reykjanesbæjar segir: „Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra og fjármálastjóra var enginn viðauki samþykktur við fjárhagsáætlun ársins 2013.“

Fjárhagsáætlunin sem birtist í



REYKJANESBÆR Fjárhagsáætlun bæjarins 2013, sem samþykkt var í bæjarstjórn, hækkaði um tæpar 850 milljónir án þess að fyrir því væri samþykki bæjarstjórnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á sér allt eðlilegar skýringar

Árni Sigfússon, fyrrverandi bæjarstjóri Reykjanesbæjar, telur að eðlilegar skýringar séu fyrir því að viðaukar hafi ekki verið samþykktir í sveitarstjórn Reykjanesbæjar. „Menn voru að þreifa sig áfram með vinnubrögð í kringum þessar reglur sem hafa verið settar. Það er þannig að þessar reglur eru tiltölulega nýjar þannig að menn hafa verið að velja fyrir sér með hvaða hætti eigi að gera grein fyrir þeim breytingum innan ársins og hvernig eigi að vinna með þær,“ segir Árni.

ársreikningi er því nærri 850 milljónum króna hærri en bæjarstjórn samþykkti.

„Við höfum óskað eftir fundi með eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga vegna málsins. Okkur finnst einnig mjög alvarlegt að heyrja þá ásökun að Reykjanesbær hafi ekki sýnt rétta stöðu sveitarfélagsins. Það hefði verið óskandi ef eftirlitsnefndin hefði getað stöðvað óráðsúna fyrir. Þá væri staðan nú mun

betri,“ segir Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar.

Þegar hann er spurður út í möguleg brot á sveitarstjórnarlögum telur hann sig ekki vera manninn sem segja eigi til um hvort það sé rétt. „Það er eftirlitsnefndarinnar að segja til um það og ef þeir telja misbrest vera á þá hljóta þeir að gera athugasemdir við það og senda það til innanríkisráðuneytisins,“ segir Friðjón. sveinn@frettabladid.is

Sveitarfélagsstarmenn: Bannað að fara í ferð til miðils

SVÍPJÓÐ Þrjátíu opinberir starfsmenn í sveitarfélaginu Álshult í Svíþjóð ætluðu í skemmtiferð til miðils til þess að ná sambandi við látna. Samkvæmt frétt á vef Dagens Nyheter brást starfsmannastjórnin ókvæða við og bannaði að ferðin yrði farin í nafni sveitarfélagsins.

Tekið er fram að ekki hafi átt að fjármagna ferðina til miðilsins með opinberu fé, heldur hafi staðið til að þátttakendur greiddu skemmtiferðina úr eigin vasa. -ib

LEIÐRÉTT

Missagt var í leikdómi að lýsingin í leiksyningunni Lífið væri í höndum Helgu Arnalds. Rétt er að Björn Bergsteinn Guðmundsson hannar lýsinguna.

Ný ferð hjá VITA í vetur
Kanarí og Brighton 26. nóv. til 7. des.

Verð frá **149.900 kr.*** og 12.500 Vildarpunktar á mann m.v. 2 í íbúð með 1 svefnherbergi á Kanarí og tvíbyli með morgunverði í Brighton.

*Verð án Vildarpunkta 159.900 kr.

Slakaðu á í sólinni og kláraðu jólaínnkaupin


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA Skógarhlíð 12 Sími 570 4444

Flugið með Icelandair

VITA er lífið

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



NA-HVASSVIÐRI EÐA STORMUR NV-til í dag og NV- og V-lands á morgun. Úrkoma um allt land í dag en dregur heldur úr S-til í framhaldinu. Hiti 2-9 stig í dag. Kólnar svo heldur í veðri með sjókomu eða eljum N- og A-lands á mánudag.

AuglýsingaEldir Fréttablaðsins - Auglýsingastjóri: Jón Laufdal jlon@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Lailla Awad lailla@365.is, Sværrir Birgir Sværirsson sværir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

LED ÚTI- OG INNISERÍA

999 kr

~~1.990~~

40 LJÓSA

litir: hlýtt hvítt, kalt hvítt



14500023/26

VIÐ ELSKUM JÓLIN

FRUMSÝNUM JÓLIN

OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI

HELGARTILBOÐ

Seriunef LED úti/inni
hvítar, rauðar, marglitar

3.990 kr

~~5.990~~

HELGARTILBOÐ

Innisería 20 LED
raflöðu hvítar, rauðar, marglitar

599 kr

~~799~~

HELGARTILBOÐ

Gluggaljós

1.490 kr

~~1.990~~

HELGARTILBOÐ

Ljósahringur

3.990 kr

~~4.990~~

Russell Hobbs



25%
AFSLATTUR
allar vörur frá
Russell Hobbs

Hraðsuðukanna
Flame Red
1840346 **8.840 kr**
~~11.790 kr~~

Brauðrist
Flame Red
1840347 **7.980 kr**
~~10.650 kr~~

Kaffivél Flame Red
1.7 ltr.
1840345 **9.590 kr**
~~12.790 kr~~

HELGARTILBOÐ



Aðventuljós

1.490 kr

~~1.990~~

Aðventuljós
4 litir
14500400-3

HELGARTILBOÐ



Jólastjarna

1.490 kr

~~1.690~~



JÓLALANDIÐ
í Blómavali Skútuvogi

ÍS AÐEINS
150kr

í Kaffi Garði laugardag

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Tilboð gilda aðeins laugardag og sunnudag eða á meðan birgðir endast.

ÚTSÖLUMARKAÐUR

JAMES & NICHOLSON Fákafeni 11 BÁTÍK



5.500,-

3.500,-

Opið alla virka daga frá kl. 13:00 - 18:00
og Laugardaga frá kl. 11:00 - 16:00

sala@batik.is - Sími: 557 2200 - www.batik.is

Breytingar gerðar á skipulagi forystu Sjálfstæðisflokksins á flokksráðsfundi:

Aðeins einn gefið kost á sér

STJÓRN MÁL Flokksráðsfundur Sjálfstæðisflokksins fer fram í dag þar sem miðstjórn flokksins mun leggja til að embætti 2. varaformanns Sjálfstæðisflokksins verði lagt niður en þessi í stað verður ritari kjörinn. Kosið verður um embættið á fundinum.

Guðlaugur Þór Þórðarson ætlar að gefa kost á sér í embættið. Þá hefur fólk innan Sjálfstæðisflokksins skorað á Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerði, að bjóða fram krafta sína. Einnig hefur

verið skorað á Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, laganema og fyrrverandi formann Heimdalls, að bjóða sig fram gegn Guðlaugi Þór.

Einungis einn maður hefur gegnt embætti 2. varaformanns flokksins, en það er Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

Aldís og Áslaug Arna staðfestu báðar við Vísi í gær að fólk hafi komið að máli við þær og hvatt þær til að gefa kost á sér. Hvorug þeirra hyggst svara kallinu.

- ktd



ÁHUGASAMUR Guðlaugur Þór Þórðarson hefur verið nefndur sem ritari Sjálfstæðisflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BIRTA Þessi mynd af Birtu Möller Óladóttur var tekin fyrir tveimur árum þegar hún var tveggja ára.

Fóstureyðing í öllum greindum tilvikum

Alls greindust 38 tilvik af Downs-heilkenni við fósturskimun við 12 vikna meðgöngu á árunum 2007 til 2012. Öllum fósturunum var eytt. Sláandi en kemur ekki á óvart, segir Jóna Ásmundsdóttir, formaður Félags áhugafólks um Downs.

SAMFÉLAG Á árunum 2007 til 2012 endaði meðganga í 83 tilfellum með fóstureyðingu vegna litningagalla sem greindist við fósturskimun við 12 vikna meðgöngu. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur alþingismanns um fósturgreiningar.

Á þessum árum greindust alls 49 tilvik af litningagöllum öðrum en þrístæðu 21 sem veldur Downs-heilkenni. Í 45 tilfellum endaði meðganga með fóstureyðingu. Alls greindust 38 tilvik af þrístæðu 21 við 12 vikur. Allar meðgöngurnar enduðu með fóstureyðingu.

Þetta kemur Jónu Maríu Ásmundsdóttur, formanni Félags áhugafólks um Downs-heilkenni, ekki á óvart. „En það er sláandi að öllum þessum börnum skuli vera eytt. Það eiga allir að vera eins, og steypitir í sama mót. Fólk er hrætt við eitthvað sem er öðru vísi en sem betur fer eru ekki allir eins. Það er rosalega skrytið að þess-



JÓNA MARÍA ÁSMUNDSDÓTTIR

ir 38 einstaklingar skyldu ekki kynna sér málið hjá okkur. Ég gekk í félagið fyrir fjórum árum þegar dóttir mín fæddist með Downs-heilkenni. Ég hef aldrei fengið símtal frá fólkum sem vill fá fræðslu hjá okkur. Fólk lítur á það sem eitthvað skelfilegt að eignast svona barn en það er það ekki,” segir Jóna María og bætir því við að spyrja megi hvort það sé siðferðislega rétt að geta sigtað út og eytt. Hún tekur það þó fram að hún dæmi engan.

Sjálf kveðst hún hafa ákveðið að fara ekki í frekari rannsóknir þegar hún fékk að vita við 12 vikna meðgöngu að auknar líkur væru á að barnið sem hún gengi með væri með Downs-heilkenni. „Heilbrigðisstarfsmenn ýttu á mig að fá staðfestingu með frekari rannsókn en ég ákvað að gera það ekki.“

Í svari heilbrigðisráðherra kemur fram að verðandi foreldrum sé boðin ráðgjöf ljósmæðra og lækna fósturgreiningardeilda þegar fósturgreining leiðir í ljós að fóstur er með litningafrávik. Einnig sé boðin ráðgjöf hjá erfðaráðgjafa og erfðalækni. Óski þar að hitta foreldra sem hafa staðið í sömu sporum er reynt að verða við því.

Jóna María kveðst ekki kannast við þetta. „Þetta er auðvitað þjónusta sem á að vera fyrir hendi en hún var ekki til staðar fyrir mig. Hún er sennilega til á pappírnum eða í einhverjum bæklingum. Mér var hins vegar boðið að tala við erfðalækni þegar dóttir mín var fædd.“

ibs@frettabladid.is



Breska sendiráðið auglýsir eftir tilboði í Land Rover Discovery HSE árgerð mai/11. Tilboð berist í lokuðu umslagi á skrifstofu sendiráðsins, Laufásvegi 31, 101 Reykjavík, fyrir 11 nóvember.

Breska sendiráðið áskilur sér rétt til að hafna tilboðum.

Nánari upplýsingar um bílinn og reynsluakstur
í síma 696-1504 (Óskar)

STÓRI
BARNAVÖRUMARKAÐURINN
1. - 2. nóvember **SALASKÓLA**
Kl. 12 - 16 **VERSÖLUM 5, KÓPAVOGI**

Húfur
Leikföng
Slefsmekkir
Ilmkjarnaolur
Burðapokar og sjól
Margnota tíðarvörur
Húð – og hreinlætisvörur
Grænt og umhverfisvænt
Taubleypjur og fylgihlutir
Íslensk hönnun
Fagleg ráðgjöf
Barnaföt
Bækur
Tilboð
O.fl.

Fjáröflun fyrir FMB teymið á Landspítalanum

Agú Barnagull Bergdal slefsmekkir BHB Baby Design
Bilstolar.is Bidda Stína Eydalalilja Firstbike Gjafakarfan
Gullmolarnir okkar Himalaya Magic Hlýleg HN Gallery
Hönd í hönd I am happy Inima Káti Fillinn Knús
Leiftur verslun Ljósmyndaver Hörpu Hrundar
Litla Ljósið Monsi Montrassar
Oma barnaföt Onn Pollaföt Polley Pollyanna
Prjónaæði RassÁlfar Rose Design Snilldarbörn Snjóber
Spékoppar Tamezonline Tenchi Okasan Vilba Þrá Label

ATH! Ekki eru allar verslanir með posa

Líkur eru á því að prófessorar við ríkisháskóla hefji verkfall 1. desember:

Vona að samningar náist í tíma

VINNUMARKAÐUR Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, efast um að kjaradeila Félags prófessora við ríkisháskóla komi á borð nefndarinnar.

Félagið undirbýr nú atkvæðagreiðslu um hvort boðað verði til verkfalls í byrjun desember. Myndi það verkfall hafa miklar afleiðingar í för með sér og prófatíð háskólanema riðlast.

„Þetta er mál sem líklega mun endá á borði fjárlaganefndar. Við biðum bara og sjáum hvað kemur

út úr atkvæðagreiðslunni. Þetta myndi auðvitað hafa einhver áhrif á störf háskólanna. Þetta er réttur prófessora og ekkert við því að segja. Við vonum að aðilar nái samningum áður en til verkfalls kemur,” segir Unnur Brá.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna, tekur í sama streng. Hún vildi ekki tjá sig um hugsanlegt verkfall og telur of snemmt að ræða það á þessu stigi málsins.

- sa



NEMENDUR Verkfallið myndi hafa mikil áhrif á nemendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Vetrarríki í Öskju

Fögnum vetri í Öskju í dag kl. 12-16



Sérstakur vetrarkaupauki. Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja nýjum Sorento og Sportage og með cee'd fylgja vetrardekk.

Allir Kia bílar fá fría áfyllingu á rúðuvökva og ástandsskoðun á perum og rúðupurrkum. Auk þess bjóðum við 20% afslátt af perum og rúðupurrkum meðan á sýningu stendur.



The Power to Surprise

Hefurðu upplifað hita í stýri?

Kia Sportage og allir hinir bílarnir okkar verða á vetrarsýningu Öskju. Allir nýir Kia bílar eru með hita í sætum og Kia cee'd, Carens og Sportage eru einnig með hita í stýri sem kemur sér vel í kuldanum.

Við bjóðum þér að líta við á vetrarsýningu Öskju og finna draumabílinn þinn, tilbúinn í veturinn.

Hlökkum til að sjá þig í vetrarríkinu



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Innritun í dreifnám á vorönn 2015

Umsóknarfrestur um dreifnám í Borgarholtsskóla á vorönn 2015 er til **30. nóvember 2014**. Upplýsingar um dreifnámið eru á heimasíðu skólans, <http://www.bhs.is>

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði:

Málm- og véltæknigreinar

- Rennismíði
- Blikksmíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun

Rafræn innritun: www.inna.is/innritun
Nánari upplýsingar gefur Aðalsteinn Ómarsson, kennslustjóri, sími: 535 1714, adalsteinn@bhs.is

Þjónustugreinar

- Félagsliðar
- Viðbótarnám félagsliða
- Félagsmála- og tólmstundanám
- Leikskólaliðar
- Framhaldsnám leikskólaliða
- Skólaliðar
- Stuðningsfulltrúar í skólum

Eyðublað fyrir innritun er á www.bhs.is
Nánari upplýsingar gefur Þorkatla Þórisdóttir, kennslustjóri, sími: 856 1718, thorkatla@bhs.is

ÞAU VORU LJÓS Á LEIÐUM OKKAR

TÓNLISTARDAGSKRÁ VIÐ KERTALJÓS
Í MINNINGU ÁSTVINA
SUNNUDAGINN 2. NÓVEMBER 2014
Í FOSSVOGSKIRKJU

KL. 14

TÓNLIST: ÓSKAR EINARSSON OG GOSPELTÓNAR
HUGVEKJA: SR. HREINN HÁKONARSON

KL. 14.30

TÓNLIST: ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
OG EYBÓR GUNNARSSON
HUGVEKJA: SR. HREINN HÁKONARSON

KL. 15

TÓNLIST: JÓNANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON
OG JÓNAS ÞÓRIR
HUGVEKJA: ÞÓREY DÖGG JÓNSDÓTTIR DJÁKNI

KL. 15.30

TÓNLIST: STÚLKNÁKÓR BÚSTAÐAKIRKJU
ÁSAMT SVÖVU K. INGÓLFSDÓTTUR OG JÓNASI ÞÓRI

BÆN OG BLESSUN

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS
OG FRJÁLST AÐ KOMA OG FARA AÐ VILD.

KÓPAVOGSKIRKJUGARÐUR, HÓLAVALLAGARÐUR
OG GUFUNESKIRKJUGARÐUR ERU OPNIR AÐ VENJU.

REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMI OG
KIRKJUGARÐAR PRÓFASTSDÆMANNA

Rannsókn sýnir að sjálfstæðimenn og píratar eru frekar fylgjandi spilavítum:

Meirihluti andvígur spilavítum

STJÓRN MÁL Meirihluti landsmanna er andvígur þeirri hugmynd að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar MMR. Líkt og í fyrri könnunum var hlutfall þeirra sem voru andvígir sambærilegt og það var í júlí 2011. 68,6% voru andvígir nú, borið saman við 69,3% í júlí 2013.

Nokkur munur er á afstöðu eftir kyni, aldri, tekjum og stjórnmála-sköðunum en ungir karlar voru í sérflokki hvað varðar viðhorf til

reksturs spilavíta á Íslandi. Þannig sögðust 70,3% karla á aldrinum 18 til 29 ára vera fylgjandi rekstri spilavíta á Íslandi og 52,5% karla á aldrinum 30 til 49 ára. Þeir sem studdu Sjálfstæðisflokkinn og Pírata voru líklegastir til að vera fylgjandi rekstri spilavíta á Íslandi en vinstri-græn voru síst fylgjandi.

Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt fram frumvarp sem heimilær slíkan rekstur.



SPILAVÍTI Ungir karlar eru í sérflokki hvað varðar afstöðu til spilavíta.

-sáp



GLÆSILEG MÓTTAKA Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, tók á móti gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



RÁÐHERRA ÁVARPAÐI GESTI Barnaverndarmál heyrir undir Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FORSTJÓRINN Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, var viðstaddur opnun hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt og stærra Barnahús opnað

Barnahús var opnað formlega í nýjum húsakynnum í gær og nú verður hægt að taka á móti fleiri börnum en áður. Viðtalsherbergin sniðin að aldri og þroska barna sem koma til meðferðar. Aldrei fleiri börn komið í Barnahús en á síðasta ári.

VELFERÐARMÁL Nýtt barnahús var formlega opnað í gær í nýjum húsakynnum. Jafnframt var 16 ára afmæli starfseminnar fagnað en Barnahús var stofnað 1. nóvember 1998 með samstarfi barnaverndarnefnda lögreglu, ákærvalds, Landspítala og Barnaverndarstofu sem annast rekstur hússins.

Á þessum tíma hefur rúmlega 4 þúsund börnum verið vísað í Barnahús en þar fara fram rannsóknarviðtöl, lækni-sköðanir, greining og meðferð fyrir börn sem grunur leikur á að hafi sætt

kynferðisofbeldi. Um 200 börn koma til viðtals og meðferðar á hverju ári en aldrei hafa komið jafn mörg og í fyrra þegar þau voru í kringum 300.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir það skipta miklu fyrir starfseminna að fá stærra húsnæði. Tveir nýir sérfræðingar hafi bæst í starfshóp hússins en samtals starfa þar sjö sérfræðingar sem sinna þeim málum sem koma á borð Barnahúss.

„Þetta skapar okkur skilyrði til

að taka við nýjum viðfangsefnum. Það hafa komið fram óskir um að við veittum börnum áfallameðferð vegna annarra ástæðna en kynferðisofbeldis, til dæmis kynferðisofbeldis og líkamlegs ofbeldis. Hingað til hefur það einvörðungu takmarkast við þau mál sem réttarvörslukerfið hefur haft til meðferðar,“ segir hann.

Í nýja húsinu eru líka fleiri viðtalsherbergi sem eru miðuð að aldri og þroska þeirra barna sem koma til meðferðar.

viktoria@frettabladid.is

Tollayfirvöld skoða hvort norskar byssur hafi verið keyptar eða ekki:

Tollskyld hafi vopn verið keypt

STJÓRNSÝSLA Tollayfirvöld hafa innsiglað byssurnar sem komu til landsins frá norska hernum. Er það gert vegna óvissu um hvort byssur hafi verið keyptar eða séu gjöf frá Norðmönnum.

Ríkisútlit greindi frá því að embætti tollstjóra hafi innsiglað vopnin vegna þessarar óvissu og vildi fá úr því skorið hvort um kaup eða gjöf sé að ræða.

Snorri Olsen tollstjóri gat hvorki staðfest né neitað að umrædd aðgerð hefði átt sér stað. „Við getum ekki greint frá einstaka málum sem inn á okkar borð koma.

Þó að hér sé um opinbera aðila að ræða þá fylgjum við samt sem áður vinnureglum okkar.“

Snorri bendir á að tollalögin séu á þá leið að ef opinber aðili fái gjöf frá öðru ríki þurfi ekki að borga toll af þeirri gjöf. „Þegar opinber aðili fær gjöf frá öðru ríki þarf ekki að greiða aðflutningsgjöld af þeim varningi. Hins vegar lýtur það öðrum lögmálum ef hið opinbera eða opinber stofnun kaupir varning af öðru ríki. Þá þyrfti að greiða aðflutningsgjöld af þeim kaupum,“ segir Snorri.

-sa



TOLLSTJÓRINN Byssur Landhelgisgæslunnar hafa verið innsiglaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



S A F T

BMW 2
ACTIVE TOURER



Hrein
akstursgleði

www.bmw.is

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.



FRUMSÝNING Í DAG.

**NÝR BMW 2 ACTIVE TOURER BER MEÐ SÉR
FERSKA STRAUMA Í ÚTLITI OG HÖNNUN.**

BMW 2 Active Tourer er rúmgóður og þægilegur fjölskyldubíll með framhjóladrifi og dísilvél sem notar aðeins 4,1 lítra í blönduðum akstri.

Við bjóðum ykkur velkomin á frumsýningu á BMW 2 Active Tourer nýstárlega fjölskyldubílnum frá BMW.

Verð frá 4.990.000 kr.

OPIÐ FRÁ 12-16
Nánari upplýsingar á www.bmw.is



BL ehf. Sævarhöfða 2,
110 Reykjavík. Sími 525 8000

ENNEWM / SJA / AN65321

SKOTTSAÐA

í Firði
laugardaginn 1. nóv.
Opíð frá 12.00 til 16.00

Stuð og stemming Komdu og grúskaðu
Prúttuðu og gerðu góð kaup

Erum á Facebook:  /Skottsala í Firði



VIÐBÚNAÐUR Í TYRKLANDI Maður ekur á mótörhjól sínu fram hjá tyrkneskum hermönnum, sem líta eftir Kúrdum úr Peshmarga-sveitunum sem sendar voru yfir landamærin til Sýrlands að berjast þar við vígasveitir íslamista.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gott í eldhúsið og bústaðinn



Kaffivél með Thermo hitakönnu
10-12 bolla, 900w
2.490,-



Djús/ávaxtablandari með glerkönnu
40w 1,3l.
3.990,-

GÆÐA VARA



Töfraspoti – Blandari
1.890,-



Blandari og matvinnsluvél
4.990,-

MÚRBÚÐIN

Símí 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN



ÁSTAND HEIMSINS



HRÆRT Í POTTI Í BAREIN Sjá-konur útbúa stóran súpurétt úr hrísgrjónum, kjöti og grænmeti. Súpan er elduð í mörgum pottum handa þátttakendum í Ashura-hátíðinni.

NORDICPHOTOS/AFP



EFTIR SKRÍÐUFALLIÐ Tveir menn á Srí Lanka ýta og toga kú burt frá hamfarasvæðunum í Pungala-þorpi, þar sem aurskríða féll í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LEIKUR Í NÁND VIÐ DAUÐANN í Maníla á Filippseyjum léku þessi börn sér í kirkjugarði, rétt hjá beinahrúgu.

NORDICPHOTOS/AFP



Bundesregierung / Lehmann, Klaus

Danskir þingmenn: Kanna nytsemi kannabisefna

DANMÖRK Þingmenn allra flokka í danska þinginu hafa náð samkomulagi um að verja fé til rannsóknna á hvernig kannabis geti nýst til að stilla verki sjúklinga. Er þessar rannsóknir þáttur í frekari vísindarannsóknunum, að því er segir á vef Jótlandspóstisins.

Haft er eftir þingmanni Ein-ingarflokksins, Rosu Lund, að í sumum heimshlutum sé kannabis í lækningaskyni leyfilegt og að það hjálpi mörgum. Þess vegna sé ástæða til að kanna hvort slíkt sé mögulegt í Danmörku.

- ibs

Skýrsla Svía gagnrýnd: Segja ekki frá mismunun

SVÍÞJÓÐ Mannréttindasamtökin Civil Rights Defenders saka sænsk stjórnvöld um að gera lítið úr eða greina alls ekki frá mismunun sem Rómafólk og Samar verða fyrir í Svíþjóð. Bent er meðal annars á skrá lögreglunnar á Skáni yfir Rómafólk.

Stjórnvöld sendu í þessari viku skýrslu til Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, SP, vegna rannsóknar þess á mannréttindum í Svíþjóð sem gera á í janúar. Er þetta í fyrsta sinn frá 2010 sem Svíþjóð sætir slíkri rannsókn.

- ibs



realized by
Embassy of the Federal Republic of Germany
Reykjavík



The German Embassy Reykjavík presents

MÚRMÝNDIR MURALS MAUERBILDER

A SELECTION OF FILMS ON THE OCCASION OF THE 25th ANNIVERSARY OF THE FALL OF THE BERLIN WALL

Nov. 7 – Nov. 9 at Háskólabíó, Hagatorg, 107 Reykjavík

Film guide can be found at www.haskolabio.is
All films are free of charge and will be shown in German with English subtitles.

FREE ENTRY

PFAFF

SENNHEISER URBANITE
Á SÉRSTÖKU KYNNINGARVERÐI

AÐEINS Í DAG
19.995 kr.

ALMENNT VERÐ 27.995 kr.

Tilboð sem hljómar vel

SENNHEISER URBANITE HEYRNARTÓLIN ERU KOMIN TIL LANDSINS

PFAFF 85 ÁRA

SENNHEISER FYRIR ALLA

Í tilefni af 85 ára afmæli Pfaff verða einnig valin Sennheiser heyrnartól á tilboði til 8. nóvember.

Komdu, sjáðu og upplifðu hljóminn og útlitið sem allir eru að tala um!



Sennheiser HD-419
Verð: 9.900 kr.
▶ Tilboð: 6.900 kr.



Sennheiser HD-215
Verð: 15.900 kr.
▶ Tilboð: 9.900 kr.



Sennheiser RS-120
Verð: 13.900 kr.
▶ Tilboð: 9.900 kr.



Loftljós: 11.950 kr.
▶ Tilboð: 8.000 kr.

AFNEMUM VÖRUGJÖLD STRAX!
15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LJÓSUM



Veggjós: 13.900 kr.
▶ Tilboð: 8.000 kr.



Loftljós: 39.900 kr.
▶ Tilboð: 24.900 kr.

Útlendingastofnun í Noregi: Barn fær hæli en ekki móðir

NOREGUR Umsókn 23 ára konu frá Sómalíu um hæli í Noregi hefur verið hafnað. Átta mánaða dóttir hennar hefur hins vegar fengið dvalarleyfi til frambúðar. Útlendingastofnun segir ekki um einsdæmi að ræða.

Samkvæmt frétt á vef norska ríkisútvarpsins þykir hætta á að stúlkubarnið verði fyrir limlestingu á kynfærum. Konan, Ihlán Ahmed Hassan, biður nú þess að mál hennar verði tekið fyrir á ný.

- ibs

Formaður Starfsmannafélags Kópavogsbæjar segir viðbrögð bæjarins við verkfalli lögleg en siðlaus: Fá ekki laun vegna yfirvofandi verkfalls

ATVINNUMÁL Allsherjarverkfall félagsmanna í Starfsmannafélagi Kópavogs (SfK) hefst þann 10. nóvember ef samningar nást ekki.

Vegna verkfallsins munu 38 starfsmenn bæjarins sem eru á fyrirframgreiddum launum aðeins fá útborgað nú um mánaðamótin fyrir dagana 1.-9. nóvember. Verði ekki verkfall munu þessir starfsmenn fá borgað það sem vantar upp á fyrir mánuðinn.

Bærinn vísar í reglur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um

frádrátt launa vegna vinnustöðvunar. Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogsbæjar, segir þetta kannski löglegt en siðlaust. Hún segist ekki hafa fengið þetta staðfest fyrr en í gær.

„Ég var búin að óska margofter eftir því að fá staðfestingu á þessu frá yfirmönnum því maður hafði heyrt þessu fleygt. Ég fékk síðan póst rétt fyrir klukkan 17 í gær þar sem þetta var staðfest,“ segir Jófríður í samtali við Vísi.

„Mér finnst óskaplega sérkennilegt að það skuli vera tekin ákvörðun um að gera þetta með þessum hætti hér. Ég vísa til kennara- verkfallsins 2004 sem hófst þann 20. september. Þann 1. september lá fyrir að það yrði verkfall en starfsmenn á fyrirframgreiddum launum fengu engu að síður full laun. Það eru auðvitað tíu ár síðan og kannski er búið að breyta reglunum. Þetta er kannski löglegt en siðlaust.“

- skh



KÓPAVOGUR Hátt í 40 manns í starfi hjá Kópavogsbæ munu ekki fá greidd full laun vegna yfirvofandi verkfalls.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- Til sölu -

Toyota Landcruiser 200 VX 35"breyttur.

Dísel / 8 cyl árg 2008. Ekinn 106 þús km. Dökkgrár



Þjónustaður af Toyota. Ný nagladekk Aukahlutir: íslenskt Gps – bakkmyndavél -sóllúga - 35"breyttur-grátt leður-dráttarbeisli-DVD & skjár -húdd- og gluggahlífar
Verð: 9.800.000.- Sími 6178836




MÓTMÆLI Fjöldi manns safnaðist saman fyrir utan höfuðstöðvar hersins í Ougadougou og krafðist þess að herinn tæki völd.

NORDICPHOTOS/AFP

Starfar þú í íslenskum byggingariðnaði?
Viltu stuðla að umbótum og framförum?
Viltu taka þátt í að móta framtíðarumhverfi iðnaðarins?

Samstarf er lykill að árangri
STEFNUMÓT Íslensks byggingariðnaðar
4. nóvember kl. 8.30 á Grand Hótel Reykjavík



Taktu þátt

Þín rödd skiptir máli

Dagskrá og skráning á
si.is og mvs.is

Á STEFNUMÓTI Íslensks byggingariðnaðar þriðjudaginn 4. nóvember verður brotið blað í sögu byggingariðnaðar þegar fulltrúar atvinnugreina, stofnana og hagsmunaaðila koma saman til að rýna stöðuna og meta mögulegar leiðir í átt að umbótum og framförum.

Þátttaka í STEFNUMÓTinu er endurgjaldslaus og öllum opin. Í boði verða hádegisverður og kaffi. Í lok dags stígur Ari Eldjárn á stökk og boðið verður upp á léttar veitingar.

STEFNUMÓTIÐ byggir á stuttum fyrirlestrum og umræðum í vinnuhópum. Afraksturinn verður nýttur til að móta sameiginlega stefnu og forgangsraða á vettvangi þeirra fjölmörgu hópa sem starfa innan og í tengslum við íslenskan byggingariðnað.



Herinn tók öll völd

Herinn í Búrkína Fasó hefur tekið öll völd í landinu, eftir að Compaoré forseti hraktist úr embættinu.

BURKÍNA FASÓ, AP Honoré Traoré herforingi er tekinn við völdum í Búrkína Fasó. Blaise Compaoré forseti sá sér ekki annað fært en að láta af embætti eftir fjölmenn og ákóf mótmæli undanfarna daga. Stefnt er á kosningar innan þriggja mánaða.

Mótmælendurnir, sem kveiktu meðal annars í þinghúsinu í höfuðborginni Ougadougou, sættu sig ekki við annað en að forsetinn segði tafarlaust af sér.

Hann hafði annars hugsað sér að bjóða sig fram einu sinni enn, en hann hafði setið í embættinu í 27 ár og mátti samkvæmt stjórnarskrá landsins ekki sitja í fleiri kjörtímabil.

Þessu hugðist hann breyta, en stjórnarandstæðingar höfðu mánuðum saman skorad á hann að láta sér nægja að sitja út þetta kjörtímabil, hið fimmta í röðinni. Upp úr sauð á fimmtudaginn þegar Compaoré ætlaði að láta þingið greiða atkvæði um stjórnarskrár-breytingu, sem myndi heimila honum að sitja lengur.

Sjálfur segist hann hafa ákveðið að láta undan til að tryggja frið í landinu. „Hvað mig sjálfan varðar, þá tel ég mig hafa gert skyldu mína,“ sagði hann í gær.

„Ég lýsi því yfir að ég afsala

„Hvað sjálfan mig varðar, þá tel ég mig hafa gert skyldu mína.“

Blaise Compaore, nýhættur forseti.

mér völdum til þess að efna til frjálsra og gagnsærra kosninga eftir 90 daga,“ sagði hann í gær.

Compaoré hefur á seinni árum notið nokkurrar virðingar fyrir sáttastörf og inngrip í alvarlegar innanríkisdeilur í nokkrum Afríkuríkjum.

Hann hefur hins vegar verið sakaður um að hafa stutt uppreisnarsveitir á Filabeinsströndinni og í Angóla, auk þess sem hann studdi Charles Taylor, hinn herskáa uppreisnarmann í Líberíu sem náði þar völdum en situr nú sakaður um stríðsglæpi í fangelsi Alþjóðasakadómstólsins í Haag.

Heima fyrir hefur hann hins vegar haldið niðri allri stjórnarandstöðu.

Hann hélt velli þrátt fyrir fjölmenn mótmæli og uppreisn innan hersins árið 2011. Á tímabili ræðust hermenn inn í forsetahöllina, þannig að Compaoré þurfti að flýja.

gudsteinn@frettabladid.is


Forseti í 27 ár



Blaise Compaoré hefur verið forseti í Búrkína Fasó allar götur síðan 1987, þegar hann tók völdin í stjórnarbyltingu gegn forvera sínum, Thomas Sankara. Þeir Sankara höfðu verið nánir samstarfsmenn áður en Compaoré snerist gegn honum. Fimm sinnum hefur Compaoré sigrað í forsetakosningum, en landsmenn fengu nóg eftir 27 ár þegar hann hugðist breyta stjórnarskrá landsins til þess að geta setið enn lengur í embætti.

GLÓ OPNAR YFIRNÁTTÚRULEGAN HEIM Í FÁKAFENI 11 108 REYKJAVÍK

GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ



Gló hefur opnað nýjan og glæsilegan stað í Fákafeni 11. Þar má finna verslun með lífrænum heilsuvörum, kaffihús, djús og tóník bar og að sjálfsögðu Gló veitingastað. Komdu og fagnaðu með okkur og kynntu þér spennandi og heilsu-samlegar nýjungar. Af tilefni opunarinnar bjóðum við afslátt af völdum vörum um helgina.



GLÓ MARKAÐUR

GLÓ KAFFI

GLÓ TONIC BAR

GLÓ STREET FOOD

Gló · Fákafeni 11 · 108 Reykjavík · Sími 553 1111 · glo.is · #GloFakafeni

20% afsláttur
af öllum skóm.

CORNER

Pima Cotton peysur
Taktu tvær
fyrir 9.990 kr.

Dressmann

Pima Cotton peysur
Taktu tvær
fyrir 9.990 kr.

XL
Dressmann

40% afsláttur
af völdum gallabuxum.
TUNIKU tilboð:
4.999 kr.

STYRIR

30% afsláttur
af öllum
klútum og treflum.

MOA

Dömuúlpur
29.995 kr.
áður 39.995 kr.
Herraúlpur
19.995 kr.
áður 24.995 kr.

AIR

Tax-Free
af öllum
jólaljósum
og ljósaseríum.

A4

30% afsláttur
af öllum buxum.

BOYS

15% afsláttur
af öllum
seðlaveskjum.

Drangey

20% afsláttur
af skólajökkum.

Ice
in
a
bucket

20-25% afsláttur
af völdum vörum.

STEINAR WAAGE
SKÖVERSLUN

25% afsláttur
af öllum úlpum.

ESPRIT

55% afsláttur
af Vetrarkorti
verð aðeins 19.990 kr.
Einnig frábær Spa tilboð.

BADHÚSIÐ

20% afsláttur
af fóðruðum
skóm frá SixMix.

Kaupfélagið

skór.is

15% afsláttur
af öllum vörum.

fierra
GARDURINN
-klæðir þig vel

25% afsláttur
af öllum yfirhöfnum.

EVANS.

3 fyrir 2
af öllum
vetrurvörum.

● ● ●
● ● ●
S I X

20% afsláttur
af völdum
jólajöfum.

THE BODY SHOP

20% afsláttur
af öllum vörum.
Gellökkun/handsnyrting
2.800 kr.

coolcos

25% afsláttur
af öllum yfirhöfnum.

DOROTHY PERKINS

25% afsláttur
af öllum yfirhöfnum.

TOPSHOP

20% afsláttur
af öllum
loðfóðruðum skóm.
10% afsláttur
af öllum skóm.

gs skór

Skemmtileg stemning
og nammi í boði

20% afsláttur
af öllu Ray Ban.

Optical Studio

25% afsláttur
af öllum yfirhöfnum.

KAREN MILLEN

20% afsláttur
af öllum stígvélum.

focus

25% afsláttur
af öllum úlpum.

UNITED COLORS
OF BENETTON.

20% afsláttur
af Regal hunda-
og kattamat,
kattaklórurum
og plastbúrum.

DÝRABÆR

Dömudeild:
20% afsláttur
af Sisters point úlpu,
Moss hettupeysu
og öllum treflum.

galleri sautján

20% afsláttur
af Neo Noir úlpum
og öllum
Coster vörum.

KARAKTER

25% afsláttur
af öllum úlpum.

Levi's

20% afsláttur
af öllum
Tulipop vörum.

Eymundsson

20% afsláttur
af öllum vörum.

PLUSMINUS OPTIC

1. OG 2.
NÓVEMBER

VETRAR FJÖR

FÖGNUM KOMU
VETRAR!



**SKEMMTUN OG FRÁBÆR
VETRARTILBOÐ**

 **SMÁRALIND**
Góða skemmtun

ÓPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

20% afsláttur
af allri íslenski
tónlist.



15% afsláttur
af öllum vörum
frá Leonardo.



Tilboð
á dúnúpum
verð frá 19.990kr.
áður 29.990 kr.
comma,

**Frábærar
gjafapakkningar**
frá Moroccan Oil
og Bead Head
fyrir hann og hana
á góðu verði.



20% afsláttur
af PPD myndabollum.



20% afsláttur
af öllum dömu-
og barnakjólum.
20% afsláttur
af öllum skyrtum fyrir
herra og börn.

DEBENHAMS Spæna lífslífa
skemmtun

Kauptu eitt
vítamín/bætiefni
og fáðu annað
með **50% afslætti.**
Gildir fyrir öll
vítamín/bætiefni.

HOLLAND & BARRETT
we're good for you

Herradeild:
20% afsláttur
af Elvine úlpum,
öllum húfum og
öllum vetrarpeysum.
galleri **sautján**

20% afsláttur
af öllum skóm.

skórnir **pínir**

20% afsláttur
af öllum bolum



20% afsláttur
af öllum yfirhöfnum.

VILA
CLOTHES

30-50% afsláttur
af völdum vörum.

Bata
Skóverslun Smáralind

20% afsláttur
af öllu tei.



20% afsláttur
af töskum og
Skin Care vörum.

MAKE UP STORE

FULLT HÚS MATAR – OG SKEMMTUNAR!

Í Smáralind finnur þú afþreyingu fyrir alla aldurshópa.

15 fjölbreyttir veitingastaðir þar sem allir geta fundið
eithvað við sitt hæfi, eitt vinsælasta kvikmyndahús
landsins og tvær hæðir af afþreyingu í Smáratívoli.

Góða skemmtun!

Besta verðið
á allar sýningar fyrir kl. 19.

2 fyrir 1
á allar sýningar
gegn framvísun kassakvittunar
frá Smáralind fyrir kl. 19.
Gildir ekki í lúxus sal. Kassakvittun skal vera
frá tímabilinu 1.-2. nóvember.

SMÁRA BÍÓ

Ókeypis is
fyrir börnin,
fylgir máltíðum.



Brakandi ferskt LKL
salat og svekkaldur
Kristall á **1.300 kr.**

serrano
FRESH MEX

Súpa og salat **1.790 kr.**
Súpa og samloka **1.690 kr.**
Klúbbsamloka og
einn stór **2.590 kr.**

energía
RESTAURANT - KAFFI - BAR

**Fjöldi einstaklings-
og fjölskyldutilboða.**



Kaffi og frönsk
súkkulaðikaka
m/rjóma **990 kr.**
Ostborgari Adesso
m/frönskum
1.590 kr.



**Hrekkjavaka og
hryllingshús** um
helgina. **Búninga-
keppni** fyrir börnin á
laugardag kl. 14-16.



6" bátur mánaðarins
og gos **890 kr.**
12" bátur mánaðarins
og gos **1.090 kr.**



1. OG 2. NÓVEMBER



VETRAR FJÖR

VIÐBURÐIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

**VÍSINDA
VILLI**
laugardag kl. 14
í gryfjunni

**BÚNINGA-
KEPPNI**
í Smáratívoli
laugardag kl. 14-16

**LEIKHÓPURINN
LOTTA**
sunnudag kl. 14
í gryfjunni

**HREKKJAVAKA
HRYLLINGSHÚS**
í Smáratívoli
alla helgina



SMÁRALIND

Góða skemmtun

Sjálfstæður hársnyrtir

Rótgróin hársnyrtistofa/rakarastofa í Reykjavík óskar eftir starfsmanni í stólaleigu.

Upplýsingar í síma 898-5800

Kliphúsið
Hársnyrtistofa

Kliphúsið ehf, Bildshöfða 18, 110 Reykjavík

Ryksuguúrval
MÚRBÚÐARVERÐ

Model-LD801
Cyclon ryksuga
Kraftmikil
9.890,-


Spandy heimilisryksugan
• 1600W
• afar hljóðlát
• mikill sogkraftur > 18KPA
• Hepa filter
• margnota poki

7.490,-
Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgjhluta

6.690,-

MÚRBÚÐIN
— Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MARGSLUNGINN Svo víðfeðmur er sjávarútvegur á Íslandi að þessi skýringarmynd var sérstaklega dregin upp til að ná utan um alla þá fleti sem hann snertir.
MYND/SFS

Boðorð dagsins er víðtækt samstarf

Forsvarsmenn nýrra samtaka sjávarútvegsfyrirtækja vilja sameina alla þá sem starfa í sjávarútvegi – beint og óbeint. Markmiðið er samvinna og vöxtur greinarnar. Nýr formaður vill sem flesta undir verndarvæng nýrra samtaka.

SJÁVARÚTVEGUR Ekkert sem viðkemur sjávarútvegi verður Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) óviðkomandi, voru skilaboð stofnfundar samtakanna í gær. Samvinna fyrirtækja í veiðum og vinnslu, markaðs- og sölufyrirtækja, auk aukinnar áherslu á menntun og nýsköpun er boðorð dagsins.

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva runnu saman undir merkjum nýrra samtaka í gær. Eins liggur fyrir að sölu- og markaðsfyrirtækin Icelandic Group og Iceland Seafood International eru þegar innan vébanda þeirra.

Kolbeinn Árnason, nýr framkvæmdastjóri SFS, leiddi sameininguna, en á fundinum í gær sagði hann að þeir dagar væru að baki að mörgu minni hagsmunasamtök ynnu hvert í sínu horninu, en öll að sama markmiðinu. Reyndar sagði hann sjávarútveginn á Íslandi svo fjölbreyttan að illmögulegt væri að skilgreina nákvæmlega hvað hann er. Ný samtök myndu hins vegar tala fyrir hönd virðisæðjunnar í heild sinni og þeirra fyrir-

tækja sem hana mynda. Það er útgerðanna og vinnslanna, en líka fyrirtækis sem nýtir sjávarfang til að megra hunda í Bandaríkjunum, og vísaði þar til nýsköpunarfyrirtækisins Primex á Siglufirði sem dæmis um fjölbreytnina. Allt byggði þetta svo aftur á vísindasamfélaginu, rannsóknnum á hafinu sem allt annað byggir á til að uppfylla skilyrði um sjálfbærni á öllum stigum máls.

Formaður nýrra samtaka, Jens Garðar Helgason framkvæmdastjóri Fiskimiða á Eskifirði, sér það sem hlutverk sitt að efla ný samtök með því að fá sem flesta að nýjum félagsskap. Þegar eru 135 fyrirtæki og félög undir merkjum SFS, en þeim mun fjölga hratt, að hans sögn.

Jens, og miklu fleiri viðmælendur Fréttablaðsins, vilja brúa bilið á milli þeirra sem þar starfa og hinna sem líta greinina og samtök sjávarútvegsfyrirtækja hornauga.

„Ég vil reyna að komast upp úr þeirri umræðu sem hefur einkennt af neikvæðni. Við viljum draga að greininni ungt fólk og nýta endalausa möguleika sem felast í íslenskum sjávarútvegi,“ segir Jens.

Engum sem sat fundinn í gær duldust að breytingar eru í farvatninu. Það er líka yfirlýst markmið

„Við viljum draga að greininni ungt fólk og nýta endalausa möguleika sem felast í íslenskum sjávarútvegi.“

Jens Garðar Helgason, formaður SFS.

með nýjum samtökum. Til vitnis um það var kannski að þær Berta Danielsdóttir, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustuskrifstofu Marel, og Hildur Kristborgardóttir, formaður félagsins Konur í sjávarútvegi, kynntu áherslur og markmið sinna samtaka.

Birna Einarisdóttir, forstjóri Íslandsbanka, gerði markaðs- og sölustarf í sjávarútvegi að umtalsefni í sínu erindi. Í hnotskurn er sýn hennar sú að markaðsstarfið eigi að vera sameiginlegt verkefni undir vörumerkinu Ísland, en sölu málin eigi að vera áfram á hendi fyrirtækjanna sjálfra. Það sé einfaldlega ekki á færi fyrirtækjanna að byggja upp sterkt vörumerki og ímynd um sérstöðu íslenskrar vöru og þjónustu.

svavar@frettabladid.is

EVROPUMÁL

Schengen og landamæri þess við Miðjarðarhafið: Hryllingsárið



Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Evrópustofu

MÁNUDAGINN 3. NÓVEMBER KL. 12-13 Í ODDA 201

Á þessu ári hafa yfir **160 þúsund hælisleitendur og farandverkamenn** lagt í hættuför yfir hafið frá Norður-Afríku til Evrópu, fyrir utan þá 3000 sem aldrei náðu landi. Þessi mikli fólksflótti hefur verið gullnáma fyrir þá sem stunda smygl á fólki.

Hugo Brady, sérfræðingur hjá Öryggismálastofnun Evrópusambandsins og gestakennari við Evrópustofnun London School of Economics, mun leitast við að útskýra hvað liggur að baki þessum miklu fólksflutningum yfir Miðjarðarhafið og vanda þeirra sem móta stefnuna í glímuni við þennan mannlega harmleik.



Hugo Brady

Fundarstjóri: Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og www.evropustofa.is
Alþjóðamálastofnun á Facebook: www.facebook.com/althjodamalistofnun
Evrópastofa á Facebook: www.facebook.com/evropustofa

SFS vinnur að ítarlegri menntastefnu

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi munu vinna á næstu misserum að ítarlegri menntastefnu og virðisæðju menntunar í sjávarútvegi, sem nefnd er Ægiskeðja. Þar verða dregnar fram áherslur og markmið til að efla þekkingu, þróun og rannsóknir.

Samhliða því verður safnað saman upplýsingum um þau fjölmörgu verkefni á sviði menntamála sem samtökin og fyrirtæki þeirra vinna nú þegar að. Í kjölfarið munu samtökin stofna menntasjóð, svokallaðan Ránarsjóð, sem gerir fræðimönnum, kennurum, fyrirtækjum og öðrum kleift að sækja um fjármagn til að framfylgja markmiðum stefnunnar. Umsýsla Ránarsjóðsins verður á forræði framkvæmdaráðs SFS.

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, ræddi mikilvægi menntunar og nýsköpunar fyrir sjávarútveg á Íslandi. Hann telur að ímynd greinarinnar sé skökk í huga ungs fólks sem takmarki áhuga þess á að leita tækifæra innan greinar sem hafi gríðarlega margt að bjóða.

Hann boðaði í erindi sínu víðtækt samstarf Háskólans í Reykjavík og SFS sem hverfist um menntun fyrir sjávarútveginn; stjórnendamenntun og endurmenntun. Eins að tengja greinina við almenna háskólamenntun, þó sérstaklega á sviði tækni, viðskipta og laga.

„Takmark þessa er að kveikja áhuga nemenda á sjávarútvegi; grein sem er full af tækifærum og áskorunum og tengja þá við fyrirtæki í þessum geira,“ sagði Ari Kristinn.



Lokahelgi

70- 80%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...



BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Meirihluti Sjálfstæðisflokks rústaði fjárhagnum:

Kostar ekkert í strætó og sund

Hér er frítt í strætó og sund og mjög gott að búa, sagði íbúi í Reykjanesbæ í samtali við Fréttablaðið. Annar viðmælandi sagði leitt að sjá hvernig fyrir bænum er komið. Í áraradír hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar verið gagnrýnd fyrir að fara of geyst. Treyst hefur verið um of á stórar lausnir í atvinnuuppbygginu, einkum álver í Helguvík. Margir hafa aukið vonir fólksins um að vel muni fara. Meðal þeirra er Keflvíkingurinn og iðnaðarráðherrann,

Ragnheiður Elín Árnadóttir.

„Það er ekki hægt að hefja vinnu við álver og hafa ekki hugmynd um hvaðan orkan á að koma.“

„Hér er frítt í strætó og sund og mjög gott að búa,“ sagði íbúi. Er það svo gott? Í Reykjanesbæ búa 14.500 íbúar sem saman skulda fjörutú þúsund milljónir, og

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



tuttugu og fimm þúsund milljónir hafa tapast á rekstri bæjarfélagsins á fáum árum, það á að skerða þjónustu við bæjarbúa um hálfan milljarð á ári og það þarf að auka álögur um nánast annað eins. Þegar upp er staðið er ekki ókeypis í sund og strætó. Það er rándýrt. Kannski hvergi dýrara.

Í Fréttablaðinu í dag er frétt þar sem kemur fram að fyrrverandi stjórnendur bæjarins nánast beittu blekkingum til að fela vandann, til að koma í veg fyrir að opinbert eftirlit sinni hlutverki sínu og gripi inn í óráðsúna. Flest bendir til að ráðamenn bæjarins hafi vísvitandi beitt blekkingum. Misræmi er milli fjárhagsáætlunar og ársreiknings án þess að viðauki, eða ígildi fjárukalaga, hafi farið fyrir bæjarstjórn. Þetta dugði til. Minnihlutinn fattaði ekkert og ekki heldur opinbera eftirlitið.

Og hver er svo niðurstaðan og árangurinn af þeirri stefnu sem hefur verið fylgt: Jú, nú er svo komið að eignir sveitarfélagsins eru ekki miklar en skuldirnar eru hins vegar miklar. Reykjanesbær er meðal þeirra sveitarfélaga sem áttu í eignarhaldsfélaginu Fasteign og seldi því mest af eignum sínum. Fasteign keypti fasteignir sveitarfélaganna og leigði þeim aftur. Sjö af tíu skuldugustu sveitarfélögum landsins voru í viðskiptum við einkahlutafélagið Fasteign, og höfðu því unnið eftir sömu formúlu. Árangur víðast skelfilegur.

Og meira af þessu. Skuldir Reykjanesbæjar eru um fjörutú milljarðar króna. Skuldahlutfallið, það er skuldir sem hlutfall af reglulegum tekjum bæjarins, er um 270 prósent. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum mega sveitarfélög ekki skulda meira en 150 prósent af reglulegum tekjum. Árið 2002 skuldaði Reykjanesbær 8,3 milljarða króna. Sú tala var komin upp í 40 milljarða árið 2013. Þetta er kolsvört niðurstaða.

Og hvað er til ráða? Tími ókeypis hins og þessa er væntanlega að baki. Álögur á íbúana munu stórukast með innheimtu gjalda, óbeinir skattar sem og aðrir skattar verða trúlegast með því hæsta sem þekkist, þjónustan verður skert og áfram er hægt að halda, nær endalaust. Trúlegt er að allt hafi þetta veruleg og varanleg áhrif á verðmæti eigna bæjarbúa. Tap samfélagsins af öllu þessu verður mikið. Hver og einn bæjarbúi tapar miklu.

Bæjarstjórnarmennirnir brugðust, opinbert eftirlit brást. Og að endingu. Það var aldrei frítt í strætó og sund í Reykjanesbæ. Allt var bara tekið að láni. Það er komið að eindaga.

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

Forboðinn húslestur

Þar sem ég stóð með stafla af bókum fyrir framan sjálfsafgreiðsluborðið á Borgarbókasafninu áttaði ég mig á því að að ég hafði gleymt bókasafnskortinu heima. Ég akvað því að ganga að þjónustuborðinu og spyrja hvort það væri ekki hægt að skrá þetta á mig engu að síður.

„Jú, jú, hver er kennitala þín?“ spurði bókasafnfræðingurinn vinnjulega.

Eftir að ég þuldi upp þá tíu stafi sem aðgreina mig frá öðrum íbúum þessa lands hóf manneskj-an að skrá inn bækurnar sem ég hafði ætlað mér að leigja. Fyrstu tvær flugu inn í kerfið án telj-



andi vandræða.

En þegar kom að þeirri þriðju nam bókasafnsfræðingurinn skyndilega staðar. Hönd hennar færðist af lykloröndu. Hún greip um bókina:

„Nýju fötin keisarans eftir Hans Christian Andersen. Steingrímur Thorsteinsson þýddi.“ Hún þagði í stutta stund áður en hún leit á mig með yfirheyrandi augnaráði og spurði, heldur hvasst:

„Kannstu ekki dönsku?“

„Jú, jú,“ svaraði ég, fremur

hissa. „Kannski ekki reiprennandi, en ég lærði hana í skóla og bjó svo í tvö ár úti í Köben, tók meira segja eitthvað próf. Auðvitað er maður orðinn dálítið ryðgður en...“

„Dú verður að lesa bókina á dönsku,“ greip hún fram í. „Það eru bara reglur hér á safninu.“

„Ha?“ spurði ég.

„Já, þýðingarnar eru bara hugsaðar fyrir þá sem kunna ekki viðkomandi tungumál. Því miður. Þetta eru bara lögín í landinu. Ekkert sem ég get gert.“

Ég vissi ekki hvað ég átti að segja.

„Á ég að finna hvort hún sé til á dönsku fyrir þig?“

Svona safn er til

Dæmið sem ég tiltek er upplogið. Það er enginn sem bannar mér að leigja bók í íslensku þýðingu bara út af því að ég kann frummálið. En það er til bókasafn sem setur svipaðar reglur. Á hljóðbókasafninu fá einungis þeir að leigja bækur sem geta ekki lesið eða eiga erfitt með það. Á heimasíðu safnsins segir:

„Hljóðbókasafn Íslands þjónar skv. lögum eingöngu þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur.“

Allir umsækjendur þurfa því að skila inn umsóknareyðu-

blaði ásamt undirrituðu vottorði/ greiningu frá fagaðila þar sem kemur skýrt fram ástæða þess að umsækjandi geti ekki nýtt sér prentað letur.“

Þetta þarfnast smá skýringar. Venjulega væri ekki hægt að endurútgefa verk höfunda án leyfis þeirra. En þar sem það er litið á það sem mannréttindamál að fólk sem getur ekki lesið geti engu að síður notið lista heimila lög að menn taki upp bækur, án leyfis, sérstaklega fyrir þennan hóp. En vegna þessarar sérstöku

reglu geta aðrir ekki notið upp-lestrarins.

Reglulega má heyra fréttir af rithöfundum sem eru ósáttir við þetta fyrirkomulag. Það er erfitt að áfella þá. Rökin gengu kannski upp meðan enginn raunverulegur markaður var fyrir hljóðbækur á Íslandi. Það hefur mjög líklega breyst. Og fyrst markaðurinn er kominn er asnalegt að til sé einokunaraðili sem geti framleitt hljóðbækur, án sérstaks leyfis, fyrir stóran hluta markhópsins.

Breyttur markaður

Vinsældir hljóðbóka hafa aukist. Sala þeirra hefur þrefaldast á fimm árum skv. samtökum bandarískra bókaútgefenda (publishers.org). Skýringuna er auðvitað að finna í nýrri tækni. Nú þegar meirihluti fólks er kominn með tæki sem getur spilað langar hljóðbækur eða annað hljóð er markaðurinn orðinn allt annar og stærri. Fólk hlustar ekki lengur á hljóðbók út af því að það getur ekki lesið venjulega bók. Fólk hlustar á hljóðbók út af því

að það vill hlusta á hljóðbók.

Sumir rithöfundar vilja sjálfir lesa bækur sínar inn á hljóðbók. Aðrir myndu vilja fá einhvern sérstakan til þess. Listamenn eiga að fá að ráða þessu sjálfir. Menn eiga einfaldlega að taka þá fjármuni sem þegar fara í þennan upplestur og veita styrki til hljóðupptöku á bókum sem rithöfundar og útgefendur gætu keppt um. Síðan gætu menn selt afraksturinn á almennum markaði.

Höfundar fengu að hafa áhrif á

útgáfu verka sinna. Þeir sem ekki geta lesið fengu betri hljóðbækur. Og þeir sem geta lesið en vilja hlusta á hljóðbækur gætu það. Þeir geta það oft ekki í dag. Það er fátallegt.

Að spyrja einhvern af hverju hann vilji neyta tiltekins listaverks á einu formati en ekki öðru er í raun álíka fátallegt og spyrja hvort hann vilji njóta listar til að byrja með. „Af hverju viltu fara í bíó? Af hverju ferðu ekki frekar bara í bað?“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Hvað er CISV?

CISV – Building Global Friendship - eru alþjóðleg friðarsamtök óháð stjórnámalum og trúarbrögðum. Samtökin voru stofnuð af barnasálfræðingnum Dr. Doris Allen eftir seinni heimsstyrjöldina. Hugmynd Dorisar var sú að börn frá ólíkum löndum kæmu saman, lærðu að lifa saman á grundvelli umburðarlyndis og jafnréttis, lærðu að hugsa og draga ályktanir í anda alþjóðavítundar og vinna þannig að friði í heiminum. CISV - Building Global Friendship heldur yfir 150 sumarþúðir á hverju ári.

Ævintýraferð til Frakklands fyrir 14-15 ára um áramótin

Við erum með laus pláss fyrir tvo hressa stráka stráka í 8 daga ævintýrabúðir til Frakklands, 27. desember - 3. janúar 2015, í búðunum eru um 35 unglingar og fararstjórar frá 5 löndum, í hverjum hópi eru 6 unglingar auk fararstjóra. Hver vill ekki kynnað franskri menningu, eignast nýja vini útum allan heim, þroskast og sjá heiminn með nýju ljósi.

Sumarið 2015

Við erum farin að taka á móti umsóknum fyrir sumarið 2015. Laust fyrir börn og ungmenni á aldrinum 11 – 18 ára. Einnig erum við að taka á móti umsóknum fyrir fararstjóra á aldrinum 21 árs og eldri.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað eru á heimasíðu okkar www.cisv.is, á netfangi okkar cisv@cisv.is eða Halla í síma 692 6846.

iPhone 6 er kominn í verslanir Símans



🍏 iPhone 6

Glæsilegur kaupauki

Nýr iPhone er kominn í verslanir Símans. Til að fagna því bjóðum við veglegan kaupauka með nýjum iPhone 6 og iPhone 6 Plus til 1. desember: Endalaust snjall 1GB GSM áskrift í tvo mánuði, að verðmæti 11.980 kr. Innifalin eru endalaus símtöl, endalaus SMS og sex mánuðir af Spotify Premium fylgja með.

Viljum við annars flokks heilbrigðisþjónustu?

Þetta er það eina sem ég get gert. Skrifað. Ég get sagt ykkur frá því hvernig það er að hafa neyðst til að horfa upp á hnignunina sem átt hefur sér stað í íslenska heilbrigðiskerfinu undanfarnin ár. Því ég hef kynnst því á eigin skinni – eða öllu heldur á skinni sonar míns.

HEILBRIGÐISMÁL



Sigríður Dögg Auðunsdóttir
fv. ritstjóri Fréttatímans og stofnandi Inspiral.ly

Hann er sex ára á leiðinni í þriðju höfuðaðgerðu aðgerðina sína á einu og hálfu ári. Þegar hann var fimm mánaða datt pabbi hans niður stiga með hann í fanginu. Sonurinn höfuðkúpubrotnaði og blæddi inn á heila með þeim afleiðingum að hann lamaðist öðrum megin í líkamanum og fékk flogaköst. Flogaköstunum var haldið niðri með lyfjum og hættu þau smám saman. Lómunin gekk einnig til baka. Fyrir það erum við óendanlega þakklát.

Fjórum árum síðar fór ég aftur með hann til læknis því mér fannst beinvöxturinn í kringum brotið óeðlilegur. Við vorum send til eins helsta heila- og taugaskurðlæknis landsins sem sá strax að barnið var með stórt gat á höfuðkúpunni sem þyrfti að gera við. Í fyrstu aðgerðinni var tekið bein við hliðina á gatinu, það klofið í tvennt og báðir hlutarnir græddir í aftur. Sú aðgerð tókst vel – en beinið grer ekki. Hálfu ári síðar var gatið orðið jafnstórt og áður svo ákveðið var að gera aðra aðgerð. Þá var tekið þykkara bein, úr hvirflinum, á sama hátt og áður. Fáeinum mánuðum eftir þá aðgerð kom í ljós að hún hafði ekki tekið heldur. Nú er drengurinn boðaður í þriðju aðgerðina sem áætluð er á mánudaginn og á nú að setja títanplötu yfir gatið til að verja heilann.

Óvissa og örvænting

Á mánudaginn eru læknar hins vegar í verkfalli. Og mestalla

næstu viku. Þeir voru líka í verkfalli í þessari viku og því tók innskriftin hans, undirbúningurinn fyrir aðgerðina, þrjár klukkustundir í stað einnar þegar við mættum á boðuðum tíma á fimmtudaginn. Ég er ekki á kvarta undan því að hafa þurft að dveljast með son minn á Landspítalanum í þrjá tíma, alls ekki. Mig langar einfaldlega að deila með ykkur þeirri fullkomnu óvissu sem þar ríkir – og örvæntingunni sem maður skynjaði.

Tvöfalt fleiri sjúklingar en venjulega voru skráðir í innskrift. Þeim sjúklingum sem ekki hafði verið hægt að taka á móti vegna verkfallsins var einfaldlega bætt við. Starfsfólkið þurfti því að sinna tvöfalt fleiri sjúklingum en venjulega – og var svigrúmið lítið fyrir.

Sex ára drengur – sem er á leið í þriðju stóru höfuðaðgerðina sína á einu og hálfu ári – bíður í fullkominni óvissu yfir því hvenær læknirinn hans getur lagað gatið í höfðinu hans. Honum finnst óskiljanlegt að læknar fái ekki sanngjörn laun – og sérstaklega finnst honum erfitt að skilja að læknar þurfi að neita að mæta í vinnuna til þess að sannfæra ríkisstjórnina um að greiða þeim hærri laun.

Yfirvöld brugðust

Fyrir rúmu ári skrifaði ég röð fréttaskýringa í Fréttatímann um ástandið á Landspítalanum. Ég heimsótti öll sviðin og talaði við fjölda lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra sérfræðinga. Allir voru sammála um að heilbrigðiskerfið væri á heljarþróm. Læknaskortur væri yfirvofandi – og reyndar orðinn veruleiki á hluta spítalans. Læknar í sérfræðinámi ætluðu sér ekki að snúa aftur heim og þeir sem væru hér

→ Sex ára drengur – sem er á leið í þriðju stóru höfuðaðgerðina sína á einu og hálfu ári – bíður í fullkominni óvissu yfir því hvenær læknirinn hans getur lagað gatið í höfðinu hans.

væru ýmist á leið á eftirlaun eða að hugsa sér hreyfings. Ástæðan fyrir landflóttanum væri úr sér genginn spítali og léleg laun. Minn skilningur var að ef byggður yrði nýr spítali og aðstaða sjúklinga og starfsfólks þannig bætt og tæki uppferð væru meiri líkur á að draga mætti úr landflóttanum.

Læknarnir sem ég hef talað við eygja enga von. Yfirvöld hafa brugðist þjóðinni með því að fresta í sífellu áformum um nýjan spítala og kjaraviðræður við lækna sigldu í strand svo stéttin þurfti að beita verkfallsrétti sínum í fyrsta skipti – sem algjör neyðarúrræði.

Sjálf veit ég ekkert hvað ég get gert. Ég styð læknana. Ég vil að við borgum samkeppnishæf laun hér á landi. Aðeins þannig er von til þess að nýútskrifuðu sérfræðingarnir okkar snúi heim eftir nám og læknarnir sem þegar eru hér fari ekki annað. Ég styð baráttuna fyrir nýjum spítala og er tilbúin að fórna ýmsu svo hann geti risið.

Ég veit bara ekkert við hvern ég á að tala. Mig langar ekki að flytja úr landi. Ég vil búa á Íslandi. Ég er búin að prófa annað og hér finnst mér best að vera. En ég vil ekki búa í landi sem getur ekki boðið upp á fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu. Og heilbrigðisþjónustan okkar er orðin annars flokks – um það er heilbrigðisstarfsfólk sammála. Hvers vegna skilja ráðamenn það ekki? Hvers vegna skella þeir skollaeyrum við örvæntingarpöpunum? Hvernig getum við, sem þjóð, komið skilaðunum áleiðis? Ég er ráðþrota.

Feitir hestar

Feitir hestar eru fáséðir í bókaútgáfu. Það er ekkert nýtt og á við stærri lönd og fjölmennari en Ísland.

MENNING



Ólafur Jóhann Ólafsson
ríthöfundur og aðstoðarforstjóri Time Warner í Bandaríkjunum

Gamalreyndir menn í bransanum hér í Bandaríkjunum halda því fram að útgáfa bóka hafi aldrei verið arðsöm iðja enda til hennar stofnað af ástríðu fremur en draumum um ríkidæmi. Í gegnum tíðina hafa stórfyrirtæki tekið upp á því að kaupa bókaforlög og reynt að reka eins og aðra starfsemi en flest selt þegar þeim brást bogalastin. Nú er svo komið, jafnvel á stórum málsvæðum, að bókaforlög keppast við að skera niður kostnað og sameinast til hagræðingar eins og jafnan tíðkast þegar hallar undan fæti.

Á Íslandi hefur þessi iðja alltaf verið basl. Ég hef fylgst með henni frá blautu barnsbeini, séð forlög koma og fara – Íðunni, Örn og Örylg, Almenna bókafélagið, Svart á hvítu, Bókaútgáfu Menningarsjóðs – renna saman og undir nýja hatta – Helgafell, Mál og menningu, Forlagið, Bjart. Undanfarna mánuði munu tvö forlög hafa lagt upp laupana þrátt fyrir elju og góðan ásetning.

Og ekki skrifa ríthöfundarnir bækur til að verða ríkir. Eitthvað annað knýr þá til verka og njóta lesandur góðs af. Sem betur fer geta þeir sótt um starfslaun, án þeirra væri borin von að margar bækur litu dagsins ljós. Undirrituðum hefur stundum verið bent á að honum hafi tekist að stunda ritstörf án þess að þurfa á starfslaunum að halda og fylgja jafnan efasemdir um að þessi framlög hins opinbera séu nauðsynleg. Mér þykir ekki mikið til þessarar röksemdafærslu koma enda eru aðstæður mínar undantekning.

Nú kann sumum að finnast skriftir og bókaútgáfa litlu máli skipta og skilja ekki til hvers er verið að mylja undir þá starfsemi, eins og stundum er komist að orði. Ekki ætla ég að segja neitt ljótt um þær skoðanir enda er mönnum frjálst að hugsa sitt og segja frá því. En þeir eru líklega fleiri sem telja ritlistina sam-

→ Það væri misráðið af ráðamönnum að hugleiða hækkun virðisaukaskatts á bækur því hún getur ekki haft neitt gott í för með sér...

ofna tilvist okkar Íslendinga og eiga auðvelt með að færa rök fyrir því að án hennar værum við fátækari í nær öllum skilningi.

Misráðið

En hvað sem fólk finnst um þrenninguna sönnu og einu sem Snorri Hjartarson kvað um þá ættu allir að geta glaðst yfir nýjum upplýsingum frá Ágústi Einarssyni hagfræðiprófessor sem sýnt hefur fram á að á þessu ári er framlag ritlistar til verðmætastöðunnar á Íslandi um tuttugu og sjö milljarðar króna, eða hálf tanna prósent af landsframleiðslu, og störf sem tengjast ritlist um þrjú þúsund talsins. Hins vegar er ekki eins ánægjuleg sú niðurstaða prófessorsins að framlög hins opinbera til ritlistar séu skammléga lág, eins og hann kemst að orði. Eins og góðum hagfræðingum er tamt sýnir hann fram á með formúlum og reikningi að aukin fjárfesting myndi skapa meiri verðmæti og blómlegri bú.

Það væri misráðið af ráðamönnum að hugleiða hækkun virðisaukaskatts á bækur því hún getur ekki haft neitt gott í för með sér, hvorki andlegt né veraldlegt. Það þarf ekki flóknar formúlur til að sýna fram á að fjárhagslegur ávinningur yrði lítill sem enginn til skamms tíma og tjón mjög líklegt til langs tíma. Nær væri að lækka enn álögur á bækur og þar með bókaverð.

Ritstörf á Íslandi eru ævintýramennska sem rennt hefur stöðum undir tilveru okkar og færir líka björg í bú. Ég þykist viss um að þegar ráðamenn taka sér hlé frá önnur dagsins og þenkja og álykta í friði og ró komist þeir að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast sé að fjárfesta í ævintýramennskunni.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Opnunartilboð

27. okt. - 1. nóv. að Bíldshöfða 10

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

Frostlögur 20% afsláttur

PHILIPS Ljósapenni 25% afsláttur

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

Skál fyrir myndlistinni

Í kaffi, bjór, djús eða kampa-víni, eða bara Egils Kristal ef maður vill vera betri en hinir. Já, bræður og systur, í dag er dagur myndlistar. Dagur listformsins sem mótar sjónrænan veruleika okkar niður í minnstu smáatriði. Myndlistin er nefnilega mamma hönnunar, auglýsinga, tísku og eiginlega bara útlits alls þess manngerða sem við sjáum nú til dags. Já, hyllum þetta stórkostlega form mannlegrar tilvistar. Ég vinn sem myndlistarmaður en fyrst og fremst er ég myndlistaráhugamaður. Myndlistin er svo víðfeðm, það er vonlaust að skilgreina hana. Hún er alltaf að kanna nýjar formlausar lendur og umbreyta þeim í form, listaverk. Myndlistin er alltaf skrefi framár í hugmyndum en allt annað. Þónkið byrjaði í myndlistinni 1913. Já, skál fyrir myndlist.

MENNING



Ragnar Kjartansson
myndlistarmaður

Hér á Íslandi er kvik og brjáluð myndlistarsena. Hún hefur verið að springa út undanfarið og nú er rætt um íslenska myndlistarmenn á kaffihúsum Parísar og diskóbörum New York-borgar. Ég er þakklátur fyrir að búa á landi sem er iðandi af myndlistarlífi. Hér er allt fullt af listamönnum og áhorfendum. Hér er fólk á útkjálka sem lætur sig framþróun mannsandans einhverju varða. Skál. Myndlist er frelsi. Ég veit ekki um neinn brans sem gengur jafn mikið út á frelsi í hugsun, frelsi til að gera nákvæmlega það sem maður vill og þá virki það.

Ég hef einu sinni grátið fyrir framan listaverk. Það var „Merda d'artista“ eftir Piero Manzoni. Þetta eru litlar niðursuðudisir með

mannskít listamannsins frá 1961. Þegar ég sá verkið var dósin að verða 50 ára gömul. Listamaðurinn löngu dáinn. Eftir stóð þessi bjarti, prakkaralegi og magnaði hlutur. Það er ómögulegt að útskýra fyrir einhverjum ruddum af hverju ég grét, en ég gerði það.

Gullgerðarlist

Manzoni var svo frábær, dó svo ungur og þetta verk á eftir að lifa um aldir, hvað sem á dynur. Þetta var hans niðurstaða um hvað það er að lifa, vera til og vera listamaður – hvað listin er. Hún er nefnilega hin eiginlega gullgerðarlist. Að gera gull úr skít. Magnað. Ég nenni samt ekki að tala um efnahagslegan ávinning samfélagsins af listinni, afleiðd störf, styrkingu ferðamannaíðnaðarins og allt hitt sem óhjákvæmilega fylgir frábærri listasenu. Það er bara afskaplega jákvæð hliðarverkun. Myndlistin er svo mikil andans gjöf fyrir hvern og einn einasta sem setur sig inn í hana. Að njóta myndlistar eru mikil lífsgeði sem standa öllum til boða. Góðir hálsar, myndlist er að finna til. Við verðum að elska listaverk, þá skiljum við það. Við verðum að elska listina þá skiljum við hana. Þannig að þeir sem bölvu listinni og listamönnum eru örgustu vitleysingar sem kunna ekki að elska. Æ, ég tala bara svona af því að það er dagur myndlistar og þá má ég taka blaðið frá muninum. Lyftum kaffibollanum hátt á loft og hvíslum „skál fyrir myndlistinni og elskum þetta helvíti“.

**Gjafakort
Miðborgarinnar
okkar**
Fáanlegt í bókaverslunum
miðborgarinnar



BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRADARKOT
VESTURGATA
VITATORG



Töfrandi tónar í Miðborginni okkar

LANGUR LAUGARDAGUR 1. NÓVEMBER

Það er nóg við að vera í nóvember þótt napurt sé úti. Tónelskir ferðalangar spóka sig á strætum yfir Airwaves-hátíðina í leit að næstu stórstjörnum. Rjúkandi kaffi- eða kakóbolli býður þín á upphalds kaffihúsinu þínu og verslanirnar eru allar á sínum stað. Það verður langur og lífflegur laugardagur í miðborginni í dag. Opið til kl. 17:00 og víða lengur.
Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.

15:00-17:00 Tónleikar í Betri stofu Hins hússins

Miðborgin í nóvember:

5. - 9. nóvember	Iceland Airwaves
6. nóvember	Miðborgarvaka
7. - 9. nóvember	Unglist



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆRI!
— WWW.MIDBORGIN.IS —



HELGIN

Einar Kárason, rithöfundur

Fótboltahelgi

Stærsti viðburðurinn þessa helgina er aðalfundur Lunch United, sem er fótboltafélagið mitt. Við byrjum á að fara með rútu suður í Reykjaneshöll, þar spilum við á knattspyrnumóti og svo förum við í Bláa lónið. Þar verður borðað og svo venjuleg aðalfundarstörf, ræðuhöld, verðlaunaveitingar og gleði. Að öðru leyti þarf ég að vinna og sinna mínum nánustu.



Salka Sól Eyfeld, tónlistarkona

Rappöpp-gerð

Ég er að fara að spila á tónleikum, á frumsýningu hjá Leikfélagi Keflavíkur, æfa fyrir Airwaves og svo erum við Blær vinkona mín að fara að búa til stóra útgáfu af rappöppi.



Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar

Fjölskylduafmælisgleði

Ég er að fara upp í sveit að halda upp á afmæli mömmu minnar, á Torfastöðum. Þar verður borðaður góður matur, farið að veiða og þess notið að vera með fjölskyldunni.



Valgerður Matthíasdóttir, arkitekt og fjölmiðlakona

Vinna, barn og myndlist

Í dag verð ég að vinna að næsta Heilsugengisþætti og á morgun ætla ég að fara að sjá lítinn prins sem bróðursonur minn var að eignast. Svo ætla ég á myndlistarsýninguna hans Ragnars Kjartanssonar.


FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...




Á TÓNLEIKA MED DÚÓ STEMMU í Hannesarholti í dag. Klukkan eitt verða tónleikar fyrir börnin en klukkan fimm verður flutt dagskrá sem hentar betur fullorðnum.



Á NÝJA GEISLADISKINN FRÁ SKÁLMÖLD sem ber heitið Með vættum og er nýkominn út.



LOLITU sem er eitt þekktasta verk Vladimírs Nabokov og loksins fánleg á íslensku.



Á PÁTTINN SHAMELESS

sem er á dagskrá Stöðvar 2 á sunnudagskvöld þar sem sagt er frá skrautlegu lífi Gallagher-fjölskyldunnar.



MIKIÐ HLEGIÐ Sigrún Edda Björnsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir fara með kvenhlutverkin í farsanum Beint í æð og segja markmiðið að allir skemmti sér vel, leikarar og áhorfendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Pissum í okkur af hlátri

Leikkonurnar fjórar sem leika í farsanum Beint í æð hafa skemmt sér vel á æfingaferlinu. Þær segja áhorfendur vera í aðalhlutverki í sýningunni og markmiðið sé að fá fólk til að hlæja saman.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

Leikkonurnar Sigrún Edda Björnsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir hafa undanfarna tvo mánuði æft farsann Beint í æð, sem frumsýndur var í gærkvöldi. Farsinn er dæmigerður; mistök og lygar búa til gryfju sem aðalpersónan, sem Hilmir Snær Guðnason leikur, sekkur dýpra og dýpra í. Leikkonurnar eru sammála um að það sé gaman að leika í farsa, jafnvel enn skemmtilegra en að horfa á hann. Einnig að æfinga- og sýningarferlið sé töluvert frábrugðið því sem gengur og gerist í dramatískum leikritum.

Marianna: Í stað þess að maður leiti að tilfinningum og ástæðum fyrir að maður geri hlutina eins og maður gerir, þá hugsar maður meira um tíma-setningar, takt og taktbreytingar þannig að þetta verður svolítið eins og að æfa tónverk eins og Halldóra Geirharðsdóttir, leikstjóri sýningarinnar, hefur bent á.

Sigrún Edda: Svo eru áhorfendurnir mikilvægir og eru í raun aðalleikararnir í farsa. Maður er í dansi og miklu samtali við áhorfendur. Það er náttúrulega ekkert skemmtilegra en að sitja í fimm hundruð manna sal í leikhúsi og allir hlæja saman. Það er ekki fyrr en

áhorfendurnir koma að maður finnur rétta taktinn, svona fyrst við erum að líkja þessu við tónverk.

Þórunn Arna: Svo mætir maður náttúrulega mismunandi áhorfendum á hverri sýningu. Þannig að hver sýning er einstök, það fer eftir áhorfendahópnum og það gerir þetta líka spennandi.

Talið berst að kvenhlutverki í försum en þau virðast oft vera mikið bundin við kjána og konur með brókarsótt. Er það tilfellið í þessari sýningu?

Marianna: Það er ekki alrangt. Jóhanna Vigdís: Þær eru ekki alveg jafn veigamiklar og karlarnir. Karlarnir eru svo sem engar mannvitsbrekkur heldur. Það væri athyglisvert ef aðalhlutverkið í þessu verki væri í höndum konu því þá myndi þetta horfa allt öðruvísi við, þetta væri varla gerlegt. Það eru ákveðnar sterfótýpur til staðar, sem þarf að hafa í farsa. Þetta er gamaldags form þótt þetta sé náttúrulega heimfært á íslensk-ann nútíma.

Marianna: Aristóteles sagði að persónur í farsa séu aðeins síðri en manneskjur í raunveruleikanum. Þær eru svolítið breyskari og koma sjálfum sér í klandur. Áhorfendur finna til með þeim en ekki svo mikið að þeir geti ekki hlegið að þeim. Í drama eru persónurnar aðeins betri en raunverulegar manneskjur og áhorfendur fara alveg inn í tilfinningarnar og finna svo hrikalega til með þeim. Það fer enginn að gráta af samúð



Á SVIÐINU Hilmir Snær Guðnason leikur aðalhlutverkið, lækni sem upplifir versta dag lífs síns. Einstæð móðir frá Höfn í Hornafirði, sem Marianna leikur, kemur til að mynda af miklum krafti inn í líf hans og setur allt á hvolf. MYND/BORGARLEIKHÚSIS

með aðalpersónunni í þessu leikriti, jafnvel þótt hann sé að upplifa versta dag lífs síns.

Sigrún Edda: Þetta er samt alveg sérstaklega vel skrifaður farsa og þessi höfundur hefur skrifað um hundrað farsa. Hann kann þetta. Þetta er í raun alvöru manneskjur, venjulegar manneskjur sem lenda í fánæglegum aðstæðum. Það getur bara verið svo fyndið þegar fólk klúðrar öllu.

Þórunn: Það er rosalega langt síðan ég hef hlegið svona mikið eins og ég hef gert síðustu tvo mánuði á æfingum. Það eitt og sér er rosalega gefandi. Maður pissar í sig og grenjar af hlátri.

Marianna: Já, áhrifin af farsa eru ekki vitræn enda er markmiðið að fólk hlæi sig máttlaust og komist í dásamlegt ástand og

„Áhrifin af farsa eru ekki vitræn enda er markmiðið að fólk hlæi sig máttlaust og komist í dásamlegt ástand og verði þar af leiðandi skemmtilegri manneskjur.“

Marianna Clara Lúthersdóttir, leikkona.

verði þar af leiðandi skemmtilegri manneskjur.

Leikkonurnar eru sammála um að það sé afar göfugt markmið og ætla í leiðinni að hafa gaman af sjálfar. Beint í æð er eftir Ray Cooney, sem einnig samdi gamanleikina Viltu finna milljón? og Nei, ráðherra! sem Borgarleikhúsið hefur áður sett upp.

ICEWEAR OUTLET STORE

FÁKAFEN 9

VETRAR- OG ÚTIVISTARFATNAÐUR
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



EMIL Vatteraður jakki
með klassísku sniði.
Verð áður: 22.900
Verð nú: 4.990

ICEWEAR OUTLET STORE • FÁKAFEN 9 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 555 7412 • WWW.ICEWEAR.IS
OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10:00-18:00 • LAUGARDAGA 10:00-16:00 • SUNNUDAGA 12:00-16:00

S.O.U.L

TANZANIA-LÍNAN KOMIN AFTUR

TANZANIU HÚSGÖGNIN ERU ÚR GEGNHEILLI ENDUR-NÝTTRI FURU.

TANZANIA BEKKUR
75.990

TANZANIA BORDSTOFUBORÐ
142.990

TANZANIA BORDSTOFUSKÁPUR
434.980

S.O.U.L LAVAL BORDSTOFUSTÓLL
89.990

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

S.O.U.L. GÓLFMOTTUR KR. 16.990 STK.

FULL BÚÐ AF FALLEGRI SMÁVÖRU

iittala

ALESSI

IVY

Rever & Rhul

by nord

VIDIVI

nuance

eva solo

STUMMINGULL

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

Rosti mepal

b
broste
COPENHAGEN

bodum

S&P
Salt&Pepper



1



2



8



9



3



4



5



1. BROSTE LUKT VERÐ: 9.990 KR.
2. BROSTE LUKT VERÐ: 9.990 KR.
3. BROSTE VASI VERÐ: 4.990 KR.
4. BROSTE VASI VERÐ: 4.990 KR.
5. BROSTE VASAR 4 STÆRDIR/LITIR VERÐ FRÁ: 2.990 KR.
6. IITTALA MARIBOWL SKÁL VERÐ: 5.990 KR.
7. IITTALA KASTEHELMÍ SKÁLAR VERÐ: 3.990 KR.
8. BROSTE LUKT VERÐ FRÁ: 5.990 KR.
9. LUKT MINNI VERÐ: 11.990 KR. STÆRRI VERÐ: 15.990 KR.
10. IITTALA AALTO VASI VERÐ FRÁ: 11.490 KR.
11. IITTALA KASTEHELMÍ STJAKAR VERÐ: 2.490 KR.
12. S&P RAUÐVÍNSGLÓS VERÐ: 1.990 KR. STK.
13. S&P OSTABAKKI VERÐ FRÁ: 14.990 KR.
14. EVA SOLO KARAFLA VERÐ: 9.990 KR.



b
broste
COPENHAGEN



13



6

iittala



7



12

S&P
Salt&Pepper



14

eva solo

COSTA

FJÖLSKYLDUSÓFINN

COSTA
20%
AFSLÁTTUR




319.990

FULLT VERÐ: 399.990

COSTA Tungusófi. Stærð: 305x200 cm. Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Einnig fánlegur í leðri. Hnakkapúði ekki innifalinn í verði.

HÚSGÖGN FYRIR LIFANDI HEIMILI

EGGERT – 3JA SÆTA SÓFI



ÓTRÚLEGT
VERÐ
IDdesign

79.990

FULLT VERÐ: 99.990

EGGERT 3ja sæta sófi. Stærð: 186x84 H: 83 cm. Slitsterkt áklæði í þremur litum, ljósgrátt, dökkblátt og limegrænn. Viðarlappir.

UMBRIA – HORNSÓFI MEÐ TUNGU



369.990

FULLT VERÐ: 419.990

Stærð: 330x265 H: 78 cm. Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

Verð og vörupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.




furninova

VESTA
25%
AFSLÁTTUR

VESTA SÓFAR FRÁ FURNINOVA ÓTAL ÚTFÆRSLUR Í BOÐI – DÆMI


VESTA 3ja sæta sófi



Stærð: 230x94x74x80

TILBOÐSVERÐ
FRÁ: 194.990 KR.
Fullt verð frá 259.990


VESTA tungusófi



Stærð: 295x94/160x74/80

TILBOÐSVERÐ
FRÁ: 299.990 KR.
Fullt verð frá 399.990

VESTA hornsófi 2,5H2,5



Stærð: 285x285x94/80

TILBOÐSVERÐ
FRÁ: 434.990 KR.
Fullt verð frá 579.990

Vesta er fánlegur í nokkrum tegundum af áklæði og leðri, tvennskonar bólstrun og bak getur verið hátt og lágt.

TILBOÐ Á VÖLDUM ELDHÚS OG BORÐSTOFUSTÓLUM



MARCUS
eldhússtóll.
Margir litir.

AFSLÁTTUR
2.000
KRÓNUR!

TILBOÐSVERÐ: 5.990 KR.
Fullt verð 7.990



AROS
eldhússtóll.
Hvítur.

AFSLÁTTUR
4.000
KRÓNUR!

TILBOÐSVERÐ: 8.990 KR.
Fullt verð 12.990



WOODY
eldhússtóll.
Svartur.

AFSLÁTTUR
7.000
KRÓNUR!

TILBOÐSVERÐ: 12.990 KR.
Fullt verð 19.990



ANDREW
eldhússtóll.
Brúnt leður.

AFSLÁTTUR
6.000
KRÓNUR!

TILBOÐSVERÐ:
13.990 KR.
Fullt verð 19.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

HVER VERÐUR NÆSTI FORSETI ÍSLANDS?


NIÐURSTÖÐUR SKOÐANA-KÖNNUNAR SÝNA STERKA STÖÐU JÓNS GNARR

4% sögðust vilja einhverja konu



Ólafur Ragnar Grímsson

9%



Jón Gnarr

47%

→ Aðrir sem voru nefndir

Bergþór Pálsson
Dagur B. Eggertsson
Davið Oddsson

Dorrit Moussaieff
Geir H. Haarde
Guðni Ágústsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir
Herdís Porgeirsdóttir
Katrín Jakobsdóttir

Kristín Ingólfssdóttir
Porsteinn Pálsson

Póra Arnórsdóttir

3%



Ari Trausti Guðmundsson

2%



Ragna Árnadóttir

9%

Flestir vilja að Jón Gnarr taki við af Ólafi Ragnari Grímssyni

Jón Gnarr, Ólafur Ragnar Grímsson og Ragna Árnadóttir eru þau nöfn sem fólk nefnir helst þegar það er spurt hvern það vilji helst sjá sem næsta forseta Íslands. Skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að Jón er vinsælli á meðal karla en kvenna.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, nýtur langmests stuðnings Íslendinga sem næsti forseti Íslands. Sextán prósent þeirra sem spurðir voru í könnun Fréttablaðsins sögðust vilja sjá hann sem næsta forseta Íslands, þrjú prósent nefndu Ólaf Ragnar Grímsson og þrjú prósent Rögna Árnadóttur.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 47 prósent vilja fá Jón Gnarr í embætti forseta. Næst flestir sögðust vilja Ólaf Ragnar Grímsson og Rögna Árnadóttur, en í báðum tilfellum voru níu prósent sem sögðust vilja þau.

Jón Gnarr er mun vinsælli meðal karla en kvenna. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 54 prósent karla myndu vilja hann sem næsta forseta á móti 36 prósent kvenna. Aftur á móti er Ragna Árnadóttir mun vinsælli á meðal kvenna en karla. Tólf prósent kvenna sem tóku afstöðu myndu vilja hana sem næsta forseta en sjö prósent karla. Ólafur Ragnar Grímsson er aftur á móti álíka vinsæll á meðal karla og kvenna.

Forsetaframbjóðendur úr síðustu kosningum, þau Þóra Arnórsdóttir og Ari Trausti Guðmundsson, njóta ekki eins mikils stuðnings við mögulegt framboð og hin þrjú fyrrgreind. Þrjú prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu vilja Þóru sem næsta forseta Íslands og tvö prósent segjast myndu vilja sjá Ara Trausta Guðmundsson sem næsta forseta Íslands.

Það sem vekur líka athygli er að þegar svörin eru greind eftir kjördæmum sést að Jón Gnarr nýtur minnstu vinsældanna í Reykjavík

og Suðurlkjördæmi. Í báðum þessum kjördæmum segjast 39 prósent svarenda vilja hann sem næsta forseta Íslands. Hann nýtur hins vegar mestu vinsældanna í Norðvesturkjördæmi þar sem 83 prósent segja að þeir myndu vilja hann sem næsta forseta.

Séu svör greind eftir stuðningi við stjórnmalaflokka virðist sem mestur stuðningur við Jón Gnarr sé á meðal kjósenda Pírata. Alls sögðust 71 prósent kjósenda Pírata vilja Jón sem forseta, 65 prósent kjósenda Bjartrar framtíðar og 60 prósent kjósenda Samfylkingarinnar.

Fréttablaðið bar niðurstöður skoðanakönnunarinnar undir Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, en fékk þær upplýsingar að hann hefði það ekki fyrir vana að bregðast við upplýsingum af þessu tagi. Ragna Árnadóttir segist ekki hafa íhugað að bjóða sig fram til forseta Íslands. Hugmyndin hefur vissulega verið rædd við hana, en hún segist ekki hafa fengið áskoranir um framboð. „Myndi frekar orða það sem vinsamlega hvatningu, reyndar í báðar áttir,“ segir hún í svari til Fréttablaðsins.

Ólafur Ragnar Grímsson er fimmti forseti lýðveldisins Íslands. Hann var endurkjörinn forseti vorið 2012 og að óbreyttu mun kjörtímabil hans renna út 31. júlí 2016. Hann hefur þá verið forseti Íslands í 20 ár, lengur en nokkur annar.

Könnunin var gerð dagana 21. og 22. október. Spurt var: Hvern myndir þú vilja sjá sem næsta forseta Íslands? Hringt var í 1.241 manns þangað til 801 svaraði. Alls tóku 34 prósent aðspurðar í könnuninni afstöðu til spurningarinnar með því að nefna tiltekið nafn, 58 prósent nefndu ekkert nafn og átta prósent kusu að svara ekki spurningunni. Úrtakið er lagskipt slembiúrtak.

JÓN GNARR ER ANDÓFSMAÐUR



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

„Miðað við fyrri vísbendingar þá kemur þetta ekkert á óvart,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hann tekur þó skýrt fram að langt sé til kosninga og umræðuefnið sé dægurmál núna. Það sé fullsnemmt að segja núna til um hver staðan verði 2016.

„Það eru tvö ár til kosninga og það gæti svo margt breyst. Að öllu jöfnu eru forseta-kosningar á Íslandi þannig að fólk vill kjósa einhvers konar mótvægi við ráðandi öfl, til dæmis við ríkisstjórn á hverjum tíma,“ segir Guðni. Jón sé þá fulltrúi sjónarmiða andófsaflanna. „Hann er andófsmaður og hann fór í pólitík eftir hrunið og þær hörmungar, þegar komin var

ofurþreypa og ofuróánægja með ráðandi stéttir og stjórnmalalífnið almennt. Haldi sá andi áfram verður ákallið ábyggilega sterkt að fá forseta sem er í hans líki. Gamall grínisti sem enginn veit hvenær á að taka mark á og hvenær ekki,“ segir Guðni. Stuðningur við Jón Gnarr yrði þá líka yfirlýsing um breytta ásýnd forsetaembættisins. „Það verði oformlegra, fjær tildri og svoleiðis,“ segir Guðni.

Guðni bendir á að forsetaembættið sé mjög ólíkt embætti borgarstjóra í eðli sínu. „Sem borgarstjóri gat Jón reitt sig á harðsnúid lið pólitískra félaga sem léttu honum lífið og embættismannakerfið. Embætti forseta Íslands er allt öðruvísi en

embætti borgarstjóra. Forsetinn er einn, forsetinn veitir ekki verkum eða ábyrgð yfir á aðra, hvorki í jákvæðum né neikvæðum skilningi,“ segir Guðni. Það yrði því kannski umhugsunarefni hvernig Jóni myndi líða á forsetastóli og hvort stuðningur við hann myndi endast út eitt kjörtímabil eða fleiri. „En auðvitað er vonlaust að segja til um það fyrirfram,“ segir Guðni.

Guðni segir að áður en það liggir ljóst fyrir hverjir muni gefa kost á sér þurfi, miðað við hefð og venjur, sá sem er á forsetastóli að gefa til kynna með mjög skýrum hætti að hann gefi ekki kost á sér áfram. Tilefni til þess séu ræða við setningu Alþingis eða áramótaávarp.

ALMENN AFSTAÐA OG ÚTGEISLUN SKIPTIR MÁLI



SILJA BÁRA ÓMARSÐÓTTIR

Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmalafraeðingur segir að niðurstöðurnar séu í samræmi við það sem fólk hafi séð í fyrri könnunum. „Það er alveg augljóst að fólk hefur líkað við hvernig hann var sem borgarstjóri og hefur viljað sjá þann anda sem hann kom með í borgina og færa hann yfir á Bessastaði,“ segir hún. Hún bendir þó á að Jón Gnarr hafi ekki lagt fram nein stefnumál eða markmið þannig að það sé almenn afstaða hans og útgeislun sem skipti máli.

„Hann hefur aldrei talað um hvað hann vildi gera,“ segir Silja Bára en bendir á að í borgarstjórn sinni hafi hann lagt áherslu á mannréttindamál,

fríðarmál og verkefni sem hann tók upp eins og að bjóða landlausum skáldum aðsetur. „Það er svona mannúðleg sýn eða afstaða sem fylgir honum sem virðist ná vel til fólks,“ segir Silja Bára. Stemningin fyrir Jóni Gnarr snúist um hann sem einstakling, en ekki hvar hann sé staddur á hinu pólitíska litrófi. „Ég held að þetta sé einhver svona léttleiki sem fylgdi borgarstjóraembættinu þegar hann var í því, sem fólk vill gjarnan sjá áfram annars staðar,“ segir hún.

Silja Bára segir að í könnunum sem þessum eigi svarendur erfiðara með að nefna konur en karla. Því komi það ekkert á óvart að konur komi ekki

sterkari út úr könnuninni. „Það er mjög áberandi ef þú kíkir á könnun sem Félagsvísindastofnun gerði um það hver er uppáhaldsleikari þjóðarinnar að þá er mjög áberandi að fólk getur ekki nefnt konur. Vinsælasta leikkonan var ónefnd. Það var engin sem fólk datt í hug. Þetta er alveg í samræmi við það að fólk tengir miklu frekar við nöfnin á körlum og konur þurfa að skapa sér pláss. Ég held að þetta sé ekkert endilega yfirlýsing um að fólk vilji karl í þetta embætti, heldur er þetta miklu frekar endurspeglun á samfélagslegu mynstri. Konur þurfa að segjast hafa áhuga til þess að það sé farið að taka eftir þeim,“ segir hún.



Þrjár kynslóðir sjálfstæðra kvenna



1.
Metsölulisti
Eymundsson
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

*Saga Katrínar Stellu Briem,
móður hennar og ömmu er
áhrifamikil örlagasaga sem hefur
legið í þagnargildi allt of lengi.
Ævintýri líkust.*



*„Stór og mikil saga.
Heillandi ... aldarspegill.“*

EGILL HELGASON / KILJAN



JPL
JPV ÚTGÁFA



HVER VERÐUR NÆSTI FORSETI ÍSLANDS?

Kominn tími á fjölskyldufund

Jón Gnarr er snortinn yfir að svo margir Íslendingar vilji sjá hann sem næsta forseta. Hann hefur ekki velt framboði fyrir sér en segir niðurstöður könnunar Fréttablaðsins verða til þess að hann muni leggjast undir feld og ræða málin við fjölskylduna.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



Þegar Jóni Gnarr eru tjáðar niðurstöður könnunar Fréttablaðsins verður hann snortinn og þakklátur en þær koma þó ekki sérlega á óvart. „Það hefur ekki farið fram hjá mér að margir eru að velja þessu fyrir sér og ég er mikið spurður út í þetta. Krakkar hafa kallað á eftir mér „Jón forseti“ úti á götu og eru greinilega mikið að pæla í þessu. Einnig hef ég séð margar umræður á Facebook um þetta og fólk á förnum vegi talar um þetta við mig, ég finn eiginlega fyrir þessu á hverjum degi. Ég er bara snortinn yfir að fólk skuli meta mig svona mikils eða hugsa svona hlýlega til mín.“

Jón hefur þó ekki velt forsetaframboði alvarlega fyrir sér og bendir á að kosningar séu ekki fyrr en eftir rúm tvö ár. „Ég hef ekki hugsað um þetta af neinni alvöru eða rætt málin við fjölskylduna eða mína nánustu. Þegar ég er spurður hvort ég útiloki ekki framboð vefst mér tunga um tönn. Fólk gæti alveg eins spurt hvort ég útiloki að verða kafari. Ég hef aldrei kafað og aldrei spáð sérstaklega í því en ég útiloka það alls ekki að verða kafari,“ segir Jón og hlær. „Ég veit nefnilega í rauninni ekki hvað starfið felur í sér eða hvað það gengur út á fyrir utan að mæta á frumsýningar og hlusta á skólakóra úti á landi.“

Vill ekki flytja út á land

Jafnvel þótt það hafi ekki farið fram hjá Jóni að hann sé bendlaður við embættið fær könnun Fréttablaðsins hann til að hugsa málið aðeins frekar enda fengi hann yfirburðakosningu byði hann sig fram samkvæmt henni. „Í ljósi þessarar könnunar sest ég kannski bara niður og skoða þetta niður í kjölinn og hugsa hvað ég ætli að gera. Ætli næsta skref sé ekki að halda fjölskyldufund.“ Jón viðurkennir að fjölskyldan hafi leikið sér með hugmyndina og kallar það Bessastaðagrínið. En gæti hann hugsað sér að búa á Bessastöðum? Jón skelli hlær að spurningunni. „Mér finnst reyndar ofsalega gott að búa í Reykjavík. Hún er uppáhaldsborgin mín í öllum heiminum. Að flytja út á land? Ég veit ekki alveg með það.“

Þegar Jón fór í framboð í borgastjórnarkosningunum fyrir rúmum fjórum árum var framboðinu tekið sem gríni. Jón hefur líkt framboðinu við gjörning og entist sá gjörningur í fjögur ár á meðan hann sat í borgastjórastólnum. En fólk virðist vera full alvara núna varðandi forsetaframboð. „Já, ég hef einmitt reynt að slá á létta strengi þegar fólk nefnir forsetaembættið við mig en það er ekkert að grínast. Það er ekki að hugsa þetta sem góðan brandara eða pönk. Þetta virðist vera einlægur vilji hjá mörgum og mér þykir auðvitað vænt um það. Einu sinni átti ég fótum mínum fjör að launa undan brjáluðum manni með sleggju í miðbænum og það hlógu bara allir. En það var ekkert grín. Þannig að jú, það er alveg gaman að vera einu sinni tekinn alvarlega.“

Grét þegar Vigdís var kjörin

Jafnvel þótt Jón hafi ekki mátað sjálfan sig í forsetaembættið hefur hann sterkar skoðanir á því hvernig forseti eigi að vera. „Hann á fyrst og fremst að vera sameiningartákn fyrir þjóðina inn á við en andlit þjóðarinnar út á við. Það er andinn sem lifir og formið sem deyr og embættið má aldrei yfirtaka einstaklingana sem gegna því. Þeir eiga að fá tækifæri til að ljá því sínar persónulegu áherslur.“

Nú hefur Ólafur Ragnar Grímsson gegnt embættinu í 18 ár. Finnst Jóni kominn tími á endurnýjun? „Mér finnst engin tímamörk þurfa að vera á þessu embætti eða að regluleg endurnýjun sé nauðsynleg. Það á frekar við um skemmtiefni hjá RÚV. Mér finnst það mikilvægara þar.“

Þegar Jón er spurður um uppáhaldsforsetann sinn er hann fljótur að svara. „Vigdís Finnbogadóttir. Ég var gríðarlega stoltur af að búa í landi sem hefði þann sköpunarkraft og hugrekki að kjósa Vigdís sem forseta. Frá því að ég var lítill hef ég alltaf kiknað í hnjánum þegar ég sé eða heyri í Vigdís. Þegar hún varð forsetinn okkar gerðist eitthvað svo fallegt. Ég var á unglingsaldri og man að ég fór smá að grenja. Mér fannst eins og íslenska þjóðin hefði farið á hærra plan en hún var á áður. Úrslitin voru líka svo óvænt. Maður von-



„Ég var gríðarlega stoltur af að búa í landi sem hefði þann sköpunarkraft og hugrekki að kjósa Vigdís sem forseta. Frá því að ég var lítill hef ég alltaf kiknað í hnjánum þegar ég sé eða heyri í Vigdís. Þegar hún varð forsetinn okkar gerðist eitthvað svo fallegt. Ég var á unglingsaldri og man að ég fór smá að grenja.“

GOTT AÐ BÚA Í REYKJAVÍK Jón Gnarr segist varla geta hugsað sér að flytja út á land og er hann þá að tala um Bessastaði á Álftanesinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

aði að Vigdís myndi vinna en stórefaðist um það. Svo gerðist það og það er svo gaman að fá staðfestingu á því að hið óvænta getur gerst. Það er ekki alltaf ranglæti og heimska sem sigrar, stundum vinnur réttlætið og góðmennskan.“

Áhugi á Besta flokknum

Síðustu vikurnar hefur Jón unnið að þriðju bókinni um æskuár sín sem mun heita Útlaginn. Þar fyrir utan hefur hann áhuga á að halda áfram að búa til sjónvarps- og útvarps efni. „Ég er búinn að vera að horfa á Vaktaseríuna og finnst það ógeðslega fyndið stöf. Þetta er það sem mig hefur alltaf langað til að gera, en ég hef verið svolítið upptekinn. Ég finn mikla þörf fyrir að kíkja aftur á svona, búa til týpur úr fólkum sem ég hef kynnst og leika mér með tungumálið, en svo veit ég ekkert hvaða stemning er fyrir því.“

Í janúar flytja Jón Gnarr og fjölskylda til Texas í nokkra mánuði. Þar mun Jón starfa við stofnun við Rice-háskólann í Houston.

Í stuttu máli mun starfið felast í að fræða háskólamenn um hugmyndafræðina að baki Besta flokknum og um leið mun Jón fá fræðslu um loftlagsbreytingar og hlýnun jarðar. „Ég hef orðið var við mikinn áhuga og virðingu fyrir þeirri hugmynd sem Besti flokkurinn er byggður á. Það að Besti flokkurinn hafi orðið til og unnið kosningarnar er fyrir mörgum eins og þegar Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti. Þetta er ekki allt fyrirsjáanlegt og leiðinlegt. Hreyfingar í anda Besta flokksins eru að skjóta upp kollinum víða. Þær eru ekki alveg eins en keyra á sömu grunnildum sem er áhersla á ákveðna tegund af samskiptum, mannréttindi, jafnrétti auk lista- og umhverfissjónarmiða.“

Tekur sér umþóttunartíma

Jón kemst á mikið flug þegar talið berst að hugmyndafræði flokksins og þá vaknar spurningin hvort þessi hugmyndafræði rími ekki vel við íslenska forsetaembættið. „Það vantar sannarlega fleiri til að tala máli frið-

ar og mannréttinda á heimsvísu. Í átökum er alltaf um tvennt að velja; að slást eða tala saman. Að tala saman tekur oft lengri tíma og það þarf að kunna það, á meðan að slást er oft fljótvirkara og virðist árangursríkara en það er svo mikil skammtímalausn og mun dýrara til lengri tíma lítið. Við erum enn að reyna að leysa eitthvað sem átti að leysa með vopnvaldi fyrir hundrað árum og víða er það orðið óleysanlegt. Þannig að jú, vissulega væri fulltrúi Íslands verðugur í því að tala fyrir friði og friðsamlegum lausnum. Við erum friðsamnt land og eigum mikla friðarsögu.“

En er starfslýsing forseta þá ekki komin? Þarftu að ihuga þetta frekar? Jón Gnarr skellir upp úr. „Ég ætla að taka mér svona umþóttunartíma, kallast það ekki það? Ég ætla að finna mér tíma til að hugleiða þetta og reyna svo að svara skýrt og skorinort eins fljótt og ég treysti mér til, svo að fólk sé með þetta á hreinu. Ég vil hafa hlutina á hreinu og ætla ekki að leika neinn leik. Mér leiðast svona leikir. Hef aldrei skilið þá.“

TAXFREE

Á Netunna's heilsurúmmum



LOKAHELGIN

**EKKI
MISSA AF
ÞESSU**



VERDDÆMI
REST HEILSURÚM
TAXFREE
160 X 200 CM TAXFREE-VERÐ
KR. 79.600

DORMA
HOLTAGÖRÐUM
**OPIÐ
ALLA HELGINA**
Taxfree dögum lýkur
á sunnudag

DORMA
- býður góða nótt
TAXFREE
20,32% afsláttur*
á meðan birgðir
endast!

Tvennutilboð
Hlý og vönduð
dúnsæng og
dúnkoddi
Aðeins
kr. 18.900
Fullt verð: 23.800

Heilsurúm
í stærðunum
80, 90, 100, 120,
140, 160 og 180 cm.
Dýna, botn og
lappir.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðis-
aukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn
er alfarið á kostnað DORMA.





ÖFLUGUR
Jón Óskar er stór í sniðum, hann ætlar að leggja undir sig Listasafn Íslands um næstu helgi og Tvo hrafna að auki. Sextugur og hefur aldrei verið afkastameiri.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

“ Þegar fólk skilur ekki eitthvað brýst það oft út í einhverri reiði, segir að þetta sé bara eitthvað rugl. Hins vegar er okkur öllum samt að gera myndir. Það er eitt það fyrsta sem barnið gerir.

Mynd aldrei betri en áhorfandi

Jón Óskar er einn merkasti myndlistarmaður Íslands. Hann fagnaði sextugsafmæli á dögunum og leggur nú undir sig Listasafn Íslands með risasýningu. Það dugar ekkert minna. Jakob Bjarnar ræddi við listamanninn sem er kröftugri en nokkru sinni.

Jakob Bjarnar Grétarsson
jakob@365.is



Þegar ég fór fyrst til að hitta Jón Óskar myndlistarmann vegna þessa viðtals, þar sem hann býr úti á Granda í stúdíói sínu ásamt Huldu Hákon myndlistarkonu og Sheffertíkinni Heiðu, hitti ég á listamanninn í ham. Hann var með bandarísku pónksveitina Ramones hátt stillta í hátölurum, hljómsveit sem hann kynntist þegar hann var við nám í New York og stundaði CBGB's í kringum 1980, klæddur hlýraból og gallabuxum, útataður í málningu, úfinn og sveittur, reykti Camel filterslaust og var með rauðvínsglas sem hann greip í milli þess sem hann virti fyrir sér verk sem hann var að vinna að og sveiflaði penslinum á búðarfullur. Risavaxinn og tilkomumikill við sín risavöxnu verk. Hvað er í gangi? „Ég er að opna sýningu, öllu heldur tvær sýningar sömu helgina, eftir viku, annars vegar í Listasafni Íslands og svo Tveimur hröfnum.“

Pensillinn teymir risann

Já! Jón Óskar er stór í sniðum. Hvernig sem á það er litið. Er þetta í tilefni afmælisins? „Nei, það er tilviljun. Það sem ég er að sýna er frá síðustu þremur árum, eða svona um áttatíu prósent af þessu. Og svo eru nokkur eldri sem ég nota eiginlega sem tengingar aftur í tímann.“

En hvernig ber að skilgreina þessi verk? Er þetta einhvers konar pop-list eða eru tímarnir of póstmóðernískir til að leyfilegt sé að flokka, um of? „Ég eiginlega skilgreini mig ekki. Mér finnst það

vera annarra. Vinnustofan er eins og hreiður. Maður dregur að sér dót sem maður vinnur með. Hleðst svo upp í marga flokka mynda. Ég er ekkert besti maðurinn til að flokka þetta þó ég hafi ekkert á móti flokkunum, það er í raun bara til að auðvelda umræðu.“

Þegar ég spyr Jón Óskar hvernig hann hafi verið flokkaður, kemur hik á listamanninn.

„Það hefur verið talað um að það sé existentialismi í þessu, ég er sáttur við það. Sjálfur er ég þannig að ég hef yfirleitt meiri áhuga á myndlistarmönnum en myndlistarverkum. Og þegar ég sé verk eftir einhvern þá verð ég alltaf forvitinn; hvernig maður eða kona er þetta og hvernig stendur á því að viðkomandi gerir svona myndir? Ég sakna þess oft í lista-tímaritum og katalógum, þar sem gefnar hafa verið út finar greinar, að það er sjaldnast mynd af mannum. Sem mér finnst oft skýra svo mikið. Skýr dæmi um þetta eru til dæmis menn eins og Bacon og Jeff Koons, svo einhverjir séu nefndir. Þegar þú sérð myndir af þessum mönnum og lest viðtöl við þá, skilurðu svo margt betur í verkum þeirra.“

Enga lotningu gagnvart listinni

Ég hef oft dáðst að því hversu greiða leið drengjaveröldin virðist eiga í verk Jóns Óskars, en er hún ekkert varhugaverð, þessi strákamening í heimi myndlistarinnar? Það er varla að Jón skilji spurninguna. „Ég er náttúrulega bara karl. En ég hef gaman af leik. Alltaf þótt gaman að leika mér. Myndlist hefur aldrei verið fyrir mér dauðans alvara. Ég held að það stafi af því að ég kem frá þannig heimili. Móðir mín er myndlistarkona og það var rætt mikið um myndlist heima. Hún var aldrei framandi

heimur fyrir mér. Hún var ekki á einhverjum stalli heldur eðlilegur hlutur. Ég vissi alveg hvað þetta er í raun strembinn heimur. Þannig að ég hef aldrei séð myndlist í einhverjum hillinum. Auðvitað má taka hana alvarlega og það á að taka hana alvarlega en það á ekki að vera þannig að maður sé fullur lotningar. Svo vil ég náttúrulega að myndlist spegli að einhverju leyti hvað maður er.“

Og óhætt er að fullyrða að myndlist Jóns Óskars rími við manninn. Þetta er stórgert og laust við þjátur og smámunasemi.

„Þó ég leggi upp úr vönduðum frágangi, þá áttaði ég mig á því á sínum tíma að það gengur ekki í mínu tilfelli að fást við fagaða list. Ég lét gera fyrir mig fullt af finum römmum sem þurfti að taka á með hvítum hönskum og ég var búinn að rústa þeim öllum á stuttum tíma. Mírar myndir verða að vera kámugar, öll mín vinnubrögð eru því. „Hands-off-high-polish“ á ekki við um mig. Öll mín myndlist finnst mér einkennast af „hands on“ vinnubrögðum, í rauninni.“

Engin pólitísk skilaboð

Stundum er best að spyrja eins og barn og látast ekki vita að alvöru listamenn vilja sjaldnast útskýra verk sín. Um hvað er þetta? Ertu að reyna að segja með verkum þínum?

„Nei, það eru engin skilaboð. Ég er ekki kominn hingað til að bæta þennan heim með verkum mínum. Það eru engar patentlausnir þarna. Myndirnar eru vitnisburður um sýsl einhvers einstaklings sem er að glíma við flöt. Þetta eru ummerki um það. Ég er að bregðast við umhverfinu. Counter-Strike-serían er dæmi um þetta; heimur sem þú ert í um eitt hvert skeið og finnst forvitnilegur.

Og þá fer það inn í myndirnar. Ég hef alltaf verið aðdáandi teiknimynda og það hefur ratað inn í myndirnar. Snemma á ferlinum var þetta sambland af pólitískum og trúarlegum ímyndum. Sem ég rek til þess þegar ég var að vinna á flokksblöðunum í gamla daga. En þetta eru ekki pólitísk verk eða athugasemdir.“

Skilningsleysi brýst út sem reiði

Jón Óskar hefur undanfarna mánuði einbeitt sér að myndlistinni, en hann hefur samhliða henni lengi hannað og brotið um blöð og tímarit. Hvernig er hann að upplifa stöðu myndlistar á Íslandi í dag? Skiptir hún einhverju máli? „Ég held hún hafi verið virðulegri hér áður. Meira á stalli. Fjöldi myndlistarmanna hefur aukist gríðarlega. Ég held að meðlimir í SÍM séu á sjötta hundrað. Sennilega svona fimm þúsund myndlistarmenn starfandi með einum hætti eða öðrum. Og, ég held að það sé frábært að sem flestir fáist við þetta. En á sama tíma er kannski áhugi samfélagsins á þessu takmarkaður. Við erum ekki menningarþjóð. Við höfum logið því að okkur að við séum bókabjóð. Það er vegna þess að það voru innflutningshöft og þetta var það eina sem var hægt að gefa í jólagjafir. En á móti eru Íslendingar ófeimnir við að segja það sem þeim finnst um bækur. Það finnst öllum þeir hafa vit á bókum. En þegar kemur að leikhúsi, tónlist og myndlist er fólk feimnara við að tjá sig. Ýtir því frá sér. Og þegar fólk skilur ekki eitthvað brýst það oft út í einhverri reiði, segir að þetta sé bara eitthvað rugl. Hins vegar er okkur öllum samt að gera myndir. Það er eitt það fyrsta sem barnið gerir. En hver mynd eða bók er aldrei betri en áhorfandinn. Almenn

afstaða er sú að ef fólk sér ekkert út úr hlutnum er hann ekki góður. En maður á ekkert endilega að skilja hluti, heldur upplifa þá. Frábært er að fá góðan áhorfanda sem leyfir sér að upplifa.“

Hefur gaman að Eyjamönnum

Jón Óskar og Hulda kona hans hafa lengi átt vinnustofu úti í Eyjum. Talandi um skilningsleysi gagnvart list sem brýst út í reiði... hvernig gengur sambýlið við Eyjamenn? „Það er alveg frábært. Föðurfólk mitt er Eyjafólk. Ég var þarna stundum sem krakki. Fór á sjó frá Eyjum sem unglingur. Ég hef alltaf verið hrifinn af Eyjamönnum. Þeir eru svo kröftugir. Sumir vilja meina að þeir séu frekir, sem þeir eru en það heldur líka í þeim lífinu. Þetta samfélag í Eyjum er í sókn. Svo hafa menn verið að agnást út í hann Elliða (Vignisson bæjarstjóra) og vissulega fer hann stundum offari. En ég er hrifinn af látunum í honum. Hann ver sína haga, sitt hlað, sínar eyjar.“

Jón Óskar hefur sýnt tvisvar úti í Eyjum og Hulda Hákon einnig. „Eyjaskeggjar hafa bara gaman af þessu. Þeir hlæja að vitleysunni. Þeir eru bara eins og önnur samfélög þegar að þessu kemur, sumir eru mjög áhugasamir og aðrir ekki. Það er bara þannig. Það er ekki bara fiskur í Eyjum.“

En þú dregur umhverfi þitt inn í verk þín, veran úti í Eyjum hefur ekki haft þau áhrif á þig að þú hafir farið út í að mála fisk?

„Nei, ekki eins og konan mín. Nei, það er langt í það. Ég held að það séu bara Helgi Þorgíls og Hulda sem eru í fiskunum.“

visir.is

Lengri og ítarlegri útgáfu viðtalsins við Jón Óskar er að finna á Vísí.

Er prentkostnaðurinn í ruglinu?

Lækkaðu hann um allt að 30%



Betri yfirsýn
yfir prentun



Lægri kostnaður –
fast verð á mánuði



Umhverfsvænni
prentun



Við sjáum um
rekstur og viðhald

Rannsóknir sýna að útvistun á prentrekstri getur lækkað prentkostnað um allt að 30%. Með útvistun fá fyrirtæki líka aukinn tíma og svigrúm til að sinna kjarnarekstri sínum.

Advania býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sérsníðna prentþjónustu. Náðu tókum á prentkostnaðinum. Hafðu samband við okkur og við sérsníðum lausn handa þér og þínu fyrirtæki.

advania.is/prentlausnir | Sími 440 9010



advania

Welcome to IT

Náttúruvernd gerir alla auðugri

Brynja Davíðsdóttir náttúrufræðingur lærði hamskurð og uppstoppun fyrst íslenskra kvenna. Uppstoppunin er vetrariðja en sumrunum ver hún við vörslu Teigarhorns við Djúpavog sem hún sér fyrir sér sem fræðslujörð Íslands í framtíðinni.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Nokkrir sætir spörv-ar brosa við mér úr glerskáp á ganginum hjá Brynju Davíðsdóttur. Fuglar sem hún hefur stoppað upp sjálf. Við tyllum okkur í eldhúsinu og hún býður upp á te úr sigurskúfi frá Teigarhorni. Það smakkast ljómandi vel. Þetta heitir að lifa á landsins gæðum og ég spyr hvort hún hafi snemma fengið áhuga á náttúrunni.

„Ég elst upp sem hluti af náttúrunni. Mamma og pabbi voru líklega hippar þegar ég var að alast upp. Þau voru grænmetisætur, við bjuggum á Laugarvatni og ræktuðum mikið heima. Manni var kennt að lifa í sátt við náttúruna og taka eftir öllu. Ég er samt sú eina af þremur systkinum sem hef það svona sterkt í mér.“

Mamma, Janice Balfour, er alger náttúruunnandi, þannig að ég á ekki langt að sækja þann áhuga en hef kannski fengið vísindahlíðina meira frá pabba, Davíð Þorsteinssyni, hann er eðlisfræðingur og rosalegur pælari. Verkvitið hef ég frá þeim báðum, mamma spinnur og þrjónar og pabbi smíðaði og gerði við bíla þegar ég var að alast upp ásamt því að taka ljósmyndir og framkalla heima. Ég hef alltaf haft gaman af verkfærum, fór alltaf með pabba í Brynju og tengdi mig vel við þá verslun. Að leiðast út í uppstoppun var því eðlilegt fyrir mig.“

Tign yfir kríunum

Brynja á tuttugu ára starfsafmæli sem hamskeri. „Ég fór til Bretlands tæpra níttján ára með námsstyrk frá menntamálaráðuneytinu og var í þrjú ár að læra fagið. Einbeitti mér að því að stoppa upp fugla þó ég hafi líka lært vinnubrögðin við stærri dýr. Ég var ekki að hugsa um hvernig ég mundi framfleyta mér heldur var það sterkur áhugi sem réð þessu vali. Það hafði líka áhrif að þegar ég var barn fannst mér uppstoppaðir fuglar sem ég sá, á Náttúruminjasafninu og víðar, ekki vera nógu eðlilegir því ég vissi nákvæmlega hvernig þeir líta út í lífinu.“

Hún kveðst hafa sérhæft sig í smáfuglum. Skyldi ekki vera vandasamast af öllu að handfjatla þá? „Ef maður venst á að vinna við stóra hluti þá tapar maður vissri tilfinningu og fín-hreyfingum. Mér finnst þeir bara svo fallegir þessir litlu fuglar, en auðvitað er allt í þeim voða viðkvæmt og smátt og þegar verkið er búið þá er það bara þínulítið. En aðalatriðið er að hugsa um tegundina sem maður er með milli handanna hverju sinni og skila henni eins vel uppstoppaðri og hægt er, svo hún geymist.“

Auðnuttlingar eru í uppáhaldi hjá Brynju og ekki síður kríurnar. „Mér finnst kríur ofboðlega fallegar, það er svo mikil tign yfir þeim og þær eiga sér þessa löngu ferðasögu því þær fljúga alla leið til Suðurskautslandsins yfir vetrurinn. Vaðfuglar eru æðislegir líka en ég stoppa allt upp, líka hrútskauts og tófur. Frábærast finnst mér þegar fólk kemur með smáfugla til mín, það er svo skemmtilegt að vinna fyrir fólk sem hefur fugla heima. Þegar litlir krakkar koma í heimsókn til mín fara þeir beint í fuglana og ég man hvað mér þóttu dýr áhuga-verð þegar ég var lítil. Þetta er það sem ég vil skila til Íslands, að ýta undir náttúrufræðslu.“

Brynja kveðst engin businesskona vera og ekki hafa áhuga



Í UPPSTOPPUNARHERBERGINU „Ég vil taka þátt í að skila einhverju inn í hugsun kynslóðanna því við mennirnir erum bara lítil hluti af náttúrunni en berum mikla ábyrgð,“ segir Brynja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

á að stoppa upp fyrir verslanir sem selji lunda bara peninganna vegna. Tilgangurinn þarf að vera æðri. „Ég vil taka þátt í að skila einhverju inn í hugsun kynslóðanna því við mennirnir erum bara lítil hluti af náttúrunni en höfum mikil áhrif.“

Henni finnst synd að Náttúruminjasafn Íslands skuli enn vera á hrakbólum og stórmerkir gripir þess ekki til sýnis. „Það er okkar grundvallarréttur að eiga slíkt safn til að efla skilning á vistkerfinu og sérstæðri náttúru Íslands. Það gerist ekki nema með jákvæðri kennslu. Bóknám virkar ekki fyrir alla en með því að snerta hluti og skoða fæst tilfinning fyrir þeim,“ segir hún og bætir við: „Fólk er orðið svo mikið yfir tölvunum. Ég á unglunga og hef reynt að ala þá upp í mínum anda en sé hvað tölvuheimurinn tekur stóran hluta af lífi þeirra.“

Mekka geislasteinanna

Brynja segir langt frá því að hún lifi af uppstoppuninni þó hún vildi. „Mér finnst leiðinlegt að svona kunnátta fari forgörðum því maður þarf að halda sér í þjálfun. En ég stunda þetta bara með öðru, lauk mastersprófi í umhverfis- og náttúrufræði við Landbúnaðarháskólann 2013 og hef unnið við vörslu á Teigarhorni við Berufjörð tvö síðustu sumur.“

Það passar. Ég hitti hana einmitt á Teigarhorni síðasta vor er ég var þar á ferð og það var upplifun að heyra hana segja frá. „Teigarhorn er heimsþekktur fundarstað geislasteina og eintök þaðan eru á söfnunum um allan heim. Margir útlendingar líta á staðinn sem mekka. „Vá, nú erum við á Teigarhorni,“ segja þeir með lotningu, taka myndir af bæjar-

skiltinu og ganga með mér niður í fjöru. Íslendingar koma í ríkari mæli inn í safnið og fræðast þar, þeir vita oft minna um staðinn en útlendingarnir. Ég áfelli þá ekki. Þótt ég hafi náttúrufræðibekkingu sem bakgrunn þá vissi ég akkurat ekkert um þessa kristallategund fyrr en ég kom austur.“

Hluti af vinnu Brynju á vorin er að safna æðardúni. „Bæði Íslendingar og útlendingar hafa gaman af að sjá dúninn. Ég stoppaði líka upp æðarpar, kollan liggur á hreiðri og blikinn er hjá henni. Það kveikir umræðu og aðdáun og slík pæling er mikilsverð því náttúruvernd gerir alla auðugri.“

Teigarhorn var búið að vera í einkaeigu sömu fjölskyldu í 140 ár, hún bar ættarnafnið Waywadt. „Þetta var náttúruelskandi menntafólk sem skilaði mikilli vinnu til þjóðarinnar, skráði niður komutíma farfugla, safnaði geislasteinum og lét söfnunum um allan heim sýnishorn í té. Hún hélt líka úti veðurfarsathugunum svo Teigarhorn er ein elsta veðurstöð á landinu. Þá skildi hún eftir sig forkunnarfallegt hús sem Þjóðminjasafnið hefur nú gert upp að utan. Að ekki sé talað um ljósmyndirnar sem Nikoline Waywadt tók og eru æðislegar heimildir og mikil listaverk. Hún var fyrsta konan á Íslandi sem lærði ljósmyndun.“

Brynja segir það hafa verið mikla áskorun að fara að vinna á þessari merkisjörð þegar ríkið tók við henni fyrir tveimur árum. „Ég var bara að stoppa upp fugla fyrir Djúpavogshrepp, nýútskrifuð frá Landbúnaðarháskólanum þegar ég fékk símhringingu og mér var boðið þetta starf. Það er eitt það skemmtilegasta sem ég hef fengið að glíma við. Líka svo nýtt og í

Á TEIGARHORNI



Á SAFNINU Geislasteinar eru einstakir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VÖRÐURINN „Jörðin er rík og einstaklega falleg frá náttúrunnar hendi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mér finnst þeir bara svo fallegir þessir litlu fuglar, en auðvitað er allt í þeim voða viðkvæmt og smátt og þegar verkið er búið þá er það bara þínulítið. En aðalatriðið er að hugsa um tegundina sem maður er með milli handanna hverju sinni og skila henni eins vel uppstoppaðri og hægt er, svo hún geymist.“


algerri mótun. Jörðin hafði verið ábuendalaus um tíma og þar var framið stórt steinarán þannig að staðurinn átti erfitt tímabil en það breytir því ekki að saga hans í höndum Waywadt-fjölskyldunnar er blómleg og falleg.“

Brynja vinnur að því að koma upp steinasafni á Teigarhorni þar sem allt er flokkað eftir fundarstað. „Vonandi mun byggjast upp vísindastarfsemi í sambandi við geislasteinafræði á Teigarhorni,“ segir hún. „Ég hef þá framtíðarsýn að þetta verði náttúrufræðslujörð okkar Íslendinga og erlendir stúdentar geti komið þangað líka og unnið. Jörðin er rík og einstaklega falleg frá náttúrunnar hendi og vegna jarðmyndana einna og sér á hún erindi á heimsminjaskrá.“

Lætur sér aldrei leiðast

Unglingarnir hennar Brynju koma við sögu fyrr í viðtalinu, hún á soninn Bjarma, fimmtán ára, og dótturina Díönu, þrettán ára. Hvernig skyldi þeim líka á Teigarhorni? „Þeim líkar mjög vel. Díana var mikið hjá mér í sumar en Bjarmi minna, hann er fótboltastrákur og var líka á Vopnafirði að læra að verða veiðileiðsögumaður. Ég hvet þau til að fylgja sínum áhugamálum. Svo skruppu þau til föðurfjölskyldunnar á Ítalíu, þar sem við bjuggum þegar þau voru litil,“ segir Brynja sem aðspurð kveðst aldrei láta sér leiðast. „Í lok september var samt orðinn stopull gestagangur á Teigarhorni og gosið byrjað fyrir norðan. Þá fann ég að ég var alveg tilbúin að koma suður og sinna börnunum mínum sem eru hér í unglingaskóla. Annars er ég mikið sjálfri mér nóg og ef ég fæ að vera í náttúrunni þá er ég heima.“

NÝ METSÖLUBÓK FRÁ NÝJUM HÖFUNDI



1.

Metsölulisti
Eymundsson



Arfurinn dregur lesandann um hildarleik heimsstyrjaldarinnar síðari í Evrópu og í ferðalag til Argentínu tíunda áratugarins, þar sem enn leynast þeir sem kjósa skuggann.

Borgar Jónsteinsson sendir hér frá sér sína fyrstu bók og kemur hún fersk inn í 1. sæti Metsölulista Pennans Eymundsson.

Það verður spennandi að fylgjast með þessum spennu-penna í komandi framtíð.

Arfurinn

Vildarverð: 2.499.-

Verð áður: 2.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 1. nóvember, til og með 5. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengr.

HELGAÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

HEIMILISTÆKJADAGAR

20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
STÓRUM HEIMILISTÆKJUM



UPPÞVOTTAVÉLAR - ELDAVÉLAR
ÞURRKARAR - FRYSTISKÁPAR
FRYSTIKISTUR - GUFUGLEYPAR
HELLUBORÐ - KÆLISKÁPAR
ÖRBYLGJUOFNAR - HÁFAR
ÞVOTTAVÉLAR
OFNAR



Panasonic

CANDY

DAEWOO
ELECTRONICS



BEKO

scan
domestic



VESTFRÖST

HANDÞEYNTARAR
20% AFSLÁTTUR



ELDHÚSVOGIR
20% AFSLÁTTUR



HRÆRIVÉLAR
20% AFSLÁTTUR



KENWOOD

ER BAKSTUR Í UNDIRBÚNINGI?

RTILBOÐ

LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13-17



PHILIPS

Philips 42PFT6309 / 47PFT6309

3D Smart LED TV með Full HD. Pixel Plus HD. DualCore örgjörvi. Ambilight 2 bakljós. Multiroom TV. 200 Hz Perfect Motion Rate. 2D-3D conversion. Smart TV nettenging. Wi-Fi Miracast. Wi-Fi 2x2 þráðlaus móttakari. Ljóssemi. Stafrænn DVB-C, DVB-T/T2 móttakari. 2x USB, 3 HDMI og heyrnatólstengi. Ethernet-LAN, Optical út, CI rauf. Skype. EasyLink. Apple eða Android síma- og spjaldtölvuapp. 4x 3D gleraugu fylgja.

42"

TILBOÐ

139.995

FULLT VERÐ 169.995

47"

TILBOÐ

189.995

FULLT VERÐ 239.995



Dolce Gusto
**KYNNING
UM HELGINA**

OFURTILBOÐ

SEM BRAGÐ ER AF!

Dolce Gusto EDG305
Dolce Gusto sjálfvirk MiniMe kaffivél fyrir kaffihylki. 15 Bar. Tilbúin til notkunar á 16 sek. Vatnsmælir 0.7L vatnstankur. Slekkur á sér eftir 5 mín.

DeLonghi

TILBOÐ

9.995

FULLT VERÐ 17.995

Nikon



**NIKON 1 MYNDAVÉLAR
50% AFSLÁTTUR**

1000W OG ÞRÁÐLAUSIR BAKHÁTALARAR

PHILIPS



Philips 6624120

3-D Blu-Ray 5.1 heimabíósamstæða með bassaxói og 1000w RMS Digital magnarara. Crystal ClearSound. Blu-Ray spilarí með Progressive Scan. DTS-HD og Dolby TrueHD Surround Sound. Video uppskölin í 720p/1080i/1080p. Bluetooth. Smart TV. RDS FM útvarp með 40 minni. USB 2.0 spilar DivX Plus HD, MPEG1/2/4, AVCHD HDMI, Component of LAN tengi. AUX og Optical / Coaxial inn. Wifi. Þráðlaus sendir fyrir bakhátalara fylgir.



TILBOÐ

69.995

FULLT VERÐ 99.995



Panasonic



Panasonic DMPBD79BK
Blu-Ray spilarí með DVD uppskölin í 1080p. High Def 1080p @ 24fp. DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíó. DTS-HD Master Audio Essential / DTS-HD High Resolution Audio. 2x USB og HDMI tengi með Deep Color.

TILBOÐ

17.995

FULLT VERÐ 24.995



Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRÁUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

**TÖLVU
LISTINN**

tl.is

AFMÆLI

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT!

**100 ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ,
SKEMMTIATRÍÐI, LEIKIR OG
GLAÐNINGUR FYRIR BÖRNIN.**



Öll börn sem koma um
helgina frá nammiglaðning
frá Nóa-Síríus og Fruit Shoot.



LÚXUS FARTÖLVA



-80.000

TOSHIBA

199.990

TOS-KIRA101

FULLT VERÐ 279.990

TEIKNIBORÐ



-50%

MANHATTAN

4.990

MAN-177412

FULLT VERÐ 9.990

23" SKJÁTÖLVA



-30.000

ASUS

ASU-ET2321INTHB060K

169.990

FULLT VERÐ 199.990

INTEL I5



-20.000

ASUS

ASU-X550CAXX1070H

99.990

FULLT VERÐ 119.990

ITX TURNKASSI



-38%

**COOLER
MASTER**

CM-RC130KKN1

7.990

FULLT VERÐ 12.990

3D SJÓNVARPSFLAKKARI



-40%

A.C. Ryan

ACR-PV73901

17.990

FULLT VERÐ 29.990

BLUETOOTH LYKLABORÐ



-25%

rapoo

ACR-PV73901

5.990

FULLT VERÐ 7.990

AÐEINS 49.990



-10.000

acer

ACE-NXM81ED105

49.990

FULLT VERÐ 59.990

0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

8 VERSLANIR
UM ALLT LAND

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT.
LAUGARDAG 11-16 / SUNNUDAG 13-17.

SHÁTÍÐ

MINUTE TO WIN IT ÍSLAND

INGÓ TEKUR LAGIÐ OG STÝRIR SKEMMTILEGUM ÞRAUTUM FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA!

Prófaðu þrjár skemmtilegar þrautir úr Minute to win it þáttunum þar sem allir eiga möguleika á að vinna glæsilega vinninga!

INGÓ
KEMUR KL. 13



VINNINGAR Í ÞRAUTUNUM

- TOSHIBA I5 FARTÖLVA
- NÝJI IPAD MINI
- SÆLGÆTI OG KONFEKT FRÁ NÓA SÍRÍUS
- GJAFÁSKRIFTIR AÐ SKJÁEINUM, SKJÁKRÖKKUM OG SKJÁHEIM



R9 LEIKJASKJÁKORT

-20.000

64.990
FULLT VERÐ 84.990

msi
MSI-R9290GAMING4G

FERÐAVARPI

-110.000

179.990
FULLT VERÐ 289.990

EPSON
EPS-EB1880

64GB MINNISLYKILL

-53%

6.990
FULLT VERÐ 14.990

TDK
TDK-T78965

LEIKJAFARTÖLVA

-50.000

189.990
FULLT VERÐ 239.990

TOSHIBA
ASU-G56JKN063H

FULL HD IPS

-7.000

29.990
FULLT VERÐ 36.990

PHILIPS
PHS-239C4QHSB

BRJÁLAD VERÐ

-10.000

69.990
FULLT VERÐ 79.990

acer
ACE-DQSURE001

LEIKJAHEYRNARTÓL

-28%

4.990
FULLT VERÐ 6.990

steelseries
STE-3HV2

RAZER ANANSI

-20%

15.990
FULLT VERÐ 19.990

RAZER
RAZ-ANANSI

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

FLEIRI SYSTKINI Í TÓNLIST



Porsteinn Einarsson í **Hjálumum** og Ásgeir Trausti Einarsson

Krummi Björgvinsson í **Mínus** og Svala Björgvinsdóttir í **Steed Lord**

Orri Dýrason í **Sigur Rós** og Ása Dýradóttir í **Mammút**

KK og Ellen Kristjánsdóttir

Unnsteinn Manuel Stefánsson og Logi Pedro Stefánsson í **Retro Stefson**

Karin Sveinsdóttir í **Young Karin** og Emmisjé Gauti

Danni Pollock og Mikki Pollock

Páll Óskar og Diddú

Blaz Roca og Sesar A

Vilhjálmur Vilhjálmsson og Ellý Vilhjálmisdóttir

Systkinabönd í íslenskri tónlist

Pórhildur Ingi Jónsson
thorduringi@frettabladid.is

Íslenska tónlistarsenan er sneisafull af ættar- og vinatengslum, rétt eins og landið sjálft. Samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins hafa í kringum 115 systkini verið virk í tónlistarlífinu síðastliðna áratugi, sum þjóðþekkt en önnur minna þekkt. Þetta er mikill fjöldi og því ekki úr vegi að segja að systkini myndi hryggjarstykkið í íslenskri tónlist.



Snæbjörn og Baldur Ragnarsson, Skálmöld

Skotleyfi og öfgahreinskilni

„Það voru alltaf hljóðfæri á heimilinu og við vorum alltaf að spila en ekkert mikið saman endilega, bara eins og börn tónlistarkennara gera, heima í stofu og svona. Þegar við markvisst byrjuðum að spila saman var í kringum 2004, þá byrjaði hann að spila á bassa í Innvortis. Eftir það fer allt af stað,“ segir Snæbjörn.

„Það er ákveðið skotleyfi af því að við þekkjumst svo ótrúlega vel og erum blóðheitir – það verður mikil öfgahreinskilni. Við finnum fyrir því að við eigum mjög auðvelt með að segja við hinn: „Heyrðu, þetta er drasl.“ Og þó það sé verri þróun þegar maður hefur verið lengi í hljómsveit þá er hægt að taka alla uppperða kurteisi til hliðar, hún þvælist ekkert fyrir. En að sama skapi getur þetta gengið langt og maður finnur að maður ætlast til enn meira af systkinum sínum heldur en af öðrum. Það er oftast gott en ekki allveg alltaf.“



Ásthildur og Jófríður Ákadætur, Pascal Pinon

Huggulegt að geta rifist við einhvern

„Við byrjuðum að gera tónlist saman 10 ára í hljómsveitinni Við og tölvan. Við gerðum alveg tvær og hálfu plötu en gáfum þær nú aldrei út,“ segir Ásthildur sem hefur orðið fyrir þeim systur. „Þá vorum við að læra á Garage Band-tónlistarforritið og þetta var svolítið mikil sýra. Maður getur verið mikið leiðinlegri ef maður vinnur með systkinum án þess að það hafi einhverjar hrikalegar afleiðingar. Það er geðveikt fínt því fólk er oft svo viðkvæmt ef það spilar kannski eitthvað lag fyrir mann og maður segir: „Þetta er glatað lag.“ Maður myndi kannski ekkert vilja segja það við vin sinn. Það er bara huggulegt að geta rifist við einhvern, án þess að það komi sérstaklega niður á hljómsveitinni. Síðan spiluðum við náttúrulega einu sinni á Airwaves með hinum systur okkar, Ólínu og Mörtu. Þá voru þær bara 10-11 ára en þær hafa lært á hljóðfæri síðan þær voru fjögurra ára. Þær voru ótrúlega klárar.“



Magnús og Finnbogi Kjartanssynir, Júdas

Pykir alltaf vænt um samstarfsfélaga

„Við erum búnir að spila saman síðan við vorum 14-15 ára. Við byrjuðum að vinna saman í Júdas. Finnbogi var orgelleikari, ég var bassaleikari og svo snerist þetta við,“ segir Magnús. „Manni finnst mjög vænt um systkini sín alltaf en þannig gerist það bara í tónlistarvinnunni að manni þykir vænt um þann sem maður vinnur með. Það er lítið hægt að komast áfram öðruvísi. Við spilum alltaf saman af og til, hann er nú að spila miklu meira en ég í dansmúsík, hann er að spila með Geirmundi Valtýssyni. Ég spila hitt og þetta og ef mig vantar bassaleikara þá kemur hann náttúrulega alltaf að spila með mér.“

„Finnbogi var orgelleikari, ég var bassaleikari og svo snerist þetta við.“

**Egill
Árnason**™

GERÐU KRÖFUR

GÓLFEFNI **Eik Rustik**, lögð í síldarbeinsmynstri frá **Junckers**

Þjónusta hefur í fjölmörg ár verið eitt af aðalsmerkjum Egils Árnasonar. Það er okkar trú að þjónustan skilji á milli í samkeppni, það er þess vegna sem að við leggjum allt okkar í að veita þér framúrskarandi þjónustu.



GULRÓTA- OG RAUÐRÓFUSÚPA Ekta haustsúpa sem yljár.

MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Gulróta- og rauðrófusúpa

Handa 4 til 6

Holl og góð grænmetis-súpa tilvalin á haustdögum.

Ef eitthvað verður eftir af henni, er upplagt að taka restina með sér í vinnuna daginn eftir og borða í hádeginu því súpan fer yfirleitt dagbatnandi.

4 msk. ólívuólía

1 msk. kóríanderfræ

2 laukar, fínsaxaðir
1 rautt chili-aldin, fínsaxað
2 timjangleinar
1 lárviðarlauf
750 g gulrætur, afhýddar og rifnar niður
450 g rauðrófur, afhýddar og rifnar niður
1½ lítri kraftmikið kjúklingsoð
1 msk. rauðvínsedik
Salt og svartur pipar
Sýrður rjómi

Hitið olíuna í potti og létt-rístið kóríanderfræin. Bætið lauknum út í og látið krauma í 10 mínútur. Setjið síðan chili, timjangleinar, lárviðarlauf, gulrætur, rauðrófubita, kjúklingsoð og edik saman við. Látið malla við vægan hita í 25 mínútur. Takið timjangleinar og lárviðarlauf upp úr súpunni og maukið hana með sprota. Saltið og piprið og setjið smáslettu af sýrðum rjóma út í.



EPLA- OG RAUÐRÓFUKRAPI Ferskur smáréttur sem best er að borða nokkrum dögum eftir lögum.

MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Epla- og rauðrófukrapi

Í bókinni okkar Sveitasælu erum við með nokkrar uppskriftir af krapis sem er búinn til úr ferskum villijurtum. Ísinn er einungis hægt að búa til að sumri. En hér er uppskrift að epla- og rauðrófukrapa sem má búa til allan ársins hring.

Í kringum jólin bjóðum við upp á grenikrapa sem

er búinn til með frystum grenitoppum. Þá tínum við snemma sumars og frystum til notkunar síðar. Krapa er best að borða innan nokkurra daga frá lögum.

200 ml vatn
90 g sykur
3 græn epli, afhýdd og fínt rifin
1 sítróna, safinn
125 g rauðrófa, fínt rifin

Leysið sykurinn upp í volgu vatni. Kælið sykurvatnið. Rífið niður eplin og vætið maukið með sítrónusafa. Bætið rifinni rauðrófu saman við. Maukið með sprota. Prýstið maukinu í gegnum gröft sigti.

Ef þið viljið fá mýkri áferð er betra að nota fínt sigti. Setjið í skál og frystið. Hrærið upp í krapanum þrisvar, fjórum sinnum á hálf tíma fresti.

NÝTUM GÆÐI HVERRAR ÁRSTÍÐAR

Hjónin **Inga Elsa Bergþórsdóttir** og **Gísli Egill Hrafns**son eru listamenn. Um það vitnar meðal annars nýja bókina þeirra Sveitasæla, sem snýst um mat en er þó ekki hefðbundin uppskriftabók heldur miklu frekar upplifunarbók.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þau Gísli Egill og Inga Elsa eru úti í garði. Þótt nóvember sé að bresta á eiga þau þar enn margar tegundir kryddjurta áramót. „Sumt sem við ræktum eru fastir liðir en hluti af beðinu er lagður undir eitthvað nýtt, stundum heppnast það og stundum ekki. Þannig lærir maður á hlutina.“

Í eldhúsinu liggur glæný bók þeirra hjóna á borði, Sveitasæla. Gullfalleg frá upphafi til öftustu síðu. Hún er sjálfstætt framhald af Góður matur gott líf – í takt við árstíðirnar, sem kom út 2011 og fékk tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Eins og titillinn ber með sér er nýja bókinn tengd því sem sveitin hefur upp á að bjóða í mat og upplifun. Þau hjón eru nefnilega landsbyggðartúttur líka, eiga hús á fjörुकambi við ósa Blöndu, þar rækta þau annan ætigarð og hafa aðgang að villtri náttúru og afurðum bænda.

Gísli Egill tekur fram að þau borði



VIÐ UPPSKERU Þau hjón hafa byggt garðinn upp sem ætigarð, hafa fellt þar 12 stór tré og skipt þeim út fyrir matjurtabeð og lítið gróðurhús, ávaxtatré og berjarunna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

allt og haustið sé líka sláturtíð. Hann mælir með að fólk velji aðra bita en þá algengustu og telur ærkjöt vanmetið, einnig merg, kinnar og ferska tungu úr nautgripum.

„Við erum með ákveðna hugmyndafræði sem gengur út á að nýta vel hráefnin í kringum okkur á hverjum tíma,“ segir Inga Elsa. „Það skiptir máli að börnin alist upp við það og taki þátt í þeim lífsstíl. Okkar land er einstakt,

við viljum draga fram gæði hverrar árstíðar og njóta þess í matargerð og úti í náttúrunni.“

Þau hjón búa meira að segja til sitt eigið salt úr sjónum og mylja jurtir saman við það, bæði villtar og heimaræktaðar. Þannig fá þau salt með mismunandi bragði. „Auðvitað svarar svona fönður ekki kostnaði,“ segir Inga Elsa. „En það auðgar lífið og gerir það skemmtilegra.“



HLÝTT Í VETUR

VETRARFATNAÐUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

**NÝJAR
VÖRUR!**

ALTITUDE
vörurnar fást
aðeins í Intersport
Bíldshöfða

2.990



ALTITUDE CHRONO HAT
Mjúk þrjónahúfa. Litir: Bleik, dökkblá, svört. Ein stærð.



3.990

ALTITUDE SOFTSHELL GLOVE
Vindheldir og vatnsfráhrindandi softshell hanskar með góðri öndun. Stærðir: S-M-L-XL.



6.990

ALTITUDE BELINDA MITTEN
Vindheldir og vatnsfráhrindandi vettlingar með góðri öndun. Stærðir: S-M-L-XL.

FULLLÖRDINS
7.990

Fullt verð: 9.990



BARNA
5.990

Fullt verð: 6.990

DIDRIKSONS ZETA
Vatnsvarðar og vindheldar buxur. Litur: Svartar. Barnastærðir: 130-170. Dömu- og herrastærðir.

NÚNA
8.790

Fullt verð: 10.990



PUMA ACTIVE NORWAY
Vattstungin polyesterfyllt úlpa með hettu sem hægt er að taka af. Litir: Blá, bleik. Stærðir: 128-164.

NÚNA
15.990

Fullt verð: 19.990



PUMA ROGER/KATHLEEN
Einstaklega létt dúnúlpa með áfastri hettu 90/10 dúnun. Litur: Blá. Stærðir: S-XXL.



19.990

ALTITUDE VILLY
Mjög létt dúnúlpa með 2 renndum hlíðarvösum. Litir: Dökkblá, svört. Stærðir: S-XXL.



19.990

ALTITUDE VILMA
Mjög létt dúnúlpa með 2 renndum hlíðarvösum. Litir: Dökkblá, rauð. Stærðir: 36-44.



PEYSA:
8.990

BUXUR:
7.990

XTM MERINO
Buxur og hálfrennd peysa, 100% áströlsk Merino ull. Hentar vel sem fyrsta lag. Litur: Svart. Dömu- og herrastærðir.



23.990

ALTITUDE MONTE DORE
Kuldagalli úr vindheldu og vatnsvörðu durAtec Extreme efni. Límdir saumar og 20.000 mm vatnsvörn. Litir: Dökkblár, rauður. Stærðir: 100-140.



19.990

ALTITUDE PIRAYA SUIT
Kuldagalli úr vindheldu og vatnsvörðu durAtec Extreme efni. Límdir saumar og 10.000 mm vatnsvörn. Litir: Bleikur, appelsínugulur. Stærðir: 90-120.

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og/ella myndbreytingu. Tilboðin gilda til 3. nóvember 2014.

FYRSTA BÓK FER BEINT Í FYRSTA SÆTI

Skáldsagan **Arfurinn** eftir **Borgar Jónsteinsson** er nýkomin út og fór beint í fyrsta sæti á metsölulista Eymundsson í vikunni. Þetta er fyrsta bók höfundar.

FÆRT TIL BÓKAR



Fakírinn feykivinsæll

Skáldsagan *Ævintýraferð* fakírsins sem festist inni í IKEA skáp eftir Romain Puértolas trónaði á toppi franska metsölulistasins yfir skáldverk í september. Hefur útgáfurátturinn þegar verið seldur til 36 landa. **Friðrik Rafnsson** þýddi hana á íslensku.



Gerður Kristný þýðir Tomma

Barnabókin *Tommi Teits* eftir Liz Pichon, handhafa Roald Dahl-verðlaunanna 2011, er komin út í íslensku þýðingu **Gerðar Kristnýjar**. Þetta er fyrsta bókinn sem Gerður þýðir en hún hefur skrifað fjölda barnabóka sem hafa notið mikilla vinsælda.

Pórarinn stórtækur á afmælisári

Pórarinn Eldjárn fagnar 40 ára rithöfundarafmæli sínu í ár með útgáfu þriggja bóka. Nú undanfarið hafa komið út barnaljóðabókin *Fuglaþrugl* og nafklakrafti og þýðing hans á sigildu pólsku söguldóði, Örleifur og hvalurinn. Á vordögum kom út ljóðabókin *Tautar* og raular, sem hefur mælst svo vel fyrir að hún er krossbúin hjá útgefanda og von er á annarri prentun.

Til að kóróna árið lét Pórarinn sig ekki muna um að yrkja drápu eina mikla sem hann flutti Margréti Danadrottningu við góðar undirtektir hátignarinnar.



PÓRARINN ELDJÁRN Þrjár bækur og drottningardrápa á afmælisárinu. Geri aðrir betur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ORÐHÁKAR Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason hafa útfært hugmyndirnar að baki sjónvarpsþáttunum yfir á bók. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Brynja og Bragi í bók

Bókin *Orðbragð* er í stíl sjónvarpsþáttanna vinsælu.

Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason eru landsmönnum að góðu kunn, ekki síst fyrir *Orðbragðsþætti* sína sem hlutu Edduverðlaunin 2014 sem skemmtiefni ársins í sjónvarpi. Nú er komin út bók í sama dúr og þættirnir þar sem þau Brynja og Bragi skoða tungumálið frá óvæntum hliðum og velta upp alls kyns spurningum um vort daglega mál.

Bókin er kynnt sem fróðlegt skemmtirit, sem geymir óvæntar uppljóstranir og sveilkaldar staðreyndir um íslenskt mál og ýmsar birtingarmyndir þess.



RAGNAR JÓNASSON „Bara það að vera Íslendingur vekur áhuga á því sem maður er að skrifa.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útgáfusamningur eftir fótboltaleik

Nýjasta skáldsaga **Ragnars Jónassonar**, *Náttblindu*, var seld til Bretlands áður en hún kom út á Íslandi. Aðdragandinn að því var nokkuð sérstakur.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Hugmyndin er að þetta verði síðasta bókin um *Ara Þór*, í bili allavega,“ segir Ragnar Jónasson um nýja skáldsögu sína *Náttblindu*, sem eins og fyrri bækur hans fjallar um lögreglumanninn Ara Þór Arason og störf hans norður á Siglufirði. „Söguvið næstu bókar verður heldur ekki Siglufjörður,“ bætir hann við. „Ég tek mér hlé frá því umhverfi.“

Náttblindu er fimmta bókin um Ara og óhætt er að segja að sjaldan hafi hann glímt við erfiðari mál en í þessari bók, bæði í starfi og einkalífi. Ragnar hlær þegar ég ásaka hann um að vera vondur við söguhetjuna og segist hafa fullt leyfi til þess þar sem hann hafi skapað hana. En er ekki óðs manns æði að yfirgefa svona vinsæla persónu? „Fólk hefur náð furðulega góðri tengingu við Ara, það er rétt, en mig langar bara að skrifa um einhvern annan núna,“ segir hann. „Hann lifir hins vegar af þessa sögu svo það er ekkert útilokað að hann snúi til baka síðar.“

Þegar hefur verið samið um útgáfu *Náttblindu* á ensku og sagan af því hvernig það kom til er nokkuð sköndin. Á glæpasagnahátíð í Skotlandi fyrir skemmstu tók Ragnar þátt í knattspyrnuleik milli skoskra og enskra glæpasagnahöfunda og það hafði orlagaríkar afleiðingar. „Áður en hátíðin hófst höfðu Skotarnir samband við mig og spurðu

hvort ég væri ekki til í að spila fótbolta með enskum höfundum á móti skoskum. Það benti ekki til að þeir hefðu mikið álit á fótboltafærni minni enda fór það svo að við Englendingar töpuðum leiknum 13-1. Það skemmtilega við þennan leik var hins vegar að í liði Englendinga var ein kona og í spjalli eftir leikinn kom í ljós að hún er útgefandi sem var að leita sér að nýjum höfundum. Niðurstaðan varð sú að nokkrum dögum seinna var hún búin að gera tilboð í þessa bók mína og fyrstu bókinna, *Snjóblindu*, líka og hún mun væntanlega koma út í Bretlandi á næsta ári. Þær gerast báðar að mestu leyti á Siglufirði og það er ákveðin tenging á milli þeirra, þannig að ég held það sé sniðugt hjá þeim að taka þær fyrst. Svo kemur bara í ljós hvort þær ganga nógu vel til að það verði hægt að taka sögunnar þarna á milli. Svona er nú ótrúlegt hvernig hlutirnir gerast.“

Saga Film og Þorvaldur Davíð Kristjánsson hafa keypt réttinn að *Snjóblindu* í þeim tilgangi að gera eftir henni sjónvarpsþætti en Ragnar segir ekki komið í ljós hvenær gerð þeirra hefjist. „Það er bara svona eins og gengur í þessum bransa, maður bíður lengi eftir því að eitthvað gerist,“ segir hann. „Ég anda alveg rólega yfir því.“

Ragnar er einn af forvígismönnum glæpasagnahátíðarinnar Iceland Noir sem verður haldin í annað sinn í Norræna húsinu 20. til 23. nóvember. „Við stöndum fyrir þessu ég, Yrsa Sigurðardóttir og Quentin Bates, eins og í fyrra, en í ár fengum við Lilju Sigurðardóttur til liðs við okkur,“ segir hann. „Þetta verður

“Fólk hefur náð furðulega góðri tengingu við Ara, það er rétt, en mig langar bara að skrifa um einhvern annan núna.“

ábyggilega mjög skemmtilegt því við erum með mjög marga góða höfunda núna. Við lögðum áherslu á að fá norræna höfunda á hátíðina enda er mesta aðdráttaraflíð fyrir þátttakendur, sem flestir eru frá Bretlandi, að sjá hér eitthvað annað en þeir eru vanir á sínum hátíðum. Það er reyndar alveg ótrúlegt hvað Bretarnir eru spenntir fyrir þessari hátíð, frá þeim mæta ekki bara nokkrir höfundar heldur líka útgefendur, lesendur og gagnrýnendur. Það eina sem okkur vantar núna er að fá fleiri Íslendinga til að mæta.“

Það virðist vera mikill áhugi fyrir íslenskum glæpasögum í Bretlandi þessi árin. „Já, það vekur alltaf mikla athygli þegar maður mætir á svona hátíðir þar. Bara það að vera Íslendingur vekur áhuga á því sem maður er að skrifa.“ Engin af bókum Ragnars er reyndar komin út á ensku, einungis á þýsku, og hann segir það valda dálitlum erfiðleikum í kynningu þeirra í enskumælandi löndum. „Það er auðvitað erfiðara að vekja áhuga útgefenda á bókum sem þeir geta ekki lesið sjálfir og þurfa að reida sig á álit annarra og sömuleiðis er leiðinlegt að fara á svona hátíðir og segja frá bókum sínum en geta ekki bent fólki á hvernig það geti nálgast þær, en sem betur fer stendur það nú til betri vegar á næsta ári.“



Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr fornminjasjóði fyrir árið 2015

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr fornminjasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, sbr. reglur nr. 578/2014. Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna:

- Rannsókn á fornminjum (fornleifum og forngrípum)
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar
- Varðveislu og viðhalds fornminja

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs- og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2015. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við lög nr. 80/2012 og reglur stofnunarinnar og í samræmi við innsend umsóknargögn.



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
fornminjasjodur@minjastofnun.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



DAGUR HINNA DAUÐU

Hola, félag spænskumælandi á Íslandi, og El Molcajete, félag Mexíkóa búsettra á Íslandi, halda upp á „Día de los muertos“ eða „dag hinna dauðu“ í aðalsafni Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu kl. 14-16 á morgun. Sett verður upp altari hinna dauðu, boðið upp á „pan de muerto“, eða brauð hinna dauðu og skemmtiatriði verða fyrir börnin.



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T

Eru ekki allir örugglega að fá sér D vítamín núna?

3 mánaða skammtur

DLUX 1000

handhægi D-vítamín úðinn, hámarksnýting

BetterYou

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



VAKNA ÚT SOFINN OG VEL HVÍLDUR

ICECARE KYNNIR Brizo er fæðubótarefni sem ætlað er að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagrærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli. Þegar karlmenn eldast er algengt að þeir fái góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli.

Ég er 65 ára og undanfarin ár hef ég þurft að hafa þvaglát allt að þrisvar á nóttu. Þetta hvímeiða vandamál var alltaf að ágerast, það olli mér vanlíðan og ég náði ekki að hvílast eins og ég þurfti,“ segir Finnur Eiríksson. „Eftir að ég fór að taka inn Brizo-hylkin hefur líðan mín gjörbreyst. Ég þarf miklu sjaldnar að vakna á nóttunni og er því úthvöldur að morgni. Sviðinn sem einnig angraði mig er nánast horfinn. Ég mæli hiklaust með Brizo fyrir karlmenn á mínum aldri sem eiga við þetta vandamál að etja,“ segir Finnur.



BETRI LÍÐAN Finnur Eiríksson hefur sofið miklu betur eftir að hann fór að taka Brizo. MYND/VILHELM

VIRKAR VEL

- Háskólapróf á sviði upplýsingatækni, verkfræði, tækni-fræði eða öðrum raungreinum
- Reynsla af upplýsingatæknimálum
- Reynsla af net- og upplýsingaöryggi
- Þekking á fjarskiptum og öryggisstöðlum er æskileg
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálf stætt sem og í hóp
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs.



HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Ert þú röskur og lífsglaður sölusnillingur og hefur áhuga á heilbrigðu líferni?

Í boði er starf á líflegum vinnustað í jákvæðu starfsumhverfi. Verkefni eru m.a. að annast tilboðsgerð og frágang sölusamninga auk þess að sinna viðhaldi viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina.

Vinnutími er kl. 11-19 mán til fim. og 09-17 á fös. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum, vera samvisskusamur og metnaðarfullur, búa yfir framúrskarandi þjónustulund og hafa ánægju af mannlegum samskiptum. Þarf auk þess að hafa frumkvæði, eiga gott með að vinna í teymi og vera reyklus.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilsskrá með mynd og upplýsingum um meðmælendur á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 10. nóv.

GAMAN Í VINNUNNI

NÚ ÞURFUM VIÐ AÐ FJÖLGA ÞJÓNUSTULUNDUÐU STARFSFÓLKI Í VERSLUNUM OKKAR

Er þjónustulund, jákvæðni, vilji til að læra og gera enn betur á morgun þinn styrkleiki? Þá gætir þú verið rétti starfskrafturinn fyrir okkur. Við erum einmitt núna að leita að rösku og áhugasömu sölufólki í fullt starf í útivistar- og skíðadeild. Einnig vantar okkur starfskraft í sport/skó- og sunddeild.

HÆFNISKRÖFUR

- Þjónustulund, dugnaður og jákvæðni ásamt miklum áhuga á videigandi vöruflokkum.

UMSÓKNIR OG FRESTUR

Áhugasamir sendi starfsúmsókn ásamt ítarlegri ferilsskrá á utilif@utilif.is merkt „þjónustulund“ fyrir 10. nóvember.

ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍPRÓTTA- OG ÚTIVISTAR

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavina er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á líðsheilid í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf eru framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.


ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



Fjármálaráðgjafi aðgerðasviðs Landspítala

Óskað er eftir háskólamenntuðum einstaklingi til starfa sem fjármálaráðgjafi aðgerðasviðs. Sviðið sinnir umfangsmiklu starfi sem lýtur að skurðaðgerðum, gjörgæslumeðferð og tengdri starfsemi. Rekstur Blóðbanka, dauðhreinsunardeildar, gjörgæsludeilda, skurðstofa, speglunardeildar og svæfingadeilda eru meginverkefni sviðsins. Þar starfa 420 starfsmenn auk þess sem umfangsmikið birgðahald og flókinn tækjabúnaður fylgir starfseminni. Ársvelta sviðsins var um 6.6 milljarðar árið 2013. Áhersla er á árangursríkt samstarf við mismunandi sérgreinar spítalans, þar sem rekstrar- og þjónustumarkmið eru lögð til grundvallar.

Fjármálaráðgjafi heyrir beint undir framkvæmdastjóra aðgerða-sviðs. Starfið veitist frá 1. janúar 2015 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Gerð og eftirlit með fjárhagsáætlun sviðsins
- » Samskipti við reikningshald spítalans um bókhald sviðsins
- » Rekstrargreiningar
- » Mánaðarleg rekstraruppgjör
- » Útkomuspár
- » Miðlun rekstrarupplýsinga til stjórnenda
- » Þátttaka í stjórnun og stefnumótun sviðsins

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun á sviði viðskipta eða önnur sambærileg menntun
- » Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg
- » Þekking á vörustjórnun er æskileg
- » Þekking á Oracle og Business Objects er æskileg
- » Samskiptahæfni og frumkvæði í starfi er skilyrði
- » Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- » Mjög góð tölvukunnátta
- » Mjög góð færni í íslensku tal- og ritmáli, auk færni í ensku

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Umsækjendur eru beðnir um að skila sem viðhengi 1-2 bls. kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfi og sýn á starfið.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Upplýsingar veita Alma D. Möller, framkvæmdastjóri, almam@landspitali.is og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, torghjal@landspitali.is, sími 825 5136.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningu á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Spennandi tækifæri hjá vaxandi fyrirtæki

Differentiate with Betware's Lottery Platform

Kerfisstjóri (System Administrator)

Skipulagður einstaklingur sem hefur yfirumsjón með kerfi í rekstri þar sem hár uppitími á kerfum viðskiptavina okkar er mikilvægur. Kerfisstjóri vinnur einnig náið með þróunarteymum Betware og er hluti af kerfisstjórategymi fyrirtækisins. Reynsla af rekstri á Linux/Unix kerfum er nauðsynleg í þessu starfi.

Hugbúnaðarprófarar (Software Testers)

Skipulagðir einstaklingar með brennandi áhuga á hugbúnaðarprófunum og almennu gæðastarfi í Agile umhverfi. Góð samskiptafærni, glögg auga og almenn greiningar- og tæknifærni eru eiginleikar sem við metum mikils. Háskólanám sem nýtist í starfi og/eða reynsla af hugbúnaðarprófunum er skilyrði.

Java forritarar (Senior Software Developers)

Reynslumiklir Java forritarar með brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð til að hanna og þróa hugbúnaðarlausnir Betware þar sem hár uppitími, hraði, skalanleiki og öryggi eru lykilatriði. Hafa þarf þekkingu á Service Oriented Architecture þar sem notast er við REST (JAX-RS 2.0) þjónustur og AMQP skeyti. Starfsreynsla og háskólanám sem nýtist í starfi er skilyrði.

Node.js forritarar (Node.js Developers)

Forritarar með reynslu af Node.js og brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð til að hanna og þróa hugbúnaðarlausnir Betware. Þurfa að hafa mikla reynslu af JavaScript. Háskólanám sem nýtist í starfi er skilyrði.

Forritarar (Software Developers)

Snjallir forritarar með brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð sem hanna og þróa hugbúnaðarlausnir í Java og JavaScript. Reynsla af hönnun og notkun á REST þjónustum er kostur. Háskólanám sem nýtist í starfi er skilyrði.

Vefforritari (Web Developer)

Hæfileikaríkur vefforritari til að vinna að lausnum fyrirtækisins. Þarf að hafa mjög góða þekkingu á HTML5, CSS3 og JavaScript. Reynsla af SASS og Photoshop er kostur. Vefforritari vinnur náið með hönnuðum og öðrum forriturum fyrirtækisins.

Hönnuður (Designer)

Hugmyndaríkur einstaklingur sem mun vinna náið með vefforriturum við að skapa stórkostlegar veflausnir. Þarf að hafa gott auga fyrir grafík og viðmótshönnun, auk brennandi áhuga á notendaupplifun. Góð þekking á forritum á borð við Adobe Creative Suite er nauðsynleg og reynsla af HTML/CSS er kostur.

Betware er hugbúnaðarfyrirtæki sem þróa lausnir fyrir lotterí. Betware er með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í Danmörku, Spáni og Serbíu. Hjá Betware starfa meira en 150 manns sem leggja sitt af mörkum til að skapa skemmtilegan og vinalegan vinnustað.

Betware er í eigu austurrísku fyrirtækjasamsteypunnar Novomatic sem er meðal stærstu framleiðenda og rekstraraðila í heiminum á búnaði fyrir leikjafnaðinn og er með starfsemi í 46 löndum. Betware er hluti af Novomatic Lottery Solutions.

Sérfræðingur í fjármáladeild (Accountant)

Töluglögur sérfræðingur sem mun hafa umsjón með undirbúningsvinnu fyrir uppgjör fyrirtækisins, vinna skýrslur um lykiltölur (KPI) í rekstri Betware og aðstoða við að viðhalda góðri fjármálastjórn fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa lokið viðskiptanámi, vera sérlega töluglögur, lipur í samskiptum og kostur er ef viðkomandi hefur lokið námi í endurskoðun.

Technical Manager

Öflugur leiðtogi til að marka og framfylgja stefnu fyrirtækisins í tæknimálum með þróunarteymi Betware með það að markmiði að þróa og innleiða vörur fyrirtækisins á árangursríkan hátt. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi brennandi áhuga á tækni og hugbúnaðargerð sem og mikla reynslu af hönnun, þróun og innleiðingu hugbúnaðar.

Fræðslustjóri (Training Facilitator)

Tæknilega þenkjandi leiðbeinandi sem mun bera ábyrgð á fræðsluefni Betware, innri upplýsingaveitu og þjálfun starfsfólks fyrirtækisins. Menntun í hugbúnaðarfræði, kennsluréttindi og áhugi á að hjálpa fólki að vaxa í starfi eru kostir sem koma að gagni í þessu starfi.

Vörustjóri (Product Manager)

Skapandi einstaklingur til að leiða framþróun og hönnun hugbúnaðar í vörulínu Betware. Vörustjóri vinnur náið með þróunarteymi og markaðs- og söludeild. Reynsla af þróun hugbúnaðar og góður skilningur á vörubrúun í Agile umhverfi er kostur.

Verkefnastjóri (Project Manager/Scrum Master)

Drífandi verkefnastjóri til að leiða hugbúnaðarteymi hjá Betware og finna leiðir til að hringa úr vegi hindrunum þannig að teymið nái hámarks-afköstum. Gott er að hafa reynslu af verkefnastýringu hugbúnaðarverkefna, að hafa leitt Scrum teymi við þróun hugbúnaðar og hafa brennandi áhuga á Agile aðferðafræði.

Hljómar þetta tilvalið fyrir þig? Hikaðu þá ekki við að senda okkur umsókn og ferilskrá á netfangið applications@betware.com fyrir 16. nóvember 2014 með heitið á stöðunni í viðfangi.

Hægt er að senda fyrirspurnir á Bergþóru mannauðstjóra á netfangið applications@betware.com

Nánari upplýsingar um störf er að finna á betware.com/jobs



Matráður - Hollusta og heilbrigði í leikskóla

Við leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingi sem er tilbúinn að stýra eldhúsi í leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði. Í boði er áhugavert og krefjandi starf fyrir einstakling með metnað fyrir matargerð og heilbrigðum lífsstíl.

Í skólum Hjallastefnunnar er mikið lagt upp úr gæðum og hollustu matar, heilbrigði og vellíðan. Í skólanum eru um eitthundrað og áttatíu börn og rúmlega þrjátíu starfsmenn. Réttur aðili þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar fást hjá skólastjóra Árný Steindórsdóttur í síma 565 3060 eða með því að senda tölvupóst í netfangið hjalli@hjalli.is.



Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki.

Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Reykjavík. Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn hérlendis.

Brammer leitar að starfsmanni á starfsstöð okkar í Hafnarfirði

Sölumaður verkfæra:

Helstu verkefni:

- Umsjón með verslun, afgangi og sölu
- Innkaup og val á verkfærum
- Sjá um að halda uppi framúrskarandi þjónustustigi í verslun
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Þátttaka í umbótastarfi

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott frumkvæði
- Hæfileikar til að geta unnið undir álagi
- Áhugi á sölumennsku
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góða samskiptafærni á íslensku og ensku

Áhugasamir sendi ferilskrá til Brynju Vignisdóttur, starfsmannastjóra, á netfangið brynja.vignisdottir@brammer.biz, fyrir 9. nóvember 2014.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Árni Ingason, útibús- og sölustjóri í síma 864 6260.



SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRSTÝRINGU ÓSKAST TIL STARFA HJÁ EIMSKIP

Hjá Eimskip starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur öflugra starfsmanna og nú leitum við að einstaklingi til að slást í þann hóp og takast á við spennandi starf. Fjárstýringin hefur m.a. umsjón með lausafjárstýringu, innheimtu, áhættustýringu og fjármögnun samstæðunnar. Eimskip leitar að öflugum og metnaðarfullum aðila í starf sérfræðings í fjárstýringu.

Ábyrgðarsvið

- Lausafjárstýring og ávöxtun fjármuna
- Gjalddeyris- og afleiðuviðskipti
- Samskipti við fjármálastofnanir
- Líkana-, áætlana- og skýrslugerðir

Upplýsingar um starfið veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2014

Menntunar- og hæfniskröfur

- B.Sc. gráða í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Reynsla af sambærilegu starfi, a.m.k. þrjú ár
- Mjög góð hæfni í greiningu og túlkun fjármálagagna
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð færni í skýrslugerð og framsetningu gagna
- Þekking og reynsla af SAP er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Almenn jákvæðni og vilji til að vinna sem hluti af öflugum teymi að fjölbreyttum verkefnum



HAGVANGUR

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

Starfagátt STARFs

Atvinnuleitendur

Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs

www.starfid.is



STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við fólk án atvinnu, atvinnuleitendur, sem eru félagar í tilteknum stéttarfélagum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinn við margvísleg vinnuarkáðsúræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is



GreenQloud is Hiring!

The marketing team is looking for a candidate with exceptional communications experience and a background in marketing.

Reporting directly to the Chief Marketing Officer, this person is responsible for ensuring that GreenQloud's services and objectives are properly conveyed through marketing assets and public relations communications in Icelandic and English.

Skills and Experience:

- Minimum of three years combined communications and marketing experience
- Excellent writing: fluent in written and verbal English and Icelandic
- Strong media relations and public relations skills
- Self motivated and able to work independently
- Ability to deliver under pressure to meet marketing goals, forecasts and deadlines
- Knowledge of direct marketing, social media and other forms of marketing communications
- Knowledge of the cloud industry and competitive landscape

For more information and to submit your CV visit greencloud.com/careers



Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir starfsmanni á skrifstofu

Starfið felst í almennum skrifstofustörfum s.s. símaavörslu, afgreiðslu og öðrum tilfallandi verkefnum.

Leitað er eftir einstaklingi með frumkvæði, góða almenna tölvukunnáttu og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn og ferilskrá þarf að skila fyrir 12. nóvember á netfangið edda@eir.is

Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími 522 5700



STEYPUSTÖÐIN Starfsmenn óskast

Steypustöðin ehf. óskar eftir duglegum starfskröftum sem allra fyrst í eftirfarandi störf:

• Einingarverksmiðja Hafnarfirði:

Smiður eða mjög handlaginn aðili.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af smíðum, meðhöndlun móta og steypu.

• Helluverksmiðja Hafnarfirði:

Hraustur og athugull starfsmaður í framleiðslu og eftirlit í nýlegri og vel útbúinni verksmiðju.

Um framtíðarstörf er um að ræða.

Umsóknarfrestur er til 14. nóvember 2014

Umsókum skal skilað til Kjartans Salómonssonar Stöðvarstjóra í Hafnarfirði á netfangið kjartan@steypustodin.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.



Skógfræðingur

Héraðs- og Austurlandsskógar óska eftir að ráða skógfræðing í stöðu verkefnastjóra (100% starf). Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi í framsækið og krefjandi starf.

Starfið:

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi starfsumhverfi. Starfið felst í ráðgjöf, áætlanagerð, eftirliti og fræðslu til þeirra aðila sem stunda nytjaskógrækt á Austurlandi. Starfinu fylgir ábyrgð og sjálfstæði. Starfsstöð er á Egilsstöðum

Gerð er krafa um:

- Háskólamenntun í skógfræði.
- Einhverja þekkingu af kortlagningu og áætlanagerð í skógrækt.
- Skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góða almenna tölvukunnáttu og þekkingu á landupplýsingakerfum.
- Að umsækjandi geti unnið sjálfstætt en ekki síður vera hæfur til að stjórna og taka þátt í hópverkefnum.
- Færni í ensku og einu norðurlandamáli.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á starfssvæði Héraðs- og Austurlandsskóga en þó ekki skilyrði

Umsóknum með upplýsingum um nám og fyrri störf skal skila á skrifstofu Héraðs- og Austurlandsskóga, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir fyrir **25. nóvember næstkomandi**.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Þór Þorfinnsson stjórnarmaður Héraðs- og Austurlandsskóga í síma: 470-2072 eða 892-3535, netfang thor@skogur.is
Hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga á heimasíðu verkefnisins www.heradsskogur.is

HRADLESTIN ÓSKAR EFTIR STARFSMANNASTJORA

HELSTU VERKEFNI OG SKYLDUR:

Ábyrgð á starfsmannahaldi á öllum veitingastöðum Hradlestarinnar
Ráðningar og uppsagnir
Vaktakerfi og vaktaáætlanir
Þjálfun starfsmanna, fræðsla og starfsmannafundir
Frammistöðumat
Starfsþróun, stefnumótun og ráðgjöf við stjórnendur
Launamál

HÆFNISKRÖFUR OG MENNTUN:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi
Reynsla af stjórnunarstarfi, helst í mannauðsmálum eða úr veitingageiranum
Frammúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
Góð enskukunnátta er skilyrði
28 ára er lágmarksaldur

ÁHUGASAMIR ERU BEDNIR UM AD SENDA TÖLVUPÓST ÁSAMT FERILSKRÁ Á STARF@HRADLESTIN.IS

www.hradlestin.is
5783838
hradlestin@hradlestin.is



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is



MASTER DATA MANAGER

Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Össur leitar að metnaðargörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í öflugum hópi Össurar.

Master Data Manager er ábyrgur fyrir Master Data eftirliti og uppbyggingu, umbótum og samræmingu ferla í samvinnu við svið og starfsstöðvar fyrirtækisins um allan heim.

STARFSSVIÐ:

- Verkefnastjórnun
- Stjórnun á vinnustofum
- Umsjón með upplýsingum um eigendur og notendur gagna fyrirtækisins
- Skilgreining verkefna í tengslum við stofngögn og yfirumsjón með framkvæmd þeirra
- Val á upplýsingakerfum í samráði við upplýsingatæknisvið

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af Master Data Management æskileg
- Leiðtogaþæfileikar
- Hæfni til að stjórna alþjóðlegu verkefnateymi
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á work@ossur.com fyrir 10. nóvember næstkomandi. Umsóknir þurfa að berast á ensku, vinsamlegast setjið í fyrirsögn tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.



Jafnlaunáttækt
PwC
2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2300 manns í 18 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



WWW.OSSUR.COM



Vegna aukinna umsvifa óskar Pingvangur ehf. eftir að ráða

Rafvirkja og vélamenn

Mikil og stöðug vinna framundan

Óskum eftir vönum rafvirkja í ýmis verkefni eins og

- Nýbyggingar
- Endurbyggingar
- Viðhald/breytingar

Hægt er að senda umsóknir á gudjon@thingvangur.is

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 8975533

Óskum eftir vönum vélamönnum með vinnuvélaréttindi og meiraprófsréttindi.

Hægt er að senda umsóknir á kristjan@thingvangur.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 6980088.

» Ráðningarþjónusta

Ert þú tæknitröll?

Leitum að þjónustulundum og metnaðarfullum einstaklingum til starfa við tæknipjónustu hjá Símafélaginu. Starfið felst í tæknipjónustu við viðskiptavinum í síma, bilanagreiningum og uppsetningu á nettengingum og símkerfum.

» Hæfniskröfur

Æskilegt er að umsækjendur hafi sem flesta af eftirtöldum kostum:

- Þekkingu á bilanagreiningu
- Þekkingu á netkerfum
- Þekkingu á CISCO netbúnaði
- Þekkingu á VoIP
- Þekkingu á símkerfum, t.d. Asterisk eða Freeswitch
- Þekkingu á Linux



Símafélagið er lítið en ört vaxandi fjarskiptafyrirtæki sem býður uppá nettengingar, símaþjónustu, farsímaþjónustu og símkerfisþjónustu.

Okkar helstu viðskiptavinir eru fyrirtæki, bæði stór og smá.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

GREIÐSLUVEITAN

Laust starf verkefnisstjóra

Greiðsluveitan óskar eftir að ráða verkefnisstjóra til að stýra innleiðingu á nýju stórgreiðslu- og jöfnunarkerfi á Íslandi í samvinnu við fjármálainnviði Seðlabanka Íslands.

Greiðsluveitan er sjálfstætt starfandi einkahlutafélag í eigu Seðlabanka Íslands. Tilgangur félagsins er að starfrækja greiðslukerfi og önnur þjónustukerfi sem tengd eru greiðslumiðlun í samræmi við gildandi lög og reglur, þ. á m. að viðhalda og tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni (sjá nánar á www.greidsluveitan.is). Fjármálainnviðir Seðlabankans hafa annars vegar með höndum yfirsýn og eftirlit með kerfislega þýðingarmiklum fjármálainnviðum/greiðslukerfum og hins vegar kerfisstjórn/rekstur kerfislega mikilvægustu fjármálainnviða landsins, stórgreiðslu- og jöfnunarkerfisins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Verkefnisstjórinn sem óskað er eftir mun stýra innleiðingu á nýju stórgreiðslu- og jöfnunarkerfi. Munu kerfin leysa af hólmi eldri hugbúnaðarlausnir sem þjónað hafa fjármálastofnunum á Íslandi á annan áratug og mynda grunnkerfi allrar rafrænnar greiðslumiðlunar á Íslandi. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki um tvö til þrjú ár og er undirbúningur þegar hafinn. Ráðist verður í kröfulýsingu og samningagerð á fyrri hluta næsta árs. Unnið verður eftir svipuðu ferli og seðlabankar á Norðurlöndunum hafa viðhaft við endurnýjun stórgreiðslukerfa sinna. Þátttakendur í stórgreiðslu- og jöfnunarkerfum eru íslenskar og erlendar fjármálastofnanir.

Hæfniskröfur:

- ✓ Reynsla af stýringu stórra verkefna með þátttöku innlendra og erlendra aðila ásamt reynslu og þekkingu á sviði samningagerðar.
- ✓ Háskólamenntun er skilyrði.
- ✓ Alþjóðleg vottun frá IPMA eða MPM-nám er kostur.
- ✓ Leitað er eftir einstaklingi sem hefur góða þekkingu á íslensku fjármálakerfi.
- ✓ Frumkvæði, skipulagshæfni, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- ✓ Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti er skilyrði.
- ✓ Góð kunnátta í ensku er skilyrði.
- ✓ Góð kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli er kostur.
- ✓ Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starfið:

Í boði er mjög áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Greiðsluveitan hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með **10. nóvember 2014** og skulu umsóknir sendar á starfsumsokn@greidsluveitan.is

Nánari upplýsingar veita:

Páll Kolka Ísberg

Forstöðumaður kerfisstjórnar fjármálainnviða.

Sími 569 9711, pall.isberg@sedlabanki.is

Logi Ragnarsson

Framkvæmdastjóri Greiðsluveitunnar ehf.

Sími 458 0000, logi@greidsluveitan.is

Greiðsluveitan er sjálfstætt rekið einkahlutafélag í eigu Seðlabanka Íslands. Tilgangur félagsins er að starfrækja greiðslukerfi og önnur þjónustukerfi sem tengd eru greiðslumiðlun fyrir banka og önnur fjármálafyrirtæki. Hjá Greiðsluveitunni starfa nú fimmtán sérfræðingar sem sinna margvíslegum verkefnum af ýmsum toga. Frekari upplýsingar er að finna á vef félagsins www.greidsluveitan.is

Hjúkrunarfræðingar óskast á Grund



Aðstoðardeildarstjóri óskast til starfa í 80-100% stöðu. Dagvinna en möguleiki á öðrum vöktum ef óskað er eftir því. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Lausar kvöld- og helgarvaktir, möguleiki á tímavinnu.

Nánari upplýsingar um störfin, starfshlutfall, vaktir og launakjör veitir Sigrún Faulk hjúkrunarforstjóri, virka daga frá klukkan 9.00-16.00 í síma 530-6116.

Einnig má senda fyrirspurnir á mussa@grund.is.

Trúnaður, traust og umhyggja eru höfð að leiðarljósi í samskiptum og lögð áhersla á góðan vinnuanda, sjálfstæð vinnubrögð og heimilislegt umhverfi.

www.grund.is



Aðstoðarmaður í umbúðadeild

Prentmet ehf. í Reykjavík óskar eftir aðstoðarmanni í umbúðadeild í 100% starf

Helstu verkefni:

- Röðun umbúða í límingarvél.
- Eftirlit með frábrigðum og göllum í umbúðum sem koma úr límingarvél.
- Röðun umbúða og pökkun úr límingarvél.
- Brot, hefting, upptaka, líming, plöstun og innpökkun.
- Önnur tilfallandi sérverkefni sem leysa þarf á hverjum tíma.

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið: ingasteina@prentmet.is eða <http://prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn>. Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2014.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálslí 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi



HL Adventure óskar eftir dugmiklum og áhugasömum Project Manager (PM) og Project Coordinator(PC) í ferðaþjónustu.

Project Manager (PM)

- Sjálfstætt útbúa skemmtileg og spennandi tilboð í ferðir á Íslandi fyrir einstaklinga og hópa
- Þarf að vera í beinum samskiptum við viðskiptavinum viðsvegar að úr heiminum
- Geta talað og skrifað ensku á háu stigi, önnur tungumálakunnátta kærkomin.
- Almenn tölvukunnátta og Office ritvinnslu/töflureikni

Project Coordinator (PC)

- Góð þekking á Íslandi sem áfangastað fyrir einstaklinga og hópa er kostur.
- Drifkraftur og metnaður einkennir þig
- Öguð vinnubrögð og geta unnið undir álagi
- Geta talað og skrifað ensku, önnur tungumál kærkomin
- Almenn tölvukunnátta og Office ritvinnslu/töflureikni

Við erum samheldið teymi sem stefnir hærra. Við skoðum allar umsóknir vandlega, fullum trúnaði heitið og samkeppnishæf laun fyrir réttan aðila. Þarf að geta byrjað strax í dag, en við biðum að sjálfsögðu eftir réttum aðila.

Vinsamlegast sendu umsókn og ferilskrá á office@hl.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfari Baug
- Leikskólakennari Efstahjalla

Grunnskólar

- Skólaliði Álfhólsskóla

Velferðarsvið

- Starfsmaður á hæfingarstöð
- Liðveitandi, persónulegur ráðgjafi og tilsjónaraðili

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberra hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlæggar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

Sérfræðingur í opinberum fjármálum

Deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála vinnur meðal annars tölur um opinber fjármál. Starfið felur í sér að sjá um úrvinnslu, greiningu og útgáfu talna um fjármál hins opinbera og samneyslu í samræmi við kröfur alþjóðastofnana. Einnig fellur undir starfið þróun aðferða og útgáfu auk samskipta við notendur og gagnaveitendur.

Hæfniskröfur

- ✓ Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga er æskileg.
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL/Access) er kostur.
- ✓ Þekking á fjármálum hins opinbera er kostur.
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta.
- ✓ Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- ✓ Samskipta og samstarfsfærni.

Umsóknarfrestur er til **17. nóvember 2014**.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Helga Hauksdóttir [helga.hauksdottir@hagstofa.is]

Menningarfélag Akureyrar Sviðsstjórar

Menningarfélag Akureyrar (MAK) auglýsir lausar til umsóknar þrjár stöður sviðsstjóra. Um er að ræða stöður **leikhússtjóra, tónlistarstjóra og viðburðastjóra**. Menningarfélag Akureyrar mun frá og með 1. janúar 2015 sjá um rekstur Leikfélags Akureyrar (LA), Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SN) og Menningarhússins Hofs (MH).

Leikhússtjóri:

- Markar listræna stefnu og ber ábyrgð á verkefnavali leiklistarsviðs í samstarfi við stjórn LA og framkvæmdastjóra MAK
- Hefur umsjón með daglegum rekstri, áætlanagerð, stefnumótun og eftirfylgni.
- Annast mannráðningar, starfsmannahald, samningagerð og uppgjör í samstarfi við framkvæmdastjóra
- Sér um leiklistarskóla LA og vinnusmiðjur innlendra og erlendra listamanna
- Er talsmaður sviðsins út á við ásamt framkvæmdastjóra
- Situr í samráðsnefnd vegna annarra verkefna MAK
- Tekur þátt í störfum stjórna LA og MAK eins og þurfa þykir

Tónlistarstjóri:

- Markar listræna stefnu og ber ábyrgð á verkefnavali tónlistarsviðs í samstarfi við stjórn SN og framkvæmdastjóra MAK
- Hefur umsjón með daglegum rekstri, áætlanagerð, stefnumótun og eftirfylgni
- Annast mannráðningar, starfsmannahald, samningagerð og uppgjör í samstarfi við framkvæmdastjóra
- Sér um vinnusmiðjur innlendra og erlendra listamanna
- Er talsmaður sviðsins út á við ásamt framkvæmdastjóra
- Situr í samráðsnefnd vegna annarra verkefna MAK
- Tekur þátt í störfum stjórna SN og MAK eins og þurfa þykir

Viðburðastjóri:

- Hefur umsjón með menningartengdum viðburðum, meðframleiðslu og ráðstefnuhaldi viðburðasviðs í samstarfi við stjórn MH og framkvæmdastjóra MAK
- Vinnur náið með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu
- Hefur umsjón með daglegum rekstri, áætlanagerð, stefnumótun og eftirfylgni
- Annast mannráðningar, starfsmannahald, samningagerð og uppgjör í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Er talsmaður viðburðasviðs út á við ásamt framkvæmdastjóra
- Situr í samráðsnefnd vegna annarra verkefna MAK
- Tekur þátt í störfum stjórna MH og MAK eins og þurfa þykir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í sviðslistum, framhaldsmenntun er kostur
- Starfsreynsla í sviðslistum
- Þekking á straumum og stefnum í sviðslistum hér heima og erlendis
- Framúrskarandi samskipta- og stjórnunarhæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Reynsla og þekking á markaðsstarfi er kostur
- Þekking á starfsmannahaldi og ráðningum
- Starfið krefst sveigjanlegs vinnutíma
- Vegna náins samstarfs við önnur svið MAK er þekking á tónlist og viðburðastjórnun kostur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í tónlist, framhaldsmenntun er kostur
- Þekking á starfsemi sinfóníuhljómsveita
- Þekking á straumum og stefnum í tónlist hér heima og erlendis
- Framúrskarandi samskipta- og stjórnunarhæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Reynsla og þekking á markaðsstarfi er kostur
- Þekking á starfsmannahaldi og ráðningum
- Starfið krefst sveigjanlegs vinnutíma
- Vegna náins samstarfs við önnur svið MAK er þekking á viðburðastjórnun og sviðslistum kostur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af verkefna- og/ eða viðburðastjórnun
- Framúrskarandi samskipta- og stjórnunarhæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Reynsla og þekking á markaðsstarfi
- Þekking á starfsmannahaldi og ráðningum
- Starfið krefst sveigjanlegs vinnutíma
- Vegna náins samstarfs við önnur svið MAK er reynsla af framleiðslu listviðburða kostur

Umsóknarfrestur er til og með

15. nóvember 2014

Gert er ráð fyrir að stjórnendur hefji störf eigi síðar en

1. janúar 2015

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið

Umsóknir berist til framkvæmdastjóra MAK, Gunnars I. Gunnsteinssonar gunnar@menningarfelag.is

Nánari upplýsingar veitir Gunnar í tölvupósti eða síma 824 2526

Nánar um starfsemina á:

www.leikfelag.is
www.sinfonianord.is
www.menningarhus.is





VIÐ LEITUM AÐ SÉRFRÆÐINGI Í GJALDEYRISMIÐLUN

Gjaldeyrismiðlun er hluti af deild markaðsviðskipta á fjárfestinga-bankasviði Arion banka. Störf í deildinni byggja á góðri þekkingu á gjaldeyrismálum og fjárstýringu.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- ▶ Greining viðskiptatækifæra.
- ▶ Öflun og viðhald viðskiptatengsla.
- ▶ Þátttaka í þróun og sölu þeirra afurða sem bankinn býður.
- ▶ Miðlun gjaldeyris og afleiðutengdra afurða til einstaklinga og fyrirtækja.
- ▶ Ráðgjöf um áhættuvarnir í rekstri fyrirtækja.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- ▶ Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- ▶ Góð þekking á gjaldeyrismálum skilyrði.
- ▶ Reynsla af bankastörfum sem nýtist í þessu starfi eða reynsla af fjármálastjórn/fjárstýringu fyrirtækja.
- ▶ Geta og hæfni til að sækja viðskipti og viðhalda viðskiptasamböndum.
- ▶ Framúrskarandi hæfni í samskiptum.

Nánari upplýsingar veita **Styrkár Hendriksson**, forstöðumaður markaðsviðskipta í síma **444 7343**, netfang styrkar.hendriksson@arionbanki.is og **Jónas Hvannberg** starfsmannastjóri í síma **444-6376** netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2014.
Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Ás styrktarfélag Búseta

Yfirþroskaþjálfari/deildarstjóri óskast til starfa á heimili á Kleppsvegi í 50-70% starf. Vinnutími er sveigjanlegur á daginn og mögulega unnið einstaka kvöld en ekki er unnið um helgar. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fylgið í því að aðstoða og styðja fólk í daglegu lífi.

Upplýsingar veitir Þórhildur Garðarsdóttir í síma 414-0500.

Umsókn sendist á thorhildur@styrktarfelag.is.

Einnig má sækja um í gegnum heimasíðu félagsins www.styrktarfelag.is.

Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.



Spennandi vinna í boði.

Ég er 44 ára kona og óska eftir aðstoðarfólki um helgar þeas aðra hvora helgi. Er gift og móðir 2 ára drengs. Mér finnst gaman að lesa bækur, ferðast, þjálfa hundinn okkar og er laganemi í Háskóla Reykjavíkur. Lifi lífinu lífandi.

Starfið felur í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð.

Hæfniskröfur:

Góð almenn menntun og íslenskukunnátta.
Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
Hreint sakavottorð skilyrði. Bílpróf.

Umsóknarfrestur er til 8 nóvember.

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu: Asdisjenna@npa.is



MOSFELLSBÆR



Lausar kennarastöður við Lágafellsskóla Mosfellsbæ

- **Umsjónarkennari á yngsta stigi - 100% starfshlutfall.** Um er að ræða fastráðningu og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.
- **Kennsla í tölvu- og upplýsingatækni - 100% starfshlutfall.** Um er að ræða fast-ráðningu og þarf viðkomandi að geta hafið störf í lok nóvember.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is.

Launakjör skv. kjarasamningi SNS og KÍ vegna FG.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200 eða 8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.

Umsóknarfrestur um störfin er til 14. nóvember 2014.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Rafvirkjar

Óskum eftir rafvirkjum/rafvirkjanemum í fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni.

Reynsla kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Pétur í síma 617 3295 eða í gegnum netfangið radning2014@gmail.com.

Okkur vantar

bókbindara/starfsmann í bókbandsdeildina okkar

Reynsla af umbúðaframleiðslu og almennri bókbands- og vélavinnu kostur.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á emil@isafold.is

Umsóknarfrestur er til 10. nóvember



Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er eitt af elstu fyrirtækjum landsins, stofnuð 1877. Hjá fyrirtækinu starfa 60 manns. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu og er leiðandi í hagkvæmum lausnum



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framkvæmdastjóri lækninga	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurland	201410/826
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurland	201410/825
Sérfræðingur í munasafni	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201410/824
Hjúkrunarfræðingar	Heilsugæslan Grafarvogi	Reykjavík	201410/823
Sérfræðingur í opinb. fjármálum	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201410/822
Læknakandidatar	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201410/821
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201410/820
Sérfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201410/819
Ritari þingmanna	Alþingi, skrifstofa	Reykjavík	201410/818
Fjármálaráðgjafi	Landspítali, aðgerðasvið	Reykjavík	201410/817
Rekstrarstjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201410/816
Verk- eða tæknifræðingur	Vegagerðin	Borgarnes	201410/815

Sterk tengsl í Íslensku atvinnulífi www.hagvangur.is



Íslandsbanki á Akureyri

Viðskiptastjóri einstaklinga

Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að starfa sem viðskiptastjóri einstaklinga í útibúi bankans á Akureyri. Viðskiptastjóri einstaklinga heyrir undir útibússtjóra og er hluti af stjórnendateymi útibúsins.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun
- Alhliða ráðgjöf og þjónusta
- Skapa og styrkja góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Áætlanagerð og markmiðasetning

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Frumkvæði, þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar:

Ingi Björnsson, útibússtjóri, 440 3802,
ingi.bjornsson@islandsbanki.is

Ásta Sigríður Skúladóttir, Mannauðssviði, 440 4186,
asta.sigridur.skuladottir@islandsbanki.is

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 1000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.





Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

日本語ガイド募集中

日帰り旅行、長期旅行など、様々な旅行でのアルバイトのガイドを募集しています。

ガイド未経験であってもご安心ください。無料ガイド研修を実施しております。

興味のある方は英語又はアイスランド語でグズニーギヤ (Guðný Gígja)

gudnyg@gjtravel.is までご連絡下さい。



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framkvæmdastjóri lækninga	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurland	201410/826
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurland	201410/825
Sérfræðingur í munasafni	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201410/824
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Grafarvogi	Reykjavík	201410/823
Sérfræðingur í opinb. fjármálum	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201410/822
Læknakandidatar	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201410/821
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201410/820
Sérfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201410/819
Ritari þingmanna	Alþingi, skrifstofa	Reykjavík	201410/818
Fjármálaráðgjafi	Landspítali, aðgerðasvið	Reykjavík	201410/817
Rekstrarstjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201410/816
Verk- eða tæknifræðingur	Vegagerðin	Borgarnes	201410/815

Tannlæknastofa

Aðstoðarmann vantar á Tannlæknastofuna Vegmúla 2 í Reykjavík. Um er að ræða fullt starf. Vinnutíminn er til 17 virka daga.

Vinsamlegast sendið umsóknir á gunniros@mmedia.is
Umsóknarfrestur er til 15. nóvember.



HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Ert þú röskur og lífsglaður sölusnillingur og hefur áhuga á heilbrigðu líferni?

Í boði er starf á líflegum vinnustað í jákvæðu starfsumhverfi. Verkefni eru m.a. að annast tilboðsgerð og frágang sölusamninga auk þess að sinna viðhaldi viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina.

Vinnutími er kl. 11-19 mán til fim. og 09-17 á fös. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum, vera samvisskusamur og metnaðarfullur, búa yfir framúrskarandi þjónustulund og hafa ánægju af mannlegum samskiptum. Þarf auk þess að hafa frumkvæði, eiga gott með að vinna í teymi og vera reyklus.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá með mynd og upplýsingum um meðmælendur á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 10. nóv.

Kringlan

Aðgangur að verslunarplássi í Kringlunni til sölu (lyklagjald). Plássið er um 50 fm með nýlegum innréttingum og ljósabúnaði.

Áhugasamir hafið samband box@frett.is



Starfsmaður í Flugrekstrardeild.

Avijet leitar að öflugum starfsmanni í flugrekstrardeild félagsins. Starfið felst m.a. í gerð flugplana, öflun yfirflugsheimilda, skipuleggja flugafgreiðslu og eldsneyti. Einnig skipulag fyrir áhafnir, m.a. þjálfun og vinnuskrá, flugmiðar, hótél ofl.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Hafa getu til að vinna undir álagi
- Góð enskukunnátta bæði í máli og riti nauðsynleg

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið jobs@avijet.is merkt „Starfsmaður í OPS“.

heimkaup.is

100% LAGERMANNESKJA

Við hjá Heimkaup.is óskum eftir ábyrgum, skipulögðum og vinnusömum lagerstarfsmanni. Við leitum að reyklusum, útsjónarsömum einstakling sem bæði getur unnið sjálfstætt og unnið vel með öðrum.

Í starfinu felst m.a. móttaka á vörum, umsjón með lager, frágangur pantana, útkeysla auk tilfallandi verkefna. Starfshlutfall er 100%. Vinnutími er kl. 9 til 18.

Hjá Heimkaup.is starfar samstilltur hópur fólks sem nýtur þess að gera vel við viðskiptavinina sína. Þó álagið geti stundum orðið mikið er gaman í vinnunni ...enda viðskiptavinirnir ánægðir!

Hæfniskröfur:

Þarf að hafa góða reynslu af lagerstörfum. Vera 20 ára eða eldri og vera með metnað. Vanur/vön að vinna á tölvu, vera kunnug/ur lagerkerfum

Umsóknir sendist á saevar@heimkaup.is fyrir 4. nóv.

HEIMKAUP

www.vinna.is

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:
SKARFABAKKI Í SUNDAHÖFN
Storppollar og vatnsbrunnar


Verkið felst í að setja niður 12 stormpolla á 6 nýjar undirstöður á bakkasvæði Skarfabakka.

Einnig skal grafa fyrir og endurnýja frárennsli 16 vatnsbrunnna og koma rörum út um stálþil.

Nokkrar helstu magntölur eru:

Gröftur	380 m ³
Steypa	135 m ³
Rekstur stálþilspara	12 stk
Niðurstæking polla	12 stk
Frárennsli vatnsbrunnna	16 stk
Malbikun yfirborðs	200 m ²

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Verkís í Ofanleiti 2, 1. hæð, 103 Reykjavík, frá og með miðvikudeginum 5. nóvember n.k. Tilboð verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 27. nóvember n.k. kl. 11:00.



GLÆSILEG ÍBÚÐ Í SJÁLANDI, GBÆ Norðurbrú 2, með bílageymslu Til leigu í tvo mánuði



Björt, opin og glæsileg 3ja til 4ra herbergja íbúð (117 fm íbúð) á 1. hæð við Norðurbrú í Garðabæ í hinu vinsæla Sjálandshverfi.

Upplýsingar í síma 777 3658

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



LAXVEIÐIÁ TIL LEIGU

Kálfá í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er til leigu til næstu 3ja ára. 2 stangir leyfðar. Aðeins er veitt á flugu. Gott veiðihús fylgir. Nánari uppl. eru veittar í síma 898-9107.

Tilboðum skal skila fyrir 15. nóvember til formanns Veiðifélags Kálfár, c/o Kristinn Marvinnsson, Austurmýri 13, 800 Selfoss.

Netfang: efnalaug@efnalaug.is

Áskilinn er réttur til að taka eða hafna hvaða tilboði sem er.



Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2014/2015 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 652, 4. júlí 2014

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

Grundarfjarðarbæ (Grundarfjörður)
Borgarfjarðarhreppur (Borgarfjörður eystri)

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr.948/2014 í Stjórnartíðindum

Snæfellsbær (Arnarstapi, Hellissandur, Rif og Ólafsvík)
Sveitarfélagið Skagaströnd
Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluáðila, á eyðublaðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember 2014.

Fiskistofa, 31. október 2014.



BLÁA LÓNID ÚTBOÐ JARÐVINNUNU

Bláa Lónið hf, óskar eftir tilboðum í verkið: „Bláa Lónið - Stækkun upplifunarsvæðis“.

Verkið felst í upptöku á hrauni, uppgreftri, klapparvinnu og fyllingum.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Grunnflötur húsbygginga verður um	5.100 m ²
Ný baðlón verða um	1.300 m ²
Vegir og plön verða um	7.000 m ²
Uppgröftur á yfirborðshrauni	9.000 m ³
Uppgröftur á fleygaðri/sprengdri klöpp	42.000 m ³
Klapparlosun	42.000 m ³
Fyllingar	4.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júní 2015.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi á skrifstofu Eflu Verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík frá og með mánuðeginum 3. nóvember 2014. Kynningarfundur verður haldinn í fundarsal Bláa Lónsins 6. nóvember kl. 10. Tilboð verða opnuð á sama stað mánuðaginn 19. nóvember 2014, kl. 10:00.

BLUE LAGOON
ICELAND



Mjög vandaðir Velfac gluggar og hurðir ætlað í einbýlishús til sölu

Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir tilboðum í 31 glugga, 1 útihurð og 2 svalahurðir ætlaðir fyrir einbýlishús ásamt arkitektateikningum og hluta af burðarþols- og lagnateikningum að einbýlishúsi á einni og hálfri hæð. Gluggarnir eru framleiddir árið 2007 og er húsið hannað á sama tíma.

26	309	4	118.7	39.900.000	Seld
27	401	4	114.1	39.900.000	Seld
28	402	4	99.9	36.900.000	
29	403	3	94.4	34.900.000	
30	404	4	98.9	36.900.000	
31	405	4	99.7	37.500.000	
32	406	4	128	44.900.000	Seld



Hagkvæmar fjölskylduíbúðir

— í Ásahverfinu í Garðabæ

Við bjóðum til dæmis kost fyrir ungt fólk sem er að kaupa sína fyrstu íbúð eða eldra fólk sem hefur áhuga á að minnka við sig. Íbúðirnar eru á besta stað í Ásahverfinu þar sem er stutt í skóla, fristundir og þjónustu.

10% við kaupsamning — næsta greiðsla við afhendingu

3ja herbergja

frá kr. 29.500.000 kr.
94 m² + bílskýli

4ra herbergja

frá kr. 34.500.000 kr.
98,6 m² + bílskýli

5 herbergja

frá kr. 37.900.000 kr.
116,5 m² + bílskýli

Dæmi um fjármögnun á 4ra herbergja íbúð:

Verð íbúðar	34.500.000
Greitt við kaupsamning — 10%	3.450.000
Greitt með 80% láni við afhendingu í sept. 2015	27.600.000
Greitt við afhendingu í sept. 2015	2.450.000
Greitt með peningum við afsal	1.000.000
Samtals	34.500.000



Garðar Kjartansson
Solufulltrúi
gardar@valholl.is
S. 853-9779



Vítborg Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Viðskiptafræðingur / MF
vitborg@valholl.is
S. 891-8660



Ellert Róbertsson
Solufulltrúi
eller@valholl.is
S. 893-4477



Þórunn Páladóttir
Solufulltrúi
Verkfræðingur, MBA
thorunn@valholl.is
S. 773-6000

8 UPPÁHALDS-ÖPPIN

Eldar Ástþórsson
upplýsinga-
fulltrúi CCP



RUNKEEPER

RunKeeper heldur utan um hvert hlaup hjá mér, mælir árangur og getur sagt mér hvar í ósköpunum ég er.

TRIPIT


Góður félagi í flugferðir. Heldur utan um allar tímasetningar, tengiflug, staðfestingarnúmer o.s.frv. Maður áframsendir einfaldlega bókunarpóstinn frá flugfélaginu á netfang hjá Tripit og búmm, þetta er komið inn.

RBMA RADIO

Það besta á internetinu í dag. Hlaðvarpskista með aragrúa útvarpsþátta. Hrein unun.

PICSTICH

Einhvern tíma spáð í hvernig unglíngarnir fara að því að raða mörgum myndum inn í einu og sömu myndina, og birta síðan á netinu? Þetta er lausnin.



EVE TRADER

Með EVE Trader er hægt að fylgja með og kaupa vörur og geimskip á markaðstorgi leiksins. Gjaldmiðill viðskiptanna er ISK, en hér er þó ekki um að ræða gervigjaldmiðilinn með sömu skammstöfun.

SÓNAR FESTIVAL

Styttist í Sónar Reykjavík. Hér getur maður fylgst með nýjustu viðbótum við dagskrána.

BUYCOTT

Ég er enn að læra á þetta, en þessi elska á að geta sagt mér meira um uppruna þeirra vara sem boðið er upp á í verslunum með því að skanna stríkamerkið. Erum við nokkuð búnir að gleyma Gaza?

TRELLO

Appið er nokkurs konar framlenging af „desktop“ útgáfunni í tölvunni. Nota mikið í vinnunni, en líka við að halda utanum ýmislegt í daglegu lífi.

Prómepeifur til stjarnanna á ný

Títaninn Prómepeifur uppskar eilífa reiði Seifs þegar hann stal eldi, eða samruna, sólarinnar og færði bjargarlausu mannkyni. Kjarnasamruni sólstjarna er eldri en grísk goðafræði og sólin. Hann er jafnaldri alheimsins og maðurinn er enn óhræddur við að ögra höfuðguðinum. Tímabil óþrjótandi orku er í uppsiglingu en rannsóknir á sviðinu hafa tekið miklum framförum.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Vísindamenn og verkfræðingar hafa áratugum saman freistað þess að beisla afl sólstjarnanna. Kjarnasamruni er undirstaða lífs eins og við þekkjum það. Stórkostlegt ferli þar sem náttúruleg mál alheimsins kristallast í svo gott sem eilífri orku. Maðurinn hefur takmarkaða reynslu af því að meðhöndla kjarnasamruna, við sjáum hann á hverjum degi á himninum en höfum aðeins framkallað hann í augnablik með kjarnavopnum.

Hænskrefin telja

Síðasta öld var í raun forleikur að þróun kjarnasamruna. Framfarir í kjarneldisfræði, þróun kjarnavopna og tilraunir með kjarnakljúfa marka grýtta vegferð í átt að hinum altæka orkugjafa. Framfarirnar hafa þó verið hægar.




ÁGÚST VALFELLS

„Strax á 6. áratugnum voru menn bjartsýnir á að sigrast á kjarnasamruna. Þá voru menn búnir að tækla kjarnaklofnun,“ segir Ágúst Valfells, doktor í kjarnorkuverkfræði við HR.

„Þegar maður skoðar kennslubækur frá 1950 er talað um kjarnasamruna innan þrjátíu ára. Bækur frá 1980 lofa síðan því sama árið 2010.“

Engu að síður hafa stór skref verið tekin. ESB, Bandaríkin, Rússland og önnur iðnveldi tóku höndum saman árið 2007 og hófu byggingu á langstærsta samrunaofni veraldar, ITER, í Suður-Frakkland. Ofninn verður 23 þúsund tonn og 840 rúmmetrar af vetnisplasma munu flæða um kleinuhringslaga holurum hans. Vísindamenn vonast til að hann muni framleiða 500 MW þegar hann verður tekinn í fulla notkun árið 2027.



STJÓRNANDINN
Tom McGuire, sem stýrir samrunaverkefni Lockheed Martin ásamt frumgerðinni.

Samrunaofn á stærð við frystikistu

Hönnun ITER byggir á tilraunum Sovétmanna árið 1956 með Tokamak-ofna en í dag eru hugmyndir um annars konar hönnun. Í leynilegri rannsóknarmíðstöð bandaríska hergagnaframleiðandans Lockheed Martin hafa vísindamenn unnið að þróun mun minni og skilvirkari samrunaofns. Fyrirtækið tilkynnti á dögunum að vísindamennirnir hefðu yfirstigið helstu þröskulda við hönnun ofnsins.

Lockheed Martin lofar frumgerð innan fimm ára og fullbúna tæki eftir áratug. Ofninn er hlægilega lítill miðað við ITER eða á stærð við þotuhreyfil og


beitir nýstárlegri aðferð þar sem segulviðið sem beislar vetnisplasma þrengist við báða enda (eins og karamella). Lockheed fullyrðir að þessi litli samrunaofn geti virkjað 100 MW af orku. Í þessu sambandi er viðeigandi að benda á að afl Kárahnjúkavirkjunar er 690 MW.

Altæk orka, altækar breytingar

„Það sem gerir þessa vél hjá Lockheed Martin merkilega er stærð hennar,“ segir Ágúst. „Þetta snýst ekki bara um að fá meiri orku heldur einnig að það kosti ekki óheyrilega mikið að fá hana.“

Félagsleg, pólitísk og umhverfisleg áhrif ódýrs og skilvirkis

Hvað er samruni?



Ljósíð og hitinn frá sólinni er afurð samruna. Hann á sér stað þegar vetnisjarnar renna saman og mynda þyngrí atóm.

Þetta er uppgötvun Einsteins ($E=mc^2$) þar sem massi (m) og orka (E) eru jafngildi. Þar sem hraði ljóss (c, eða fastur hraði) er svo mikill er auðvelt að umbreyta litlum massa í gríðarlega orku.

samrunaofns eru yfirþyrmandi þar sem aðgengi að hreinni og umhverfisvænni orku verður stóruaukið.

„Við verðum auðvitað að hafa í huga að á sínum tíma voru sömu vonir bundnar við kjarnaofna. En

það yrði náttúrulega algjör byltning að fá svona tæki eins og Lockheed lofar. Að fá kjarnasamruna á samkeppnishæfu verði hefði gríðarlega afleiðingar. Aðgangur að auðlindum væri ekki lengur vandamál.“

Hawking mættur á Facebook



LOKSINS Á FACEBOOK

Stephen Hawking hvetur fólk til að leita að svörum.

Eðlisfræðingurinn Stephen Hawking skráði sig á Facebook í vikunni. Tímasetningin er nokkuð sérstök en kvikmynd byggð á lífshlaupi hans verður frumsýnd 7. nóvember næstkomandi en hún ber heitið „The Theory of Everything“.

Í fyrstu færslu sinni á Facebook hvatti hann fólk til dáða í leit sinni að svörum um alheiminn: „Svo gæti verið að tími og rúm verði ávallt ráðgáta en ég læt það ekki stöðva mig. Verið forvitin, ég veit að það verð ég alla tíð.“

Raunverulegur leikur sem sver sig í svo sannarlega í ættina

NBA 2K15

★★★★★

Spilað á Playstation 4 ÍPRÓTTALEIKUR

NBA2K15 hefur í gegnum tíðina verið veisla fyrir spilara sem vilja hafa raunveruleikann í fyrirrúmi. Eftir að hafa spilað alla 2k-leikina, frá því að fyrsti leikurinn kom út á Playstation 2 árið 2001, er maður orðinn dekraður. Nýjasta útgáfan, hönnuð af Visual Sports, sver sig heldur betur í ættina. Að vissu leyti er hér á ferðinni raunverulegasti íþróttaleikur sem undirritaður hefur prófað. Allt frá lýsingu leikjanna, til hreyfinga og útlits leikmanna; Þetta er allt til staðar og gott betur. Meira að segja er boðið upp á stuttan sjónvarps-

þátt fyrir hvern leik sem spilaður er, á meðan tölvan hleður sig.

Undirritaður hefur aldrei skemmt sér eins vel í fyrstuperónuham leiksins, sem kallast My Career. Þar byggir maður upp feril eins leikmanns með sterkum sögupræði, þar sem umboðsmenn, þjálfarar og liðsfélagar skipta miklu máli. Framkvæmdastjórahaturinn er svipaður og í fyrra: Djúpur og inniheldur nánast öll flóknu smáatriðin í launabaki NBA-deildarinnar. Hafandi spilað körfubolta alla ævi og hafandi spilað alla NBA2k-leikina, getur undirritaður sannarlega mælt með þessum leik, sérstaklega fyrir unga körfuknattleiksspilara, því leikurinn er það djúpur að hann ætti að auka leikskilning þeirra sem iðka íþróttina.

Kjartan Atli Kjartansson



RAUNVERULEGT Kóngurinn er kominn heim.

ÞÉR ER BOÐIÐ



Í DAG (1. NÓV.)

OPNAR UNDER ARMOUR VERSLUN Í
ÚTILÍFI SMÁRALIND OG ÞÉR ER BOÐIÐ
Í OPNUNARPARTÝIÐ.



UNDER ARMOUR.

DJ FRÁ KL. 14 - 17

**OPNUNARTILBOÐ Á VINSÆLUM
UNDER ARMOUR VÖRUM TIL
ÞRIÐJUDAGS**

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

nettó

Kræsingar & kostakjör

-21%

**NAUTALUNDIR
ERLENDAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.789,-**

2.993,-

-23%

**DÁDÝRALUNDIR
VILLIBRÁÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 6.989,-**

5.382,-

-30%

**ANDABRINGUR
FRANSKAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 4.279,-**

2.995,-

**DÁDÝRAVÖÐVAR
NÝJA SJÁLAND
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 4.498,-**

3.598,-

-30%

**ANDALEGGIR LÆRI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.989,-**

1.392,-

-30%

**GRÍSAKÓTELETTUR
KRYDDAÐAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.798,-**

1.259,-

-35%

**PIZZASTYKKI - NÝBAKAÐ
MARGARITA/SALAMI
STYKKJAVEÐ
VERÐ ÁÐUR 359/398,-**

180/199,-

-19%

**OSTAKEK - CHILI
FRÓN
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 245,-**

198,-

-19%

**OSTAKEK - HVÍTLAUKS
FRÓN
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 245,-**

198,-

-35%

**HANGILÆRI
ÚRBEINAD
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.995,-**

2.597,-

Tilboðin gilda 30. okt - 2. nóv 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LAMBAHRYGGUR
HÁLFUR - FERSKUR
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.198,-

1.780,-



LAMBAKÓRÓNA
FRÉSK
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.998,-

3.598,-



LAMBALÆRI
ÁN MJADMABEINS
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.698,-

1.392,-



LAMBAÖXL
FRÉSK
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-

999,-



KALKÚNAHAKK
ÍSFUGL 600 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 798,-

399,-



KJÚKLINGABRINGUR
ÍSFUGL MAGNPAKNING
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.598,-

1.949,-



NICE 'N EASY SÚPUR
2 TEGUNDIR
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 498,-

299,-



PAPRIKA
RAUÐ
VERÐ ÁÐUR 598,-
KKÍLOVERÐ

299,-

www.netto.is

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

MELÓDRAMA VERDIS VAR MIKLU MERKILEGRI HARMSAGA

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson

er ekki búinn að sjá sýningu Íslensku óperunnar á Don Carlo en hefur kynnt sér ævi fyrirmyndarinnar, Carlosar krónprins.



Enginn er ég óperuunnandi, en þætti mér Verdi bærilegur myndi ég að sjálfsögðu hópast í Hörpu að horfa og hlýða á rómaða sýningu sem þar er enn í gangi á Don Carlo eftir hinn ítalska tónsnilling. Og þó myndi ég ekki aðeins vilja njóta tónlistarinnar, sem efunarlaust er tilkomumikil, heldur líka virða fyrir mér meðferð mannkynssögunnar í þessu stykki – en hún er með þeim hætti að maður hlýtur að furða sig á að tónskáldið skyldi yfirleitt vilja nota sögulega atburði til að semja drama sitt upp úr. Af hverju bjó hann ekki bara til sitt eigið efni? spyr maður, því svo víðsfjarri er heimur óperunnar þeim raunveruleika sem lesa má um í sögubókum.

En þar var raunar ekki við Verdi að sakaast, ef einhver er sökin, því hann byggði óperu sína á ljóðaleik þýska skáldsins Schillers, Don Karlos, svo það var Þjóðverjinn en ekki Ítalin sem í raun limlesti söguna og gerði úr raunverulegum mannlegum flækjum og harmleik heldur yfirborðskennt melódrama. Eða er það ekki? Ég hef náttúrlega hvorki lesið leikrit Schillers né óperu Verdis. En þannig virðist það vera þegar maður les söguþráðinn á Wikipediu, melódrama í allri sinni dýrð.

Innræktun Habsborgara

Hinn fagrungi og glæsti krónprins Spánar, Don Carlo, á að giftast ástinni sinni, henni Elísabetu dóttur Frakkakónings, en á síðustu stundu ákveður Filippus kóngur sjálfur að kvænast stúlkunni til að reka þannig smíðshöggjö á friðarsamninga við Frakka eftir langt stríð. Bæði Don Carlo og Elísabet ráða sér vart fyrir sorg, en reyna að sætta sig við orðinn hlut, ekki síst með hjálp trúarinnar. Um síðir kemur til upp-gjörs feðganna og snýst aðallega um stjórn Filippusar á Niðurlöndum, sem Spánarkóngar réðu um þær mundir. Don Carlo vill frelsa Niðurlendinga undan kúgun og sverðalögum spænsku krúnunnar, og alþýðan á Spáni elskar hann líka, svo Filippus lætur að lokum varpa syni sínum í fangelsi, og Rannsóknarréttur kirkjunnar kemur til skjalanna að kveða niður ástina, hugsjónir hins snotra prins, frelsisþrá fólksins, vonir um frið, allt í senn.

Svona er útgáfa Schillers og Verdis. En raunveruleikinn var allur annar. Og reyndar mun dramatískari fyrir minn smekk.

Í fyrsta lagi. Um það leyti sem Carlos krónprins var sviptur heitkonu sinni Elísabetu prinsessu frá París líktist hann lítið því reffilega og myndarlega karlmenni sem Jóhann Friðgeir Valdimarsson túlkar á sviði Hörpu. Hann var 14 ára gamall, rindilslegur, bækladur á fæti með herðakistil, veiklulegur allur og fölleitur og með ferlegan neðri kjálka sem skyggði á allt andlit hans að öðru leyti. Svo ofvaxinn og úrsérgenginn var kjálkinn að Carlos átti erfitt með mál – og hefði bara af þeirri ástæðu ekki getað sungið hina tilkomumiklu dúetta Verdis með Elísabetu. Þessi mikli kjálki var reyndar ættareinkenni fjölskyldunnar sem Carlos tilheyrði en það var Habsborgarættin sem um tíma var grasserandi um allar hirðir Evrópu og réði ekki síst málum í Austurríki og á Spáni.

Habsborgararnir voru stórmerkileg ætt, og ekki síst vegna ótrúlegrar „innræktunar“ sem ættin stundaði. Til þess að



DON CARLO Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

Kristinn Sigmundsson syngur hlutverk Filippusar kónings sem lét fangelsa ódáminn son sinn.

halda sem mestum völdum innan fjölskyldunnar voru nán skyldmennir oftast en ekki látin giftast, og Carlos prins var frábært dæmi um það. Móðuramma hans og föðurafi voru systkini. Móðurafi hans og föðuramma voru líka systkini. Tvær af langömmum hans voru systur. Hann átti aðeins fjóra langömmur og langafa en ekki átta eins og aðrir, og foreldrar hans (Filippus kóngur og María kóngsdóttir frá Portúgal) voru jafn skyld og ef þau hefðu verið hálfsvastkini. Ekki nóg með þetta, Carlos átti bara sex langalangafa og – ömmur en ekki sextán, eins og tíðast er.

Vondur maður reis af sænginni

Svona innræktun er alsíða í ræktun dýra, þegar menn leitast við að þróa einhverja sérstaka eiginleika eða hæfileika hjá vissri dýrategund. Gallinn við innræktun Habsborgaranna var sá að þetta góða fólk hafði enga sérstaka hæfileika. Þeir voru að minnsta kosti fljótir að hverfa þegar gallar innræktunarinnar urðu æ ljósari. Það er ekki tilviljun að í aldanna rás hefur þróast með mannum djúp andúð á of nánu samneyti skyldmenna, og það voru ekki fyrirskipanir frá siðprúðum guðum sem voru að baki banni við sífjaspellum. Reynsland kenndi forfedrum okkar og formæðrum einfaldlega að slíkt endaði með ósköpum, og sú vitneskja smeygði sér inn í gen okkar og varð að skömm á of nánum kynnum. Nema hvað í tilfelli Habsborgaranna varð hvötin til að halda völdum í ættinni yfirsterkari vitneskjunnar um hvernig innræktun hlyti að enda. Og því fór sem fór og Habsborgarakjálkinn varð til en hann var svo ógnarstór í sumum ættliðum að til dæmis Karl V., afi Carlosar prins, gat ekki tuggið matinn sinn sjálfur og sat aldrei til

borðs með öðru fólki. Sú var ekki raunin um Carlos prins þótt kjálkastór væri, en í honum var innræktunin þó augljós og samt ennþá greinilegri í andlegri lægð hans en heldur óhefðbundnu útlitinu.

Carlos sýndi ekki merki um neina hæfileika, né heldur virtist hann hafa áhuga á neinu, nema þá helst því að verða herforingi, en öllum bar saman um að til þess hefði hann hvorki líkamsburði né herstjórnarhæfileika.

Ekki bætti úr skák fyrir Carlos að þegar hann var 16 ára datt hann niður stiga og stórslasaðist á höfði. Höfuðið blés út og var Carlosi ekki hugað líf um langa hríð. Ekkert virtist geta geta kveikt í honum líf að nýju, ekki einu sinni þegar 100 ára gömul bein af gömlum munki voru lögð í söttarsæng hans og klæðisbútur sá sem beinin höfðu verið vafin í lagður á enni hans. Að lokum gerði ítalskur læknir gat á höfuðkúpu hans og sjatnaði þá bólgan, svo hann fékk aftur nokkurn veginn eðlilegt útlit sitt, en hafði hins vegar greinilega orðið fyrir umtalsverðum heilaskaða. Því sá Don Carlos sem hafði hrapað niður stigann heldur tregur og daufur en þó vænsta skinn að flestu leyti, hann reis nú aftur af sænginni sem vondur maður.

Það voru hans sorglegu örlög. Ekki er pláss til að telja hér upp öll illvirki Carlosar prins næstu árin. Hann gerðist óútreiknangelgur í skapi og illskettur, flæktist um götur með hópi óprúttinna féлага úr strætinu og veittist að karlmönnum en leitaði á konur; þetta er maðurinn sem Jóhann Friðgeir leikur og syngur í Hörpu! Einu sinni tók hann upp á því að panta sér ógnarstór stígvél svo hann gæti falið þar skammbyssur sem hann vildi nota til að ógna fólki með, en þegar Filippus faðir hans skipaði skósmiðunum að minnka stígvélin svo ekki væri pláss

“Ekkert virtist geta geta kveikt í honum líf að nýju, ekki einu sinni þegar 100 ára gömul bein af gömlum munkum voru lögð í söttarsæng hans og klæðisbútur sá sem beinin höfðu verið vafin í lagður á enni hans. Að lokum gerði ítalskur læknir gat á höfuðkúpu hans og sjatnaði þá bólgan.

fyrir skotvopnin þá lét Carlos þokkapilta sína góma skósmiðinn og svo neyddu þeir hann til að éta stígvélin.

Þannig liðu nokkur ár, Carlos varð sífellt villtari og grimhari. Hann vildi fá að stýra her Spánar í Niðurlöndum, en faðir hans treysti honum ekki til þess, og þá mun Carlos hafa komið sér í eitthvert samband við niðurlenska uppreisnarmenn, en hann hafði þó enga samúð með málstað þeirra eða kröfum um frelsi – hann vildi bara skaprauna föður sínum og eyðileggja fyrir honum.

Að lokum hóf Carlos ráðabrukk um að ráða kónginn þabba sinn af dögum, og þá var Filippusi nóg boðið. Hann mætti sjálfur á staðinn til að stýra handtöku sonar síns, og Carlos var lokaður inni í einu herbergi í höllinni og múrað fyrir glugga svo ekki væri hætt á að hann henti sér út – en hann marghótaði að svipta sig lífi. Þá var andlegt ástand Carlosar orðið afar bágborið og hann dó loksins 23 ára eftir hálfis árs fangavist.

Ekki vinsæll meðal alþýðunnar

Skömmu eftir að Carlos dó, þá andaðist líka Elísabet fyrrum heitkonan hans en síðar stjúpmóðir. Vegna þess hve skammt var á milli þeirra urðu með tímanum til sögur um að andlát þeirra tengdust og líklega hefði Filippus látið drepa þau bæði, af því hann hefði komist að eldheitri ást sem ríkt hefði millum þeirra. En sú ást var engin, og Elísabet dó bara af völdum mistaka lækna sinna sem klúðruðu lítilsháttar flensu.

Þannig var nú það. Engum var þessi sorglegi innræktaði vesalingur harmdauði, nema hinum subbulegustu af kumpánum hans, það er til dæmis bull úr Schiller og Verdi að hann hafi verið vinsæll með alþýðu manna. En Verdi kaus sem sé að klastra saman úr þessari raunverulegu harmsögu heldur fyrirsjáanlegt melódrama – nema víst með ansi tilkomumikilli músíkl!



FILIPPUS KÓNGUR



CARLOS KRÓNPRINS



ELÍSABET



Þrjár kynslóðir sjálfstæðra kvenna



1.
Metsölulisti
Eymundsson
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

*Saga Katrínar Stellu Briem,
móður hennar og ömmu er
áhrifamikil örlagasaga sem hefur
legið í þagnargildi allt of lengi.
Ævintýri líkust.*



*„Stór og mikil saga.
Heillandi ... aldarspegill.“*

EGILL HELGASON / KILJAN



JPL
JPV ÚTGÁFA



Konráð og félagar á ferð og flugi 120

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara að verða gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við.

Hversu marga steina skyldi vanta?

Getur þú talið þá?

- A 20
B 25
D 30



Heilabrot



1. Ég er ekki tré en ber þó blöð. Ég blómstra ekki en ber þó ávöxt. Ég er safalaus, þó fóðra ég þig. Ég er líflaus en þó geri ég marga ódauðlega. Hver er ég?
2. Hvað á svar við öllum orðum og það á öllum tungumálum?
3. Hver er sú ein há höll? Í henni er stólpi stór. Í þeim stólpa tólf tröppur. Í hverri tröppu fjögur hreiður. Í hverju hreiðri sjö fuglar. Kallast allir eitthvað. Heita þó allir sama.


SVÖR

1. Bókin. 2. Bergmál. 3. Ár, mánuður, vikur og dagar.

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Myndin



Garðar Ernir 7 ára

sendi Fréttablaðinu þessa flottu, tæknilegu mynd.



Í SKÓGINUM „Mér finnst skemmtilegast að vera úti að leika mér og gera prakkarastrik með Birki vini mínum,“ segir Ronja.

MYND/SOLLA MATT

Hræddust við skógar-nornir og grádverga

Ronja ræningjadóttir er lífleg á sviðinu í Leikhúsi Mosfellsbæjar. Hún á heima í Matthíasarborg í Matthíasarskógi með foreldrum sínum og slatta af ræningjum.

Ertu frænka Línu Langsokks?

„Nei, Lína Langsokkur er ekki frænka mín en við erum ótrúlega góðar vinkonur og erum oft í keppni um hvor er sterkari.“

Hvar áttu heima?

„Ég á heima í Matthíasarborg sem er í Matthíasarskógi með öllum ræningjunum og pabba mínum og mömmu.“

Við hvað vinna foreldrar þínir?

„Pabbi minn er sko ræningjaforinginn og mamma mín rekur heimilið. Hún þvær og skrubbar ræningjana og eldar ofan í okkur.“

Eru villidýr á kreiki í skóginum?

„Það er fullt af hættulegum verum í skóginum til dæmis skógarnornir og grádvergar! Pabbi minn segir að ég verði að

passa mig á þeim þegar ég fer út í skóg.“

Ertu oft í hættu?

„Já, ég er alltaf að lenda í alls konar hættum í skóginum en ég kann alveg að takast á við hætturnar. Stundum kemur Birkir vinur minn og hjálpar mér.“

Hvað ertu hræddust við?

„Ég er hræddust við skógarnornirnar og grádvergana en pabbi minn segir samt að ég megi ekki láta þá sjá að ég sé hrædd.“

Áttu einhver húsdýr?

„Nei, ég á engin húsdýr en ég á samt öll dýrin í skóginum af því þetta er Matthíasarskógur og allt sem er í honum á ég!“

Veidir þú þér til matar?

„Já, stundum, þegar ég fer að heim-

an og þarf að sjá um mig sjálf þá veiði ég mér til matar með Birki, til dæmis fisk.“

Hvað borðar þú aðallega?

„Ég borða allt milli himins og jarðar, mér finnst allur matur svo góður og ég klára líka alltaf matinn minn.“


Syngur þú mikið?

„Já, ég syng alveg rosalega mikið ég er alltaf syngjandi og dansandi.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

„Mér finnst skemmtilegast að vera úti að leika mér og gera prakkarastrik með Birki vini mínum í skóginum. Hann er sko besti vinur minn. Svo finnst mér líka ótrúlega gaman að syngja og dansa með ræningjunum heima, þeir eru svo fyndnir og skrítnir.“

VILLA VÍSINDI!



Vísinda Villi spjallar um undraheim vísindanna og gerir tilraunir. Einnig mun Villi árita bókina og situr fyrir á myndum.

Eymundsson
Smáralind
í dag Kl 14:00

vildarverð:
3.999.-
fullt verð:
4.999.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 1. nóvember, til og með 2. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

KRÓNAN



20% afsláttur

1198 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lambalæri, ókryddað



25% afsláttur

Hvítlauks- og rósmarínmarinerað

1198 kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Lambalæri, kryddað



Piparmarinerað

FYRST OG FREMST FREMST ÓDÝR!

23% afsláttur



2998 kr. kg

Verð áður ~~3898~~ kr. kg
Lamba innralæri



20% afsláttur

3998 kr. kg

Verð áður ~~4998~~ kr. kg
Lambalundir



20% afsláttur

3198 kr. kg

Verð áður ~~3998~~ kr. kg
Ungnauta piparsteik



Magnpakkning!

1998 kr. pk.

Krónu kjúklingabringur, magnpakkning



20% afsláttur

3598 kr. kg

Verð áður ~~4498~~ kr. kg
Lambafille með fiturönd



HREINLEGA ÓDÝRT!



Jóladagatal

Nýtt tilboð
alla daga til jóla




31%
afsláttur

Hámark
6 pakkar
á mann meðan
birgðir endast!

669 kr. pk.

Verð áður ~~969~~ kr. pk.
Bio Tex þvottaefni 1,8 kg



4199 kr. stk.

Kamp Knox,
Arnaldur Indriðason

AÐEINS
Í DAG
1.
NÓVEMBER

HÁMARK
2 STK.
Á MANN
á meðan birgðir
endast!

Fylgstu með nýjum tilboðum daglega á kronan.is og sparaðu stórt alla daga til jóla

Pampers
lovesleep&play
Leynist
vinningur
í þínum
Pampers
kassa?



33
kr./stk.

JUMBO+ PACK

Pampers
baby-dry

32
kr./stk.

JUMBO+ PACK

Pampers
baby-dry

27
kr./stk.

JUMBO+ PACK

Pampers
baby-dry

31
kr./stk.

JUMBO+ PACK

Pampers
baby-dry

2399 kr. pk.

Pampers jumbo bleyjur, 4 stærðir

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- 5 Lítið kver um lítinn part af blómlegu fláti (12)
- 11 Hér segir frá snyrtingu og því sem af henni hlaut (9)
- 12 Hryllingur heimskingja er gæsaúð hinna (12)
- 13 Eyðimerkurbeinin minna á grynningarnar (9)
- 14 Ríkur gaur er forspár fugl (10)
- 15 Mól niður og lúxus líka (11)
- 16 Gefa blómlegt biturt grænmetið í skyn (9)
- 17 Ala Teit, enda er hann góðlegur (7)
- 19 Fitar samhljóða plagg ef það riðlast (5)
- 22 Rek hrygg Frónbúa til ræktarlegra bletta (9)
- 26 Mun fræg ráða við misserismat? (12)
- 28 Það sem helst er að kaldhæðnum (11)
- 29 Hinar yfirnáttúrulegu aflraunir (12)
- 32 Vegur ver og ver á vog (11)
- 33 Gróska á bakborða einkennir pólitíkusa (12)
- 34 Mylja mylsnu (5)
- 37 Blanda timbur milli stefja (7)
- 39 Klæðningar fylla raðir kúttara (8)
- 41 Temjum fisk með sköttum (6)
- 42 Með fyndnu og fáránlegu (10)
- 43 Ég hef farið eftir klukku en það tíðkast ekki lengur (5)
- 46 Veggjafur sá vellauðugi löngu hrúnið heimsveldi (9)
- 47 Grillar ljósmeiti fyrir gamlan dísilrokk (11)
- 48 Koli vill hvílast (4)

LÓÐRÉTT

- 1 Basl Connerys og landa hans með söfnunarlát (12)
- 2 Hugsar um eyri fyrir stóriðju (12)
- 3 Klár í kroppi, ekkert kynlegt við það (8)
- 4 Tek kúrsinn fyrir mótið (8)
- 5 Afbrigðaóféti finnur leið til klökkra (8)
- 6 Ekki beinlínis sett, en hirslur engu að síður (6)
- 7 Met mat lappa lítils vegna ótraustrar undirstöðu (9)
- 8 Kaffisull til að skólpa skip (9)
- 9 Kaggakaunin eru skjól þarfasta þjóns nútímamannsins (9)
- 10 Helligskúti félagi í Heimi og Hreimi (9)
- 16 Skýli í skvettu (13)
- 18 Sýti söng um sýt (9)
- 20 Forganga hét mitt fyrsta ljóð (9)
- 21 Fyrir utan allt annað sem ég á inni (7)
- 23 Vargsháttur hefur slæmar afleiðingar (8)
- 24 Kem upp á yfirborðið vegna hvelja sem ég sýp (7)
- 25 Hali geymir eðalmálm samkvæmt þýskum staðli (7)
- 27 Allar hafnanirnar komu frá einni ruglaðri manneskju (5)
- 30 Byggi borð milli þils og súðar (9)
- 31 Ýsuhæið minnir á þykjustuþorskinn (9)
- 34 Lastar brenglun sjávar og svipaðra laga (6)
- 35 Sá sem veit hvar stinga skal er alltaf á réttum nótum (6)
- 36 Þetta eru varnarlús börn, sýnið þeim samúð (6)
- 38 Kraft nú keyr úr hófi þú, svo klára ég (5)
- 39 Um leið og þeir sem hjóta (5)
- 40 Hinir ástsælu Spaðar og Páll Óskar, er það ekki eitthvað? (5)
- 44 Gangur hægur, góður samt og giska réttur/fóta okkar ferð og kraftur/fylgir rokki æ og aftur (3)
- 45 Me eða mú, hann getur samt ekki flogið (3)




Lausnarorð síðustu viku var **NEYSLUVIÐMIÐ**



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Freyja Dís sem vildi BARA dansa og dansa eftir Birgittu Sif. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurbjörn Guðmundsson, 105 Reykjavík.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist afar mikilvægur hluti mannlegrar tilveru. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 5. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1. nóvember“.

Iðnaðarhúsnæði til leigu



Óskum eftir leigjanda að um 200 fermetra iðnaðarhúsnæði að Malarhöfða 2.

- Tvær rennihurðir eru að húsnæðinu, sem eru 4.22 á hæð og 4.20 á breidd.
- Húsnæðið er laust.
- Leigutími samkomulag en að lágmarki til 31. maí 2016.
- Verð 290 þúsund á mánuði.

Áhugasamir hafi samband við Viktor í síma 696-9420 eða sendist til Fréttablaðsins á netfangið: box@frett.is merkt „Malarhöfði“

Vertu tilbúin fyrir.....

SUMARIÐ 2015

Við kynnum 2015 árgerðina af hjólhýsum frá Hobby og Adria

Pantaðu vagninn núna og hafðu hann eftir þínu höfði.

Komdu og upplifðu framtíðina í hjólhýsum og byrjaðu að hlakka til næsta sumars.

Að sjálfsgöðu tökum við gamla vagninn upp í nýjan.


Opið laugardag og sunnudag
frá klukkan 12 til 16.



★★★★★
GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ

Hobby



 **ADRIA**


VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

+

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
PÉTUR RAGNAR ENOKSSON
 Efstahrauni 10, Grindavík,
 lést á heimili sínu mánudaginn 13. október.
 Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum sýndan samhug.



Birgitta Þ. Pétursdóttir
Róbert Kr. Pétursson
 barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján F. Rósinkransson
Hildur Bender

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru og yndislegu
INGIBJARGAR ÓSKAR
 ÓSKARSÓTTUR
 Skipasundi 46, Reykjavík.



Hörður Smári Hákonarson
Anna María Gestsdóttir
Óskar G. Gunnarsson
Haraldur R. Gunnarsson
 systkini, barnabörn og barnabarnabörn.

Ellert Hlíðberg
Sjöfn Magnúsdóttir
Ragna Ársælsdóttir

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður míns, tengdafaður, afa og langafa,
GUÐMUNDAR R. KARLSSONAR
 Sólheimum 25, Reykjavík.



Erna Þ. Guðmundsdóttir
Steinunn Gunnlaugsdóttir
Hjalti Gunnlaugsson
Gunnar Karl Gunnlaugsson
 og barnabarnabörn.

Gunnlaugur Guðjónsson
Ragnar Lövdahl

+

Hugheilar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð, vináttu og stuðning við andlát og útför ástkærrar eigin konu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
DÓRU ERNU ÁSBJÖRNSDÓTTUR
 Borgartanga 3, Mosfellsbæ.



Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Heimahlýnningar og líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

Sigurgeir Ingimarsson
Ásbjörn Sigurgeirsson
Gústav M. Ásbjörnsson
 og synir
Dóra Erna Ásbjörnsdóttir og sonur
Birna Kristín Ásbjörnsdóttir
Erna Óðinsdóttir
 og börn
Ása Óðinsdóttir
 og börn
Geir Ísak Ásengen Óðinsson
Bente Ingela Ásengen

Kristín Siemsen
Guðný Indriðadóttir
Helgi Kjartansson
Eypór Arnason

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
 Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
 Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Allhiða útfararþjónusta
 Símar: 567 9110 & 893 8638
 www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
 Stofnað 1990

PETTA GERÐIST: 1. NÓVEMBER 2014

Veðurathuganir hófust á Íslandi

Árni Thorlacius, kaupmannssonur frá Bíldudal, hóf veðurathuganir í Stykkishólmi þennan dag. Þær hafa staðið samfelld síðan og er saga þeirra þekkt sem ein áreiðanlegasta heimild sem til er um langtímamælingar veðurfaras með vísindalegum hætti.

Alexander Buchan, forseti skoska veðurfræðifélagsins og fremsti veðurfræðingur Breta, birti árið 1869 töflur sem Árni hafði reiknað og samið fyrir hann um athuganir sínar í Stykkishólmi. Buchan telur þær hinar merkustu, einkum vegna þeirrar alúðar og vandvirkni sem Árni hafði lagt við þetta starf. Árni hafði þremur árum áður fengið mælitæki til að prófa mæla sína svo athugana-röðin var orðin óvenjulega löng miðað við það sem þá gerðist. Petta álit Buchans á mælingum Árna hefur síðan fengið alþjóðlega staðfestingu.



FORSTÖÐUKONAN „Við erum með Vökudaga hér á Skaganum alla vikuna og því eru stöðugir viðburðir í bænum,“ segir Halldóra.

Börnín fá að hafa hátt

Bókasafn Akraness er 150 ára um þessar mundir og búið er að setja þar upp sögusýningu. Í dag verður afmælisfagnaður fyrir krakka sem hefur fengið titilinn Fjör og læti.

„Sýning frá löngu og farsælu starfi safnsins er komin upp en við opnum hana formlega 6. nóvember og þá verður afmælisdagskrá um kvöldið,“ segir Halldóra Jónsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Akraness. Safnið rekur upphaf sitt til stofnunar Lestrarfélags á Akranesi 6. nóvember 1864 og er því 150 ára þann mánadardag í ár. „En við erum með Vökudaga hér á Skaganum alla vikuna og því eru stöðugir viðburðir í bænum,“ segir Halldóra. Af þeim sem eru á safninu nefnir hún afmælishátíð fyrir krakka í dag milli klukkan 11 og 14. „Viðburðurinn heitir Fjör og læti, við erum búin að útbúa samkvæmisleiki fyrir börnin og leyfum þeim að hafa hátt á safninu, aldrei þessu vant.“

Á mánudaginn verður bókmennta-kvöld sem Sigurbjörg Þrastardóttir stýrir. „Rithöfundarnir tengjast allir Skaganum,“ segir Halldóra. „Þeir eru Orri Harðarson, sem er uppalinn hér, Kristín Steinsdóttir, sem bjó hér í mörg ár, og Ari Jóhannesson lækni, sem er búsettur hér. Sigurbjörg ætlar líka að

lesa úr nýttkominni ljóðabók sinni og svo er Þorgrímur Þráinsson með nýja unglingsbók, hann er jú Vestlendingur.“

Halldóra segir nokkrar konur hafa setið sveittar undanfarið við að hekla dúllur sem eiga að verða 150 og mynda listaverk á safninu. „Dúllustundin er á þriðjudag,“ segir hún. „Þá fáum við líka þrjónagraffara í heimsókn sem opnar örugglega nýjar víddir fyrir handavinnufólk.“

Fyrst var safnið á Görðum. Það helg-adist af því að þar var guðshús Skaganna og íbúarnir náðu sér í bækur um leið og þeir sóttu kirkju, að sögn Halldóru. En hvað skyldi bera hæst á sögusýningunni? „Í heiðursessi eru fyrstu lög og útlánareglur lestrarfélagsins. Allir bókatitlar voru skrifadír á blað og síðan var merkt við hverjir tóku. Hverjar voru vinsælastar? Það voru Íslendingasögurnar og rímur, Skugga-Sveinn, Þúsund og ein nótt, Sögur herlæknisins og bækur Jóns Thoroddsen, Piltur og stúlka og Maður og kona. Það var ekki mikið



DÚLLUR Listaverk úr hekludum dúllum er að verða til, afmælisbarninu til heiðurs.

úrval af skemmtisögum til en þessar bækur voru meira teknar en guðfræði- og garðyrkjuritin.“

Halldóra segir safnið hafa brunnid að miklu leyti árið 1946 en tveimur árum síðar hafi einkasafn Guðmundar G. Hagalín verið keypt. „Það er stofninn að því safni sem hér er í dag,“ segir hún.

Sýningin í Bókasafni Akraness stendur út árið og er opin á afgreiðslutíma safnsins. gun@frettabladid.is

+

Elsku frændi og mágur,
GUÐMUNDUR ÞÓRÐARSON
 lést miðvikudaginn 22. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samhúð og hlýhug.



Ísak Runólfsson
Helga Runólfssdóttir
Jóhanna Runólfssdóttir
Sigurveig Runólfssdóttir
Runólfur Ísaksson
 og fjölskyldur.

+

Ástkær bróðir minn, mágur og móðurbróðir,
HARALDUR SIGURBERGSSON
 lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 27. október. Útför fer fram frá Fossvogskapelli mánudaginn 3. nóvember kl. 13.00.



Anna Guðný Sigurbjörgsdóttir, Tómas Simonarson, börn og barnabörn.
Ólafur H. Ólafsson, Hilmar Skúli Ólafsson, Valur Jóhann Ólafsson og Ingigerður Bjargmundsdóttir, börn og barnabörn.

RINGO GÆÐA



INNIHURÐIR Á GÓÐU VERÐI



Í NÓVEMBER BJÓÐUM VIÐ VÖNDUÐU RINGO INNIHURÐIRNAR Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI.

Í glæsilegum sýningarsal okkar að Ármúla 8 getur þú séð yfir 40 tegundir af ringo innihurðum. Okkar reyndu sölumenn veita þér faglega aðstoð við val og frágang.

Verð dæmi: Hvít ringo innihurð með karmi aðeins kr. 31.990.-

Ljúktu upp og þér opnast nýr heimur...

Birgisson



TÓNLISTARFÓLK Hallveig Rúnarsdóttir og Kári Þormar verða í stórum hlutverkum á tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Góð og gild ástæða fyrir vinsældunum

Dómkórinn flytur Sálumessu Ópus 48 eftir Fauré í Neskirkju annað kvöld við undirleik Lenka Mátéová. Kári Þormar stjórnar.

Requiem/Sálumessa Ópus 48 eftir Fauré er óskaplega fallegt verk og mikið flutt. Það er góð og gild ástæða fyrir vinsældum þess og það heyrir fólk þegar það leggur við hlustir,“ segir Kári Þormar dórmorganisti. Tilefnið er tónleikar Dómkórsins klukkan 20 annað kvöld í Neskirkju þar sem Sálumessan verður flutt í orgelútgáfunni. Lenka Mátéová leikur á orgelið en Kári ætlar að stjórna herlegheitunum. „Við erum með tvo frábæra einsöngvara, Hallveigu Rúnarsdóttur sem flestir þekkja og Fjölmi Ólafsson sem er vel ættaður, sonur Ólafs Kjartans, afinn er Diddi fiðla og langafinn Jón bassi, svo syngur hann vel í þokkabót!“

Það var eiginlega óvænt að Kári skyldi svara símanum á miðjum degi í gær. Hann hlær þegar haft er orð á því. „Maður er týpískur organisti. Til að ná prófi í því fagi þarf maður að geta keyrt bíl, talað í síma, borðað pulsu með öllu og bundið bindishmút á lokamínútum fyrir athafnir!“ -gun



SKÁLD OG SKÁKÁHUGAMAÐUR „Skák var eitt aðal áhugamál og tómstundagaman Einars Ben. Það kemur fram í endurminningum konu hans,“ segir Hrafn Jökulsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sterkustu skákmenn landsins mæta til leiks

Afmælimót Einars Benediktssonar skálds verður haldið á veitingastaðnum Einari Ben í dag klukkan 14. Meðal keppenda verða margir að bestu skákmönnum Íslands.

„Einar Benediktsson sendiherra mun leika fyrsta leikinn á afmælimóti Einars Ben á veitingahúsinu Einari Ben við Ingólfstorg. Þetta er svona þrenna,“ segir Hrafn Jökulsson, formaður Taflfélagsins Hróksins. Þar á hann við skákmót sem haldið er í dag, laugar- dag klukkan 14 í tilefni 150 ára afmælis skáldsins Einars Ben.

Hrafn segir Einar hafa verið ástríðufullan skákmann. „Skák var eitt aðal áhugamál og tómstundagaman Einars. Það kemur fram í endurminningum konu hans. Hann tefldi mikið og var meðal stofnenda Taflfélags Reykjavíkur sem er elsta og virðulegasta taflfélag á landinu og stendur að afmælimótinu ásamt okkur í Hróknum.“

Hrafn segir Einar hafa tekið þátt

í fyrsta opinbera skákviðburðinum á Íslandi sem sögur fara af. „Hann tefldi sýningarskák á þjóðhátíð í Reykjavík 1901 með lifandi taflmönnum gegn Pétri Zóphóníassyni sem var besti skákmaður landsins á þeim tíma. Þeirri skák lauk með jafntefli,“ segir Hrafn. „Einar tefldi að staðaldri við bestu skákmenn á Íslandi og hefur örugglega ekki þolað að sitja alltaf og tapa. Það var ekki í hans anda.“

Við setningu mótsins í dag klukkan 14 mun Guðmundur Andri Thorsson rit höfundur flytja afmælisræðu um Einar. Margir meistara eru skráðir til leiks, meðal annars Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslands og fyrrverandi forseti FIDE. Einnig stórmeistararnir Jóhann Hjartarson, Jón L. Árnason, Þröstur Þórhallsson og Hjörvar Steinn

→ Væringjar

Vort heimslíf er tafl fyrir glöggeygjan gest þar sem gæfan er ráðin ef leikurinn sést.

Einar Ben

Grétarsson og alþjóðlegu meistararnir Björn Þorfinnsson og Jón Viktor Gunnarsson. Alls verða keppendur 40 og í þeim hópi eru mörg efnilegustu börn og ungmenni landsins í þróttinni.

Veitingahúsið Einar Ben gefur veglega vinninga, meðal annars bækur með ljóðum þjóðskáldsins. Áhorfendur eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

gun@frettabladid.is

Stefnum öll að stóru marki

Ungir einsöngvarar ætla að láta raddir sínar hljóma í Langholtskirkju á morgun, sunnudag og flytja verk eftir Bizet, Strauss, Mozart, Weber og Gluck.

„Við erum öll á lokastigi söngnáms í Söngskólanum í Reykjavík og Söngskóla Sigurðar Demetz og erum í kór Langholtskirkju en höfum aldrei sungið einsöng á sömu tónleikum,“ segir Anna Guðrún Jónsdóttir um einsöngvarahópinn, sem kemur fram í Langholtskirkju á morgun klukkan 17. Hún segir um fjölbreytta dagskrá að ræða.

„Við syngjum meðal annars verk eftir Bizet, Strauss, Mozart, Weber og Gluck,“ segir Anna Guðrún og kveðst sjálf vera með þrjú atriði, tvö úr Orfeusi og Evridísi eftir Gluck og eitt úr Così Fan Tutte eftir Mozart.

Aðspurð segir Anna Guðrún verkfall tónlistarkennara vissulega koma illa við hópinn. „Við erum að missa niður marga tíma bæði í kennslu og undirleik og eins í bóklegum fögum. „Það er bagalegt því við stefnum öll að stóru marki innan tíðar og erum byrjuð að skipuleggja nám í framhaldinu.“ -gun



UNGU EINSÖNGVARARNIR Árný Björk Björnsdóttir, Silja Elsbet Brynjarsdóttir, Gyrðir Viktorsson, Sigríður Ásta Olgeirsdóttir, Davíð Ólafsson, Solveig Óskarsdóttir og Anna Guðrún Jónsdóttir.



Ástkær móðir okkar,

HALLA LÍNBERG KRISTJÁNSDÓTTIR
frá Brúarlandi, Skagafirði,

lést að morgni 29. nóvember í faðmi fjölskyldu sinnar á Landspítalanum við Hringbraut. Minningarathöfn verður haldin í Fossvogskapelli þriðjudaginn 4. nóvember kl. 15.00. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Börn hinnar látnu.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁGÚSTA KRISTÍN ÁRNADÓTTIR
til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Grundarfirði,

lést á bæklunardeild Landspítalans í Fossvogi síðastliðinn mánudag.

Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 5. nóvember næstkomandi klukkan 13.00.

Árni Emilsson
Ágústa Hrund Emilsdóttir
Emil Emilsson

Þórunn Sigurðardóttir
Árni Þórólfsson
Sigríður Erla Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,

GUÐMUNDUR JÓN JÓHANSSON
Kristnibraut 49,

verður jarðsungið frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 4. nóvember klukkan 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Einstök börn, styrktarreiðingur 513-14-1012, kt. 570797-2639.

Bryndís Z. Magnúsdóttir
Sigríður Jóhanna Guðmundsdóttir

Jón Pétursson
Sigurður Emil Ólafsson

Sigurlína Guðmundsdóttir
Guðmundur Þröstur Guðmundsson

Jean Antoine Posocco
Björg Ólafsdóttir

María Guðmundsdóttir

Rafn Yngvi Rafnsson

Júlíus Helgi Sigmundsson

Birna Ágústsdóttir

Kristjana Sigmundsdóttir

Hjálmar Steinn Pálsson

Jóhanna Árný Sigmundsdóttir

Magnús Norðdahl

afabörn, langafabörn og langlangafabarn.





RAFVÖRU MARKAÐURINN


LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN VIÐ FELLSMÚLA

RAFLAGNAEFNI Í MIKLU ÚRVALI



VERÐ FRÁ
495KR

UTANÁLIGGJANDI ROFA & TENGLAR



VERÐ FRÁ
995KR

RAKAÞOLNIR ROFAR & TENGLAR



VERÐ FRÁ
2.295KR

HREYFISKYNJARAR



VERÐ
9.995KR


LJÓSSKYNJARAR



VERÐ FRÁ
495KR

INNLAGNAEFNI ROFAR & TENGLAR

INNLAGNAEFNI 4 LITIR - PASSAR Í TICINO DÓSIR



LÁGVÖRUVERÐ! KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.




6.995KR

11.350KR



7.965KR

GREINAKASSAR & TÖFLUR



RÖR, LAGNARENNUR & BARKAR



BEYGJUR, HÓLKAR & DÓSIR



VERÐ FRÁ
1.295KR

NEOSET VARROFAR 1,2 & 3 PÓLA



VERÐ FRÁ
495KR

SJÁLFVÖR 1 PÓLA



VÍR & KAPLAR



VERÐ FRÁ
699KR

IDNAÐARTENGLAR & KLÆR

VERÐ
2.975KR



LEKASTRAUMSROFAR 2 PÓLA

VERÐ
4.950KR



VERÐ FRÁ
1.398KR

SJÁLFVÖR 2 PÓLA



RAFVÖRU MARKAÐURINN
Fellsmúli • 108 Reykjavík • S:585-2888

Opunartímar
Mánudagar - Föstudagar: 9-18
Laugardagar: 10-16
Sunnudagar: 12-16

AFMÆLISTILBOÐ Í ELKO Á GRANDA!

FJÖLDI GLÆSILEGRA AFMÆLISTILBODA DAGANA 30. OKTÓBER - 2. NÓVEMBER.
AÐEINS Í VERSLUN ELKO Á GRANDA

4 ÁR 4

28% afsláttur

40 stk.

Verð áður: 89.995

64.995

eða 5.946 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
afis 11.950 kr. - ÁMK 17,3%

A++ | **7** | **1400**
Orkuflokkur | Kg | Snúninga

SAMSUNG
ÞVOTTAVÉL
WF70F5E0Z4W

31% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 12.995

8.995

MATSUI
ÖRBYLGJUOFN
SMW17

17 | 700 w

24% afsláttur

100 stk. í lit

Verð áður: 28.995

21.995

SAMSUNG
GALAXY ACE STYLE
SAMG310GREY/SAMG310VWH

38% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 39.995

24.995

JVC
SOUNDBAR 2.1
THWL101B

Þráðlaust bassabox

Verð áður: 3.995

16 GB

2.495

Verð áður: 7.995

32 GB

4.495

Kingston
TECHNOLOGY
MINNISKORT
MBLY10G232GB/MBLY4G216GB

38% afsláttur

16GB

50 stk.

44% afsláttur

32GB

100 stk.

38% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 3.995

2.495

PHILIPS
PRÁÐLAUS SÍMI
D120

Virkar fyrir PS3 og PS4

Verð áður: 29.995

19.995

SONY
HEYRNARTÓL
PSSONYWH

33% afsláttur

30 stk.

35% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 11.995

7.795

DRIVECLUB

30% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 9.995

6.995

SLEEPING DOGS

30% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 9.995

6.995

ALIEN ISOLATION

35% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 1.995

1.295

TÖFRALANDIÐ OZ

52% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 2.495

1.195

RIO 2

52% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 2.495

1.195

HROSS Í OSS

80% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 5.195

995

CALL OF DUTY GHOSTS

80% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 4.995

995

BATTLEFIELD 4

30% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 6.595

4.595

ASSASSIN'S CREED 4

35% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 3.995

2.595

NASCAR 14

52% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 2.495

1.195

MR. PEABODY

52% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 2.495

1.195

HARRÝ OG HEIMIR

36% afsláttur

48"

50 stk.

Verð áður: 159.995

99.995

eða 8.965 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
áls 107.575 kr. - ÁHK 13,3%

TOSHIBA
48" LED SJÓNVARP
48L1453DN

21% afsláttur

50"

20 stk.

Verð áður: 239.995

189.995

eða 16.727 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
áls 200.725 kr. - ÁHK 9,8%

SAMSUNG
50" LED 3D SNJALLSJÓNVARP
UE50H6275XXE

35% afsláttur

60 stk.

Verð áður: 22.995

14.995

600 | VZ41FGALL
Witt | Ryksugupoki

BOSCH
RYKSUGA
BGL3A111

44% afsláttur

80 stk.

Verð áður: 5.995

3.335

BOSCH
BAÐVOG
PPW3300

35% afsláttur

50 stk.

Blu-ray
USB tengi

Verð áður: 19.995

12.995

SONY
BLU-RAY SPILARI
BDPS1200B

4. Á. R. A.

4. Á. R. A.

Verð áður: 13.995

7.995

43% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 11.995

7.995

33% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 8.995

4.495

Til í tveimur litum

jam
BLUETOOTH FERÐAHÁTALARI
HXP230BL/ HXP230WTE

36% afsláttur

40"

50 stk.

Verð áður: 109.995

69.995

eða 6.377 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
áls 76.525 kr. - ÁHK 10,5%

PHILIPS
40" LED SJÓNVARP
40PFT4009

600W
2l glerkanna

50 stk.

PHILIPS
BLANDARI
HR2170

SENNHEISER
HEYRNARTÓL
SEHD429

Bollar fylgja ekki

33% afsláttur

Verð áður: 14.995

9.995

100 stk.

PHILIPS
KAFFIVÉL
HD7810SVORT

50% afsláttur

Verð áður: 6.995

3.495

300W

100 stk.

BOSCH
TÖFRASPROTI
MSM6B300

25% afsláttur

27"

40 stk.

Verð áður: 39.995

29.995

AOC
TÖLVUSKJÁR
AOCE2770SH-E

40% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 4.995

2.995

